FORNLEIFAR Í SKAFTAFELLI



BIRNA LÁRUSDÓTTIR OG ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

REYKJAVÍK 2014

FS532-12031

VINIR VATNAJÖKULS
STYRKTU ÞETTA VERKEFNI
www.vinirvatnajökuls.is

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

Forsíðumynd er af fjárhúsum í Gömlutúnum, sjá SF-088:014. Sjá einnig myndir af sömu tóft á bls. 165.

©2014

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033
FAX: 551 1047
NETFANG: fsi@instarch.is
www.instarch.is

Efnisyfirlit

I. Inngangur 5

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf 7

III. Skráningaraðferðir 9

IV. Fornleifaskrá í þjóðgarðinum í Skaftafelli 11


V. Ágrip af byggðasögu 162

VI. Helstu niðurstöður 164

Heimildaskrá 172

VIÐAUKI:MINJAKORT 175

I. Inngangur



Staðsetning Skaftafells sýnd með rauðum kassa.
Gervihnattamynd fengin á heimasíðu Landmælinga Íslands

Skaftafell er ein þekktasta náttúruperla landsins. Jörðin á sér langa og merka sögu en á síðari hluta 20. aldar var búskap hætt og þjóðgarður stofnaður á hluta jarðarinnar árið 1967. Árið 2008 varð þjóðgarðurinn hluti af hinum nýstofnaða Vatnajökulsþjóðgarði. Frá 1980 hefur fjöldi ferðamanna sem heimsækir Skaftafell ár hvert margfaldast og heimsækja nú vel á þriðja hundrað þúsund gestir þjóðgarðinn árlega. Það er eitt af helstu markmiðum með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs að vernda og veita fræðslu um menningarminjar, ekki síður en náttúru. Þrátt fyrir þetta hafði ekki verið unnin heildstæð fornleifaskráning í Skaftafelli áður en skýrsluhöfundar skráðu þar minjar haustið 2012 – og á það reyndar við um margar aðra hluta Vatnajökulsþjóðgarðs. Ljóst er að mýmörg tækifæri leynast á svæðinu til að kynna sögu og minjar. Ein helsta niðurstaða skráningarinnar er þessi: Birkiskógur er í gríðarlegum vexti í Skaftafelli og ef ekkert verður að gert mun hann færa tóftir og búsetulandslag á kaf, sennilega innan nokkurra áratuga.

Hluti af orsökinni er hlýnandi veðurfar en ýmislegt annað spilar þar hlutverk, til dæmis sú staðreynd að búskapur lagðist af í Skaftafelli undir lok 20. aldar og var í kjölfarið hætt að beita úthaga og slá tún. Við fornleifaskráningu í þjóðgarðinum kom í ljós að í Skaftafelli leynast mjög margar fornleifar, eða rúmlega 160 og liggur hluti minjanna undir skemmdum sökum trjágróðurs eða átroðnings. Ljóst að það er mikilvægt að marka stefnu um menningarlandslag í þjóðgarðinum og gera áætlun um hvaða fornleifar er mikilvægast að verja frekari skemmdum og hvaða aðferðum er hægt að beita í því skyni. Sótt var um styrk til að hefja slíka þróunar- og hugmyndavinnu í kjölfar skráningar og í samvinnu við minja- og

þjóðgarðsyfirvöld, en ekki hefur tekist að afla styrkja til slíkrar framhaldsvinnu enn sem komið er.

Fornleifaskráning í Skaftafelli var unnin fyrir styrk frá Vinum Vatnajökuls og Fornleifasjóði. Margir lögðu verkefninu lið. Minjastofnun Íslands veitti góðfúslegt leyfi fyrir notkun óútgefinna gagna sem starfsmenn hennar höfðu safnað um valdar minjar í þjóðgarðinum og jafnframt að grunnmælingar þeirra tófta sem þeir höfðu mælt upp yrðu notaðar við úrvinnslu mynda. Þar sem slíkt var gert er þess ávallt getið. Ljósmyndadeild Þjóðminjasafns Íslands lét af hendi án endurgjalds fimm gamlar ljósmyndir sem birtar eru í skýrslunni og er mikill fengur að þeim. Fjölmargir veittu mikilvægar upplýsingar um fornleifar í þjóðgarðinum. Er þar helst að nefna Önnu Maríu Ragnarsdóttur og Laufeyju Lárusdóttur, fyrrum ábúendur í Hæðum, og þá Bjarna, Heiðar og Þorstein Jakobssyni, sem ólust upp í Bölta. Auk þeirra veitti Ragnar Frank Kristjánsson, fyrrverandi þjóðgarðsvörður, ýmsar gagnlegar upplýsingar. Kunna skýrsluhöfundar öllu þessu fólki bestu þakkir fyrir aðstoðina. Auk almennra upplýsinga veitti Bjarni Jakobsson frá Bölta einnig aðgang að hnitsetningum á nokkrum vel földum minjastöðum í og við Morsárdal og eru honum færðar bestu þakkir fyrir það. Mjöll Snæsdóttir, fornleifafræðingur, sagði skýrsluhöfundum frá ferð sem farin var árið 1985 í Bæjarstaðaskóg ásamt Ragnari Stefánssyni í þeim tilgangi að skoða sérstæða tóft (sjá 061). Í framhaldinu tókst að hafa uppi á gögnum úr leiðangrinum, en Inga Sóley Kristjönudóttir, minjavörður Austurlands, aðstoðaði við leitina. Síðast en ekki síst ber að þakka þeim Regínu Hreinsdóttur þjóðgarðsverði og Guðmundi Ögmundssyni aðstoðarmanni hennar fyrir margvíslega aðstoð og áhuga. Þau stóðu við bakið á verkefninu og útveguðu m.a. húsnæði á meðan vettvangsrannsókn stóð og aðgang að loftmyndum af svæðinu sem fengnar voru frá Loftmyndum ehf.

Fornleifaskráning í þjóðgarðinum í Skaftafelli var gerð af fornleifafræðingunum Birnu Lárusdóttur og Elínu Ósk Hreiðarsdóttur og sáu þær um alla úrvinnslu og skýrsluskrif, uppsetningu og kortagerð. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Elínu eða Birnu nema annað sé tekið fram.

II. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein þjóðminjalaga (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til

sjávar og sveita,
d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.


Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

III. Skráningaraðferðir

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SÞ-220:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar: auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti minjastaðar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 5 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

IV. Fornleifaskrá í þjóðgarðinum í Skaftafelli

SF-088 Skaptafell

1709: Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Skaftafell. Kóngsjörð. Landsk. eftir jarðabók 1697, 1 1/2c. Jarðardýrleiki xijc." JÁM XIII, 437.

1847: 12 hdr. Bændaeign. JJ, 6.

Skaftafell er nefnt í Brennu-Njálssögu. Þar segir m.a.: "Flosi [Þórðarson Freysgoða] mælti til Hoskulds [Þráinsson Hvítanesgoði]: "Þat segir Hildigunnur mér, at fáleikar sé miklir með yðr Njálssonum, ok þykki mér þat illa, ok vil ek bjóða þér, at þú ríðir eigi vestr, ok mun ek fá þér bústað í Skaptafelli, [...]." ÍF XII, 278-279.

[**1343**]: "Máldagi Klemenskirkju að Hofi í Héraði (Öræfum) [...]. Clemenskirkia ad hofi j hieradi a heimaland halft med ollum gognum oc giædum. skaptafell halft. sandhofda halfan. svinanes halft. suinafell halft." DI II, 774.

[**1387**]: "Máldagi Klemenskirkju á Hofi í Öræfum, [...]. Þessar ä kirkian jarder. Fiall med ixc. fioru. halft Skaptafell. Suinanes halft. og helming allra þeirra fiarna sem liggia til Jokulfells." DI III, 400-401.

[**22. og 23. júní 1482**]: "Þesse adur greindur herra broder Magnus [biskup í Skálholti] giordi þessi umskipti við kirkiuna ad Hofi med handsoludu samþycki Magnusar bonda Gunnarssonar. sem þä var eigandi ad Hofi. Fyrer halft Skaptafell fieck hann til eignar klrkiunni ad Hofi halft Svinafiall." DI VI, 443.

[5. maí 1483]: "Magnús biskup í Skálholti geldr klaustrinu í Kirkjubæ jarðirnar Skaptafell í Öræfum og Haukafell í Hornafirði [...]." DI VI, 482.

[**1491-1518**]: "Máldagi Hofskirkju í Öræfum. [...] Hof j oræfum. Kirkia sancti clementes pape martyris a hofe a halft heimaland at fornu. oc nu þat at auki er magret þorhallzdotter lagdi kirkiunne þar uppi heimalndit fyrir halft skaptafellid er hun kirkian atti til forna. enn greind margret selldi burt." DI VII, 36-37.

25. ágúst 1541: Gissur biskup Einarsson skrifar bréf í Skaftafelli til Ásgíms Ásgrímssonar varðandi sölu á jörðinni Horni í Hornafirði. DI X, 656.

[1839]: Í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu segir: "Skaftafell, 12 hndr. að dýrleika, er norðasti bær í Sandfellssókn, [...] sauðfjárjörð allgóð, en heyskaparlaus að kalla nema túnið; [...]."Í Sýslu og sóknalýsingum segir svo almennt um Sandfells- og Hofssóknir í Öræfum: "Öngvar selstöður eru hér tíðka[ðar]. [...] Flestir bæir eru hér álíka

byggðir, [...]. Rekaviður er brúkaður til allra bygginga. [...] Sauðfjár- og kúabú hafamenn hér helst. [...] Á fáum bæjum eru færikvíar hafðar, og kýr liggja úti á sumrum, meðan heitast er, ekki eru hestar traðaðir; hér eru bæði borgir og fjárhús haft. [...] Túngarðar eru í kringum mjög fáa bæi; tún víðast slétt. [...] Kál og jarðepli er hér ræktað, þó með misjafnri heppni, því jarðvegur er bæði grýttur og vikurblandinn. [...] Til eldsneytis er kúamykja alls staðar hér brúkuð." SSS, 150-152.

Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar segir: "Upprekstur á jörðin í Freysneslandi, þar sem heitir Hafrafell. Er nú óbrúkandi, því allt er komið í jökul." JÁM XIII, 437.

Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Undirlendi er að heita má ógróið nema vestan Skeiðarár, en fjalla og heiðalönd víðlend og vel gróin, en nokkuð erfið til smölunar. [...] Í nefndaráliti frá 11. maí 1849 segir: "Skaftafell, bændaeign. Túnið er heldur stórt en snöggt, fóðrar 3 kýr, engjar eru engar og sáralitlar slægjur í bithaga. Hagar eru víðlendir en [erfiðir]. Jörðin álízt að geta framfleytt 2 kúm og 150 fjár. Fjörur fylgja miklar en [ærið] örðugar. Skógur er hér töluverður. Jörðin er á allan hátt örðug, en [upprekstur] mætti vera hér á sumrum fyrir 80 fjár." Við þetta hefði mátt bæta: Hellutak sæmilegt, en langsótt. Torfrista léleg. Selveiði talsverð, bæði að vori og hausti, en erfið." BAS III, 80, 82-83.

[1967]"Nú er Skaftafell þjóðgarður. Það var selt ríkinu 13. maí 1966 en formleg afhending fór fram 15. september 1967." BAS III, 84.

SF-088:001 *Skaptafell (elsta bæjarstæði)* bæjarhóll bústaður

Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Á fyrri öldum var einbýli í Skaftafelli, og virðist það hafa haldizt til 1830. Var bærinn [sjá 002] austast við eystra gilið, og var allhátt upp að honum árið 1814, eftir sögn Hendersons, en nú hefur Skeiðará að mestu tekið tætturnar af þeim bæ [...]. Varla þarf þó að efa, að það hefur ekki verið hið upprunalega bæjarstæði. Hefur bærinn eflaust upphaflega staðið neðan við brekkuna, en verið færður, þegar Skeiðará tók að bera undir sig, en fyrir því eru engar heimildir kunnar". Í grein eftir Gísla Gestsson í Árbók fornleifafélagsins 1979 segir: "Svo er sagt að á fyrri öldum hafi bærinn í Skaftafelli staðið niðri á jafnsléttu, en þegar fyrst er vitað stóð hann steinsnar uppi í brekkunni [002]." Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Áður stóðu bæirnir á sléttlendinu undir heiðinni, en vegna ágangs Skeiðarár varð að flytja þá um 100 m. upp í brekkuna (250 m.y.s.). Nú eru þrír bæir í Skaftafelli: Austast Bölti [003], þá Sel [038] og efst og vestast Hæðir [021-022]." Ekkert er lengur vitað hvar elstu

bæjarstæði Skaftafells hafa verið en samkvæmt heimildum hafa þau verið fyrir neðan Gamlatún, þar sem árframburður hefur safnast og nú er slétta.
Skeiðará hefur borið gríðarlegan framburð yfir svæðið undir brekkunum í Skaftafelli. Hafi elstu bæjarrústirnar verið á þessum slóðum eru þær löngu horfnar/komnar á kaf í framburð.
Ekki er vitað hvar á sléttlendinu helst er að staðsetja Skaftafellsbæinn.
Heimildir:SSS, 150; ÁHÍF 1975, 100; ÁHÍF 1979, 95; ÁFÍ 1937, 10, 12; BAS III, 83-84; Skaftafell, 29, 30-34

SF-088:002 *Skaftafell (næstelsta bæjarstæði)* bæjarhóll bústaður 64°01.006N 16°58.732V


Í Sýslu- og sóknalýsingum Skaftafellssýslu frá 1839 segir: "Skaftafell, 12 hndr. að dýrleika, er norðasti bær í Sandfellssókn, [...]." Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Á fyrri öldum var einbýli í Skaftafelli, og virðist það hafa haldizt til 1830. Var bærinn austast við eystra gilið, og var allhátt upp að honum árið 1814, eftir sögn Hendersons, en nú hefur Skeiðará að mestu tekið tætturnar af þeim bæ. Varla þarf þó að efa, að það hefur ekki verið hið upprunalega bæjarstæði. Hefur bærinn eflaust upphaflega staðið neðan við brekkuna[sjá 001], en verið færður, þegar Skeiðará tók að bera undir sig, en fyrir því eru engar heimildir kunnar. [...] Ekki eru mér kunnugar áreiðanlegar heimildir um það, hvaða ár gamli bærinn í Skaftafelli var færður upp í Bölta [sjá 003], en eftir því sem næst


SF-088:002 síðustu leifar bæjarstæðis Skaftafells – horft til austurs

verður komizt, mun það hafa verið árið 1849. Eins og áður er sagt, mun hafa verið einbýli í Skaftafelli til ársins 1832, en þá eða árið eftir var jörðinni skipt í þrjá parta, og var hver um sig talinn 4 hundruð og 8 álnir."

Í grein eftir Þórð Tómasson í Árbók fornleifafélagsins 1975 segir: "Bjarni sonur hagleiksmannsins þjóðkunna, Jóns Einarssonar, bjó í Skaftafelli um aldamótin 1800. Var þá farið að þrengja að búsetu á gamla bæjarstæðinu sökum ágangs Skeiðarár. Í grein eftir Gísla Gestsson í Árbók fornleifafélagsins 1979 segir: "Svo er sagt að á fyrri öldum hafi bærinn í Skaftafelli staðið niðri á jafnsléttu [001], en þegar fyrst er vitað stóð hann steinsnar uppi í brekkunni [002]. Það var árið 1814 þegar Ebenezer Henderson kom þar, nú eru tóftir þessa bæjar að mestu horfnar, Skeiðará mun fyrst hafa grafið þær burt og síðan borið möl yfir staðinn svo að nú sjást aðeins litlar leifar af bakveggjum í brekkurótunum." Í örnefnaskrá segir: "Neðan við Bæjarsker eru gömul tún, þar eru leifar gamla bæjarins og túnsins á Skaftafelli." Gamli bærinn var þar sem nú er suðurjaðar Gömlutúna, í brekkurótum. Afar óljósar veggjaleifar má enn greina á dálítilli hæð. Ummerkin eru um 450 m suðaustan við Bölta 003, austan við Eystragil. Göngustígur er 10-20 m sunnan við veggjaleifarnar.

Gamli bærinn var í jaðri Gömlutúna og fast vestan við hann er dæld þar sem lækur gæti hafa runnið. Fast sunnar tekur við flati og malarframburður Skeiðarár. Frá vegg og að brekkurótum norðar eru 5-10 m en vestar ná brekkurætur lengra til suðurs



Leifar tóftar SF-088:002. Teikning byggð á frumgögnum frá Minjastofnun Íslands.

og eru í línu við leifar bæjarins. Mikill trjágróður er sunnan í rústunum. Til suðurs frá hólnum eru 3-4 metrar. Sjálfar veggjaleifarnar eru grónar grasi og hvönn en birki- og víðiplöntur þrengja víða að rústunum.

Í bókinni Skaftafell segir einnig: "Í Skaftafelli hefur verið mikill og vel húsaður bær og jafnan reki nægur til að halda við húsum. Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson komu að Skaftafelli 1756 og segja umhverfi bæjarins "hið fegursta, alvaxið jurtum, birki, víði og reynivið." Þeir greina frá því að ævaforn hús séu í Skaftafelli og Svínafelli og sagt að þau séu frá 11. öld. Á það bera þeir þó brigður, þótt húsin séu stærri en venja er til og viðir þeirra úr hinu gamla rauðgreni. Ætla þeir að bær þessir hafi verið endurreistir sennilega oftar en einu sinni. Svo vel vill til að varðveitt er ein úttekt jarðahúsa bæjarins í gamla Skaftafelli, gerð eftir fráfall Bjarna Jónssonar í hendur ekkju hans, Guðnýju Þorsteindóttir, 20. maí, 1834. Úttektina framkvæmdu þeir Ísleifur Ásgrímsson og Jón Árnason bóndi á Fagurhólsmýri. Er hún á þessa leið: 1. Skálahús, 4 stafgólf, 1 1/2 faðmur á vídd og 5 álnir á hæð, 3 bitar, 3 sperrur og 3 stoðir, með hvorri hlið sylla og langbönd í 3 stafgólfum enn í eitt vatnar syllur. Álíst vel stæðilegt að veggjum og viðum. Þil er fyrir ofan bita og neðan, með hurð í járnum í góðu standi. Húsinu fylgja 4. rúm. 2. Búrhús, 2 rúmgóð stafgólf, í sama formi og skálinn, með 3 bitum, langböndum og syllum, þili undir og yfir bita, hurð á járnum. Húsið vel stæðilegt. 3. Bæjardyrnar, 7 al. á lengd, 4 á vídd, 6 á hæð, með 3 bitum. 3 sperrum, 2 langböndum og syllu með hvörri hlið, 6 stöfum og þili fyrir ofan og neðan bita, samt hurð á járnum. Reisifjöl er á þesu húsi með fornu lopti. Húsið er allt í forsvaranlegu standi. 4. Eldhúsið, 3 1/2 stafgólf, 4 al. á vídd, eins á hæð, með 4 bitum og stoðum undir. Með vöglum fyrir ofan bita. 1 langband á hvörri hlið. Þilið og hurðin framan fyrir er lítilfjörlegt. Ofan á það er lagt 48 skildingar. Að öðru er húsið stæðilegt að veggjum og viðum. 5. Fjósið, 5 stafgólf á lengd, með forsvaranlegri vídd og hæð, 6 stoðum og einlægum langböndum, 4 bitum, 2 sperrum, hurð á járnum. Ofan við fornan raftvið og hellu á húsið er metið 8 rd. 6. Heyhlaða, 5 stafgólf, rúmgóð bæði að vídd og lengd, vel stæðileg að veggjum og viðum, með hurð á járnum. Ofan á annan vegginn utanvert legst 2 rd. 7. Eitt hús í selinu, 4 stafgólf í sæmilegu standi að veggjum og viðum. Dyrnar þar fram af 1/2 stafgólf í sæmilegu standi að veggjum og viðum. Dyrnar þar fram af 1/2 stafgólf, er þils- og hurðarlaust. Ofanálag 1 rd. Kálgarður 1. 1 1/2 ásauðarkúgildi fylgir jörðinni. Ofanálag jarðarinnar 11 rd., 48 s. Oft er hér erfitt að átta sig á gömlum úttektum bæjarhúsa og víst geta verið hér ýmis vafaatriði. Bót í máli er að Jón Stefánsson í Skaftafelli man vel eftir nokkrum tóftum síðasta bæjarins í gamla Skaftafelli. Meir en

hálf öld var liðin frá ofantöku bæjarins, er Jón kom þar fyrst svo að rústum hans að hann festi þær í minni. Stór Skeiðarárhlaup höfðu brotið niður brekkur og bæjarrústirnar voru fremst á brotbakka, greinilega nokkuð skertar að austanverðu.. Vestast í rústabreiðunni var stór langhústóft með útgang á suðurhlið. Innan við dyrnar var stöpull, sem skipti tóftinni í tvo hluta. Þarna hljóta skáli og búr úttektarinnar frá 1834 að hafa verið undir einu þaki og með hlöðnum millivegg. Úttektin sker úr um það að þau tvö hús hafa verið jöfn á vídd og að risi. Bæjardyrahúss úttektarinnar sá engan stað, er Jón Stefánsson hugleiddi bæjarrústina með afa sínum, Jóni Einarssyni. Það hús hlýtur að hafa staðið fram af skálabyggingunni og verið tengt henni með dyrum og gangi á gaflveggi. Bæjardyrarústin hefur verið foreydd af Skeiðará um aldamótin 1900. [...] bæjardyragerð er [sýnd á ljósmynd] í Ferðabók Gaimard frá árinu 1836 og er frá Hnappavöllum í Öræfum. Syllur hafa verið felldar utan á stoðir í Skaftafellsskálanum og ætla má að bitahöfuð hafi verið grópuð ofan í stoðir og sperrutær hvílt þar ofan á, líkt og var t.d. í gamla Sólheimaskálanum í Mýrdal, sem elstu menn muna enn til. Sama uppgersla hefur verið á búri. Jón Stefánsson segir að austan við áðurnefnda langhústóft hafi verið djúpt sund að austan þess löng hlöðutóft, er sneru upp og fram. Norðurendi hennar er ekki enn með öllu horfinn. Austan við hlöðutóftina var stofutóft að sögn Jóns Einarssonar og brotið framan af henni. Sund var austan við stofutóftina og austan þess tóftir eftir þrjú lítil hús. Mun austasta húsið hafa verið útieldhús. Sást það af eldhúsösku, sem þar kom í ljós, er til var grafið. Hlaup Skeiðarár á þessari öld hafa afmáð framangreindar minjar." Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Bærinn í Skaftafelli stóð fram á 19. öld sunnan í heiðarsporðinum rétt austan við Eystragil, þar sem enn sjást litlar minjar langrar búsetu. Skeiðará og Skaftafellsá hafa verið mikilvirkar við að móta landið neðan við heiðina, hlaða þar upp og eyða gróðri. Stórtækust hafa Skeiðarárhlaupin verið við að færa landið í það horf, sem flæmdi byggðina upp í Bölta, Sel og Hæðir. [...] Skeiðará hefur að mestu brotið niður gamla bæjarstæðið. Enn sést þar til rústar af hlöðugafli og af einu bæjarhúsi. Hafa þau hús náð eitthvað lengra upp í brekkuna en hin húsin. Aftan við þessi tóftarbrot er nú votlendi, sem vart er gangandi um á skóm í rigningatíð." "Gömlutún eru bæjarrústir í skóglausri brekku, bæjarrústirnar eru þar niður við sand," segir í örnefnaskrá. Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Austan við bæjargilið eru ennþá greinilegar bæjarrústir, þar sem heita Gömlutún, í skóglausri valllendisbrekku. Var það um 1800, að síðasti bærinn var fluttur." Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 er merktur stakstæður túnskiki með útihúsum sem nefndur er Gömlutún (sjá 014). Í bók Þórðar

Tómassonar Skaftafell segir: "Neðst í heiðartungunni, austan við Eystragil, eru Gömlutún. Þar sem þau mæta Skeiðarársandi sjást enn litlar leifar af rústum gamla bæjarins í Skaftafelli." Fornleifavernd ríkisins mældi upp tóftina í kringum 2004 og í lýsingu þeirra á bæjarhólnum segir: "Leifar af gamla bæjarhólnum liggur í boga á um 16 m löngum kafla neðst í svokölluðu Gömlutúnum. Hæstur er hóllinn um 3 m. Skeiðará hefur brotið framan af hólnum, þvert á hann og sést nú aðeins bakveggurinn. Um 3-4 hólf eru greinileg í hólnum. Grjót er greinilegt í hleðslu. Hluti gólfs er framan í hólnum en birki og víðir vex í því. Um 4 m vestan bæjarhólsins er eins og skorinn hafi verið beinn kafli sem er um 11 m langur. Trjágróður vex framan við þetta barð. Kann að vera hluti af gamla bæjarstæðinu." Við lýsingu þess er lítið að bæta nema hvað rústirnar virðast enn hafa orðið óskýrari á þeim áratug sem nú er liðinn frá því að Fornleifaverndin skráði staðinn. Ljóst er að minjunum stafar margvísleg ógn, en þyngst vegur þó sjálfsagt gróður sem þrengir að henni, hylur hana og kann að skemma hleðslur og mannvistarlög sem þegar eru viðkvæm fyrir.

Hættumat: stórhætta, vegna trjágróðurs

Heimildir:SSS, 150; ÁHÍF 1975, 100; ÁHÍF 1979, 95; ÁFÍ 1937, 10, 12; BAS III, 83-84; Skaftafell, 29, 30-34; Ö-Skaftafell, 9, Ö-Skaftafell, 9, og Túnakort frá því um 1920, Skaftafell, 246, Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 6-7

SF-088:003 *Bölti* bæjarhóll bústaður 64°01.220N 16°59.051V



SF-088:003 Bölti, horft til vesturs

Í örnefnaskrá segir: "Skaftafell er landmikil jörð og mikil fjölbreytni í landslagi og gróðri, bæirnir standa framan í Skaftafellsheiði í snarbröttu túni. Þar voru lengi þrjú býli. Hæðir efst [021], heldur ofar en bærinn er nú hjá Ragnari, þar austar og aðeins neðar Sel [038] og Bölti neðstur. Nú er Sel í eyði." Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Þegar yfir Skeiðará kemur er örskammt upp að brekkufætinum á Skaftafelli. Þar er allt skógi vaxið og grasi vafið. Vegurinn liggur upp með fögru klettagili, sem Bæjargil heitir, með stórvöxnum reynitrjám. Á móts við hjallann, sem býlin standa á, er hár foss, sem Hundafoss heitir. Við erum komin að Skaftafelli í Öræfum. [...] Áður stóðu bæirnir á sléttlendinu undir heiðinni [001-002], en vegna ágangs Skeiðarár varð að flytja þá um 100 m upp í brekkuna (250 m.y.s.)," Í grein eftir Gísla Gestsson í Árbók fornleifafélagsins 1979 segir: "Svo er sagt að á fyrri öldum hafi bærinn í Skaftafelli staðið niðri á jafnsléttu [001], en þegar fyrst er vitað stóð hann steinsnar uppi í brekkunni [002].[...] Í Skaftafelli varð þríbýli og bæirnir standa í allt að 100 m hæð fyrir ofan sandinn, Bölti austast, Sel [038] spölkorni vestar og efst og vestast Hæðir [021 og 022]." Í grein eftir Þórð Tómasson í Árbók fornleifafélagsins 1975 segir: "Skaftafellsbýlin voru þrjú lengst af á 19. öld og framan af þessari öld [20. öld]. Býlin hétu Bölti, Sel og Hæðir. [...] Bjarni sonur hagleiksmannsins þjóðkunna, Jóns Einarssonar, bjó í Skaftafelli um aldamótin 1800 [sjá 002]. Var þá farið að þrengja að búsetu á gamla bæjarstæðinu sökum ágangs Skeiðarár. Sonur og tengdasonur Bjarna reistu býlin Sel og um 1830. Guðný Þorsteinsdóttir, ekkja Bjarna Jónssonar, bjó þá enn í gamla Skaftafelli [sjá 002]. Þorsteinn sonur hennar byggði svo upp bæinn í Bölta, [...]." Í viðbót við grein sína segir Þórður í Árbókinni 1979: "Um búsetu í Skaftafelli framan af 19. öld sem að var vikið í grein minni, ritar Sigurður á Kvískerjum þetta: "Bjarni Jónsson bjó frá 1798-1832. Jón sonur hans hóf búskap 1832 og er talið að hann hafi þá byggt í Selinu. Brynjólfur mágur hans ætlaði fyrst að byggja upp í Hæðunum en varð að hætta við það vegna heilsuleysis, en þegar hann hóf búskap í Skaftafelli 1833, reisti hann bæ beint upp af gamla bænum, og var sá bær ekki fluttur upp í Hæðir fyrr en 1864. Böltinn var byggður nokkru fyrr, eða eftir því sem næst verður komist um 1849-50."" Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Ekki eru mér kunnugar áreiðanlegar heimildir um það, hvaða ár gamli bærinn í Skaftafelli var færður upp í Bölta, en eftir því sem næst verður komizt, mun það hafa verið árið 1849. Eins og áður er sagt, mun hafa verið einbýli í Skaftafelli til ársins 1832, en þá eða árið eftir var jörðinni skipt í þrjá parta, og var hver um sig talinn 4 hundruð og 8 álnir." Bölti er auðfundinn, austastur allra bæja í Skaftafelli, tæpa 500 m ASA af Seli 038.

Í Skaftafelli Þórðar Tómassonar segir: "Bærinn Bölti stendur á svonefndum Austurbölta, skammt vestur frá Bæjargili." Lækur rennur vestan við bæjarstæðið.

Samkvæmt túnakorti Bölta frá því um 1920 var túnið í Bölta þá 4,3 teigar og sáðreitir voru 2225 m2. Samkvæmt túnakortinu voru þá stæðileg bæjarhús á bænum og virðast þau hafa samanstaðið af löngu húsi, væntanlega íbúðarhúsi, og fjórum burstum beggja vegna. Í ársskýrslu Þjóðminjasafnsins 1979 í Árbók fornleifafélagsins 1980 kemur fram að gamla smiðjan í Bölta var endurnýjuð og árið 1981 var vestara fjárhúsið frá Bölta sem stendur upp í túninu rétt við veg heim að Seli og Hæðum einnig gert upp samkvæmt Árbók fornleifafélagsins 1982. Bærinn er sýndur á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Enn standa hús af ýmsum aldri og í misjöfnu ásigkomulagi á bæjarstæðinu á Bölta og þar er rekin ferðaþjónusta. Ekki er teljandi bæjarhóll á staðnum en þó grösug bunga norðan við bæ. Bærinn stendur á stalli í hlíðinni en snarbratt er niður af honum. Alls er bæjarröðin nú (2012) um 60 m löng og 15-20 m breið mest og samanstendur af 6 húsum auk þess sem eyða er í röðinni vestan íbúðarhúss. Vestast í bæjarröðinni eru tvö hús með gömlu lagi - tvær samhliða burstir. Vestara húsið (A) hefur sýnilega fengið betra viðhald, enda er í því eldhús fyrir ferðamenn. Áður en því var breytt í eldhús var þetta hús haft til ýmissa nota: þar var stundum haft fé, þar var smíðað og að lokum var það haft sem bílskúr eftir að bíll kom í Bölta. Þetta hús hefur svartmálað þil með hvítum glugga og hurð, veggir grjóthlaðnir og þak úr torfi. Austara húsið (B) er heldur breiðara, með ómálað þil og járnþak. Það er ekki í notkun, nema þá helst sem skemma, en var lambhús áður fyrr. Framan við þessi hús er trépallur þar sem ferðamenn geta setið og matast. 12-13 m breið eyða er í bæjarröðinni austan við þessi hús en þar hafa áður verið að minnsta kosti tvær burstir (C og D). Samkvæmt Heiðari Jakobssyni voru þarna tvær samtengdar hlöður og var að minnsta kosti önnur þeirra mjög reisuleg og yngri en fjóshlaða, sem var austan við bæ. Handan við eyðuna tekur sjálft íbúðarhúsið við (E), en það er nett timburhús klætt með bárujárni. Húsið hefur töluvert breyst frá upprunalegri gerð, til að mynda hefur forskáli verið byggður á það framanvert. Austan þess eru tveir litlir kofar sem í er gistiaðstaða fyrir ferðamenn og virðast eiga að falla inn í bæjarröðina þótt útkoman sé ekki sannfærandi. Á þessum stað voru áður fjós (nær bænum, F) og hlaða þar austan við (G), en þau hús voru rifin fljótlega upp úr 1990 og ferðaþjónustuhús sett í staðinn. Fjósið og hlaðan munu hafa verið að hruni komin um það leyti. Til er gömul mynd af þessum húsum og íbúðarhúsinu í upprunalegri mynd hjá Heiðari Jakobssyni sem er uppalinn í

Bölta.Þá er komið að austasta húsinu í bæjarröðinni sem er smiðjan (H), sú sem Þjóðminjasafnið lét gera upp um eða eftir 1980. Hún er í ágætu ásigkomulagi, ómálað



SF-088:003 Bölti, hús H. Á mynd til vinstri er horft til norðvesturs en hægri mynd er innan úr sama húsi

timburþil og vel grjóthlaðnir veggir, gluggi á þili yfir lágum dyrum. Í smiðjunni eru ýmsir gamlir gripir, orf og ljár, sagir o.fl. Hún er alls um 7 x 5 m að utanmáli frá norðri til suðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: ÁFÍ 1937, 10, 12; BAS III, 45-46; ÁHÍF 1975, 100; ÁHÍF 1979, 95, 181-182; ÁHÍF 1980, 137; ÁHÍF 1982, 206; ÁFÍ 1937, 10, 12; BAS III, 83-84; Túnakort frá því um 1920; Bæjateikning danskra landmælingamanna 1906

SF-088:004 tóft hesthús 64°01.228N 16°58.970V


Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús 30-40 m aftan eða norðaustan við bæ 003. Samkvæmt teikningunni var stór kálgarður sambyggður húsunum að sunnanverðu. Af túnakortinu



SF-088:004 hesthús. Á mynd til vinstri er horft til suðvesturs en mynd til hægri er af vesturgafli.

að dæma var húsið tvískipt. Á þessum stað er enn tóft, næstum undir þaki því til stóð að endurbyggja húsið fyrir nokkrum árum síðan. Þannig var smíðuð ný grind og nýjar þaksperrur settar upp. Á þeim er dúkur og sumstaðar hellur en aldrei var lokið við endurgerð hússins. Þetta var hesthús af stærri gerðinni. Tún með kafagrasi er í kring.

Á þessum stað stendur hálfuppgert hús, eða tóft með grind og uppi hangandi þaksperrum. Búið er að endurhlaða veggina og setja upp þakgrind. Hún hefur verið klædd með einhverskonar striga sem nú flaksast í tætlum upp um þakið. Víða liggja þakhellur í bunkum í kring. Tóftin er um 17 x 7 m stór frá austri til vesturs, dyr eru hér um bil á miðri suðurhlið. Innanmál hússins er um 14 x 3 m en ekki sér fyrir skiptingu þeirri sem sýnd er á kortinu. Í innanverðum norðurlangvegg eru hlaðnir líkt og stallar eða innskot í veggina á þremur stöðum, ferköntuð og um 60-80 cm í þvermál hvert um sig. Þau dreifast ekki jafnt á vegginn; tvö eru austan við miðju en eitt stakt nálægt vesturenda. Þarna mun hestum hafa verið brynnt. Smáop er nyrst á austurgafli, nær í gegnum vegginn en bara efri hluta hans. Þar var mokað út úr húsunum en flór var meðfram norðurlangvegg. Vesturgaflinn er hlaðinn hæst upp, allt að 2 m hár, en almennt eru veggir um 1,5 m á hæð. Tóftin er grafin inn í brekkuna að norðanverðu. Undir þakásnum eru fjórar breiðar og öflugar stoðir. Annars eru engir sýnilegir stallar, hugsanlega hefur átt eftir að ljúka við smíði innan í húsinu. Ekki er ljóst hvernig hefur verið umhorfs inni í húsinu áður en endurbygging hófst. Þetta er með allra stærstu hesthúsum sem skrásetjari hefur séð en hefur líklega verið stækkað, í það minnsta eftir 1920 ef marka má útlínur hússins á kortinu þar. Þess má að lokum geta að kálgarðurinn sem hefur samkvæmt kortunum verið sunnan við húsin, er horfinn. Hann var um 30 x 15 m stór og snéri austur-vestur um 1920. Bjarni Jakobsson frá Bölta veitti nánari upplýsingar um hesthúsin. Þegar hann man eftir voru



Hesthústóft 004

aðeins tveir hestar í Bölta og voru þeir hafðir í austurhluta hússins. Flór var meðfram norðurgafli og var mokað úr honum út um litla opið á austurgafli. Vestan megin voru hrútabásar meðfram vesturgafli og kró fyrir lambhrúta þar austan við. Vel er sennilegt að allt húsið hafi verið haft fyrir hross áður fyrr. Að sögn Bjarna voru sjö hestar í Bölta í tíð Odds Magnússonar og enn fleiri um aldamótin 1900. Þá hafa menn einnig þurft að vera í stakk búnir til að taka á móti hrossum ferðamanna sem höfðu lent í volki.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort frá því um 1920; bæjateikningar danskra landmælingamanna frá 1906

SF-088:005 heimild um útihús 64°01.230N 16°59.096V

Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 er merkt útihús 30 m vestur frá bæ 003 í túni sem merkt er Háböltatún. Húsið hefur verið handan við lækinn sem rennur í gróf vestan bæjar og er raunar líka merktur inn á túnakortið. Það var skammt neðan eða sunnan við leið sem lá þarna um túnið, sjá 020. Hús þetta er einnig merkt á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Kafloðið tún sem snýr mót suðri. Ekki sést móta fyrir húsinu lengur og sennilegt að því hafi verið rutt út við túnasléttun.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna 1906

SF-088:006 hús útihús 64°01.265N 16°59.184V

Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 er merkt útihús 115 m frá bæ 003 í túni sem merkt er Háböltatún. Þar er enn lítill kofi undir þaki, örfaá metra suður af fjárhúsum 007. Húsið er ofarlega (norðarlega) í grasi vöxnu túni.

Húsið er enn uppistandandi, agnarsmátt, tæpir 5 x 5 m að utanmáli. Það er á kafi í grasi og lítur út eins og stór og kúpt þúfa í túninu. Mjög lágar og litlar dyr eru sunnanmegin og er hægt að reka höfuðið þar inn. Svo virðist sem gaflinn sé steyptur að hluta og hvít klæðning á veggjum, mögulega frauðplast eða jafnvel asbest. Samkvæmt Heiðari Jakobssyni, heimildamanni, var þessi kofi upphaflega byggður yfir hlandfor frá húsunum fyrir ofan. Henni var seinna breytt í kartöflukofa. Fornleifavernd ríkisins skráði kofann 2004.



SF-088:006, útihús. Á mynd til vinstri er horft til norðvesturs en til norðurs á mynd til hægri

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort frá því um 1920, Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 13

SF-088:007 hús rétt 64°01.273N 16°59.164V


Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt fjárrétt um 115 m frá bæ 003 í túni sem merkt er Háböltatún. Í Skaftafelli



SF-088:007. Á mynd efst í vinstra horni er horft yfir rétt til suðurs, á mynd í efra hægri horni er horft til norðausturs, á myndi í vinstra horni neðst er horft til norðurs og í hægra horni neðst er horft inn eftir húsinu, til norðurs.

Þórðar Tómassonar segir: "Skammt til útnorðurs frá Böltabænum [003] er fjárrétt Skaftafellsbænda með viðbyggðum fjárhúsum. [...] Niður af réttinni er Hábölti." Þessi fjárrétt stendur enn og húsin sömuleiðis að hluta. Þetta er um 120 m norðvestur af Bölta, fast neðan eða sunnan við bílveginn að Seli. Réttin og samföst hús eru efst í túni sem er óslegið og ekki nýtt til beitar.

Syðst eru uppistandandi fjárhús með gömlu lagi (A) og hústóft nokkurn veginn jafnstór og áföst þeim að austanverðu (B). Þá rétt sambyggð að norðanverðu, skiptist í þrjú hólf. Alls ná mannvirkin yfir svæði sem er um 35 x 20 m stórt og snýr norður-suður. Lýsingin hefst á fjárhúsunum (A) sem standa enn þokkalega vel þótt viðgerðar væri fljótlega þörf eigi þakið ekki að hrynja. Þau eru byggð úr torfi og grjóti, með vöglum undir þakás og þverbitum. Hlaðnir kampar eru að framanverðu en timburþil þar ofan við og gluggi á því. Helluþak er á húsinu og torf þar á. Húsin eru um 10 x 4 m stór að innanmáli en um 14 x 8 m að utan og snúa norður-suður. Innandyra eru hvorki garðar, jötur né hlaða. Svo virðist sem húsið hafi verið tvískipt, þar er steinaröð hér um bil um miðbikið og er gólfið ívið hærra innan við það en fremri hlutinn. Ekki er þó ljóst hvort þil hefur verið á milli. Fram eða suður úr skiptingunni gengur hlaðin þró fram í mitt hús til suðurs. Hún er úr grjóti, um 2 m löng og 0,5 m breið að innanmáli, hálffull af mold. Þetta var kindabað samkvæmt Bjarna Jakobssyni, en algengara er að þau séu steypt. Annars eru tvær stoðaraðir inni í húsinu, fimm stoðir hvorumegin en standast ekki fullkomlega á. Stoðir eru líka meðfram veggjum - þetta eru bæði rekaviðardrumbar og gildar fjalir. Þakið er illa farið og tekið að hrynja inn innst í húsinu. Tóft B er áföst húsinu að austanverðu. Það hafa líka verið fjárhús, samhliða A en heldur styttri til norðurs - jafnvel mögulegt að þau hafi verið minnkuð. Suðurgaflarnir hafa staðist á. Tóftin er tæpir 8 x 4 m og snýr norður-suður að innanmáli. Dyr hafa verið í suður en einnig hefur verið opið milli hússins og réttar norðan við. Þar er lítill dilkur næst húsinu að norðan. Veggir eru mest rúmlega 1 m á hæð. Að lokum er stór rétt norðan við hús A og tóft B. Hún markast að austanverðu af löngum vegg sem gengur upp til norðurs nokkurn veginn í framhaldi af austurvegg tóftar B, fyrst til norðurs en svo norðausturs og er alls um 25 m langur. Hann er ágætlega hlaðinn úr grjóti, mest um 1,2 m hár, endar skammt sunnan við veginn að Seli. Að vestanverðu liggur veggstubbur upp frá vesturvegg húss A tæpa 10 m en þá kemur um 3 m breitt op á réttarvegginn. Þar sem því sleppir tekur við lítill dilkur sem virðist hafa verið endurhlaðinn. Hann liggur út frá stóra réttarhólfinu til vesturs og er um 9 x 6 m að utanmáli - snýr NV-SA. Op er á honum inn í réttina og sömuleiðis til NV en



Fjárhús og rétt 007

þar liggur túngarður í framhaldinu til vesturs, sjá 105. Alls er stóra réttarhólfið (C) hátt í 20 m langt og á bilinu 6-8 m breitt. Það er alveg opið í norðurátt en samkvæmt Heiðari Jakobssyni var grind fyrir því að norðanverðu. Syðst og austast, fast upp við gaflinn á tóft B, er lítill dilkur, afmarkaður að hluta með hleðslu, um 4 x 2 m stór frá austrit til vesturs. Úr honum var hægt að setja kindur beint inn í hús B. Suðvestast í stóra réttarhólfinu (C) er stafli af þakhellum sem sennilega hefur átt að nota til að lagfæra þak á húsum A. Samkvæmt Heiðari var stóri dilkurinn (D), vestur úr réttarhólfi C, stundum notaður fyrir fé frá Hæðum/Bölta. Til er gömul ljósmynd í fórum Heiðars Jakobssonar sem líklega var tekinn snemma á 8. áratug 20. aldar og sýnir kýr mjólkaðar í stóru


réttinni. Þar sést vel grind fyrir norðurhliðinni og sömuleiðis sést gaflinn á húsum A. Þjóðminjasafn Íslands stóð fyrir endurbótum á þessum mannvirkjum árið 1982 en í ársskýrslu safnsins sem birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags segir: "í Skaftafelli var gert við vestara fjárhúsið frá Bölta, sem stendur uppi í túninu rétt við veginn heim að Selinu og Hæðum. Ákveðið er að halda þessum húsum við og réttinni, sem hjá þeim er. Þá var endurbyggt eldhúsið vestan við Selsbæinn og notaðir til þess gömlu eldhúsviðirnir frá Hæðum, sem þar voru síðast í fjósinu. Gísli Gestsson fv. safnvörður hafði umsjón með þessum verkum, en Sigurþór Skæringsson og Jóhann G. Guðnason önnuðust hleðslu- og byggingarverk." Fornleifavernd ríkisins skráði húsin árið 2004.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort frá því um 1920; Bæjateikning danskra landmælingamanna 1906, Skaftafell, 231, ÁHÍF 1982, 206-207 og Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 13

SF-088:008 *Oddatóft* tóft fjárhús 64°01.237N 16°58.732V

"Milli tanganna og langt niður eftir er gróðurlítið land sem heitir Oddasker. Neðarlega í því skeri er einstök torfa, Miðoddatorfa, nú ræktað land. Þar eru fjárhús," segir í örnefnaskrá. Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Neðri-Oddi afmarkast af skarði, sem er á milli giljanna. Sé gengið yfir skarðið á brattann þá tekur við Háoddi og aðeins ofar Oddalág. Þar var byggt fjárhús og stendur enn" Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús í stakstæðum túnstika, Oddatúni, austan við Bölta 003. Í skráningu Fornleifaverndar ríkisins frá 2004 er efsta (nyrsta) tóftin í túninu, sú er hér er skráð, nefnd Oddatóft. Hún er fast austan við göngustíg í jaðri Oddatúns. Tóftin er um



Oddatóft SF-088:008. Teikningin byggir á frumgögnum frá Minjastofnun Íslands

645 m suðaustan við Selsbæ 038 en um 260 m austan við Böltabæ. Samkvæmt túnakorti ætti húsið aðeins að vera í um 90 m fjarlægð en svo virðist sem stakstæð tún hafi ekki alltaf verið teiknuð í réttri fjarlægð frá heimatúnum á kortunum.



Oddatún árið 1972. Lengst til vinstri á myndinni má sjá glitta í öll mannvirki sem þá voru í túninu. Ljósmyndari: Þór Magnússon. Birt með leyfi Þjóðminjasafns Íslands.

Tóftin er í grasi grónu túni í aflíðandi halla til suðurs. Runnagróður er á stöku stað í túninu. Austan við túnskikann tekur við halli að Austurgili en vestan við hann er Bæjargil og túnið er því á einskonar tungu á milli giljanna. Oddatúnin eru komin í mikla órækt og trjágróður er byrjaður að herja á túnið þó að það sé að mestu laust við



SF-088:008 Oddatóft. Á mynd til vinstri er horft til norðurs en á hægri mynd er horft út úr tóft, til suðurs

trjágróður ennþá. Túnin eru í halla og eru rústir 008, 162 og 084 allar í suðurhluta túns (neðri hluta þess).

Tóftin er 15 x 6 m stór og snýr nálega norður-suður. Hún er einföld og op er á miðjum suðurvegg hennar. Tóftin er í örlitlum halla til suðurs. Innanmál hennar er um 12 x 2,5 m og inni í henni vex njóli og gras. Tóftin er talsvert niðurgrafin og er norðurhluti hennar, sá er gengur inn í brekkuna mest niðurgrafinn. Þar eru vegghleðslur um 1,5 m innanfrá en ná aðeins 0,2 m upp úr jörðu utanfrá. Tóftin er alveg gróin að utan en að innan sjást talsverðar grjóthleðslur, mest 4-5 umför. Fornleifavernd ríkisins skráði staðinn og mældi upp tóftina árið 2004. Í óútgefinni skýrslu um skráninguna segir: Móta sést fyrir grjóthlaðinni undirstöðu garða eftir tóftinni miðri. Um 30 m austan fjárhússins er um 4 x 3 m ferköntuð upphækkun fremst á brekkubrún. Kunna að vera leifar heytóftar eða smalakofa" Umræddar garðaundirstöður eru nú orðnar alveg óljósar, sjálfsagt horfnar í gróður. Sömu sögu er að segja með upphækkunina sem var austan við fjárhúsin, þ.e. lítil ummerki um hana sjást nú. Stór fjárhús sem byggð voru á 20. öld voru áður suðaustan við þau fjárhús sem hér eru skráð, byggð inn í brekku sem þar var. Lítil ummerki sjást nú um þau.

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

Heimildir:Ö-Skaftafell, 9; Skaftafell, 244, Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906 og Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 15

SF-008:009 heimild um útihús 64°01.217N 16°58.722V

Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús í stakstæðum túnstika, Oddatúni, austan við Bölta 003. Á fyrri hluta 20. aldar voru byggð ný og geysistór fjárhús á svipuðum slóðum en öll mannvirkin hafa nú verið sléttuð og eru horfin í tún og trjágróður. Húsið hefur verið í grasi grónu túni í aflíðandi halla til suðurs. Runnagróður er á stöku stað í túninu. Austan við túnskikann tekur við halli að Austurgili en vestan við hann er Bæjargil og túnið er því á einskonar tungu á milli giljanna. Oddatúnin eru komin í mikla órækt og trjágróður er byrjaður að herja á túnið þó að það sé að mestu laust við trjágróður ennþá. Túnin eru í halla. Engin ummerki fundust um þau hús sem staðið hafa á þessum stað í upphafi 20. aldar.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir:Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906 og Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 15


SF-088:010 þúst útihús N64 01.196 W16 59.054

Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 er merkt útihús um 45 m suður frá bæ 003. Þessi tóft er austan í hólbungu sem er mjög sýnileg ef horft er til suðurs frá bæ, niður bratta brekkuna. Mjög sinuvaxin brekka mót suðri. Hún er á kafi í hvönn að auki.



SF-088:010 þúst. Horft til norðurs

Þarna var brennt rusli þegar Heiðar Jakobsson (f. 1958) var lítill og má geta þess að hólbungan er kúpt og minnir um margt á öskuhaug, allt að 15 x 10 m stór frá norðri til suðurs. Tóftin er mjög óljós og á kafi í hvönn. Hún er í raun aðeins dæld utan í hólnum að austan, um 4 x 3 m stór og snýr austur-vestur. Að sunnanverðu vottar óljóst fyrir vegghleðslu og lítur út fyrir að þar gætu hafa verið dyr í suður. Fornleifavernd ríkisins skráði staðinn 2004.



Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort frá því um 1920; Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 10

SF-008:011 gerði kálgarður 64°01.224N 16°58.742V

Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 er merktur kálgarður um 65 m austan við bæ 003, í Oddatúni en í raun er túnið í meiri fjarlægð frá bæ og sömu sögu er að segja um

kálgarðinn sem þar var. Kálgarðurinn hefur verið grasi grónu túni í aflíðandi halla til suðurs. Runnagróður er á stöku stað í túninu. Austan við túnskikan tekur við halli að Austurgili en vestan við hann er Bæjargil og túnið er því á einskonar tungu á milli giljanna. Oddatúnin eru komin í mikla órækt og trjágróður er byrjaður að herja á túnið þó að það sé að mestu laust við trjágróður ennþá. Túnin eru í halla. Ekki sjást lengur ummerki um kálgarðinn.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir:Túnakort frá því um 1920, Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 14

SF-088:012 heimild um kálgarð 64°01.209N 16°59.036V

Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merktur kálgarður beint framan við bæinn Bölta 003 og hefur aðeins heimreiðin 020 verið á milli. Þessi kálgarður er horfinn. Brött brekka, mjög grösug sem liggur mót suðri. Samkvæmt túnakorti hefur kálgarðurinn verið rúmlega 40 x 10 m stór og snúið austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906

SF-088:013 þúst kálgarður 64°01.165N 16°59.007V

Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 er merktur kálgarður um 60-70 m suðaustur af bæ 003. Þar sést nú reglulegur stallur um 70 m austan við grafreit 079. Býsna sléttur stallur utan í brekku. Mjög bratt er niður að honum og sömuleiðis áfram niður til suðurs. Allt er grasi vafið. Þrjár aspir, 6-7 m háar, vaxa á staðnum.



SF-088:013, horft til suðausturs

Alls er stallurinn allt að 40 m í þvermál, næstum ferhyrndur

en þó liggur brött brekka skáhallt meðfram honum að norðan. Neðst í henni, syðst og vestast í garðinum vottar fyrir reglulegum hrygg sem hugsanlega gæti verið hleðsluleifar. Kálgarðurinn hefur mjög sennilega verið á stallinum en þó varla náð yfir hann allan, enda var hann ekki nema um 15 x 15 m stór ef marka má túnakortið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort frá því um 1920

SF-088:014 tóft fjárhús 64°01.068N 16°58.741V

Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 er merkt útihús í jaðri Gömlutúna um 180 m frá bæ 003. Gamli bærinn í Skaftafelli var í Gömlutúnum, sjá 002. Danskir arkitektúrsnemar komu í Skaftafell árið 1974 og teiknuðu þá upp fjárhús í Gamlatúni, sem að öllum líkindum er sama bygging og sú er merkt er inn á túnakortið eða a.m.k. á sama stað. Tóftir húsanna eru enn vel greinilegar vestast í Gamlatúni, norðarlega (ofarlega). Þau eru um 110 m norðan við bæ 002 en 835 m suðaustan við Selsbæinn 038.


Tóftin er ofarlega í túni sem er í talsverðum halla til suðurs. Túnin eru komin í órækt og vafin sinu auk þess sem víði- og birkiplöntur eru farnar að herja á það og dreifa úr sér. Víða í túninu vex talsverð hvönn.



SF-088:014. Á mynd til vinstri er horft til suðvesturs en á mynd til hægri til vesturs

Húsin eru um 17 x 12 m stór og snúa austur-vestur. Þau skiptast í þrjú hólf sem öll eru með op á miðjum suðurvegg en önnur op eru ekki á húsunum. Veggir hafa verið hlaðnir úr grjóti en eru nú yfirgrónir af sinu, mosa og elftingu auk þess sem svolítil hvönn vex inni í tóftinni og utan hennar. Trjágróður er byrjaður að leggja undir sig tóftina. Stór víði- og birkitré vaxa inn í öllum hólfum hennar og skemma veggi hennar. Tóftin er í örlitlum halla til suðurs, þó mun minni halla en brekkan að baki enda eru þau að talsverðu leyti grafin inn í hana. Þau eru dýpst að norðan og nær innanverður


veggurinn þar allt að 2 m hæð.Ytri brún veggja á sama stað er 0,7-0,8 m. Eins og áður segir skiptast húsin í þrjú hólf. Austast er hólf A sem er 7,5-8 x 3,5 m að innanmáli. Talsvert hefur hrunið úr vegghleðslum á undanförnum árum og þá sér í lagi í innganginn sem er nú hálffullur af grjóti. Enn má þó smokra sér fram hjá grjótinu og inn í húsið. Stórt birkitré vex syðst í hólfinu, við vesturvegg þess og minna tré hefur skotið sér út úr hleðslu á norðurvegg. Í hólfinu sjást mest 6-7 umför af grjóthleðslu. Miðhluti austurveggjar er mikið hruninn en annars standa veggir sæmilega og ná víða 1,5 m hæð (hærri nyrst). Talsvert af njóla vex í tóftinni. Þetta hólf var undir þaki þegar danski arkitektúr nemar mældu það upp árið 1974. Miðjuhólfið, B, var ekki undir þaki þegar það var uppmælt 1974 en á sniðteikningu má sjá að þak hefur áður verið yfir tóftinni. Hólfið er 6-7 x 3,5-4 m að innanmáli. Talsvert af grjóti hefur hrunið inn í inngang þess þó enn sé greinilegt skarð í suðurvegginn þar sem gengið var inn í hólfið. Geysistór víðir vex út úr norðurvegg hólfsins og er að brjóta hann niður. Talsvert af njóla og elftingu er í tóftinni. Grjóthrúga er meðfram vesturvegg hólfsins. Hún er alveg gróin mosa og sést



Fjárhústóft SF-088:014. Teikning byggð á frumgögnum frá Minjastofnun Íslands

aðeins í 1-2 steina í henni. Mikið hrun er inni í tóftinni úr austurvegg. Veggjahæð er mest um 1,5 m en víðast um 1,3 m. Milli hólfa A og B hefur verið hellilögð stétt samkvæmt uppmælingu Fornleifaverndar ríkisins sem skoðaði staðinn árið 2004. Engar leifar

þessarar stéttar sjást lengur þó að grjót finnist undir fæti á stöku stað. Hólf C er nú illa farið. Stórt birkitré gengur út frá austurvegg þess sunnan við miðju og teygir sig til vesturs svo að vart er innangengt í tóftina lengur. Hófið er áþekkt hólfi A að stærð eða 7 x 3,5 m að innanmáli. Inni í tóftinni vex elfting, njóli og sina. Veggir tóftarinnar eru mest 2-2,5 m á hæð en víðast aðeins 1,4-1,6 m. Svolítið af bárujárni eru við norðurvegg hólfsins. Þetta hólf var undir þaki þegar danskir arkitektúrsnemar mældu það upp sumarið 1974. Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var húsið þá einnig þrjú hólf. Samkvæmt uppmælingu Dana 1974 voru hólfin þrjú áþekk að innanmáli eða 6,4-7 X 3-3,4 m að stærð. Hæð húsanna virðist annars vegar hafa verið 2- 2,5 m þar sem mest var. Ljósmynd innan úr húsunum er einnig að finna í bókinni Öræfi II. Fornleifavernd ríkisins mældi tóftina upp árið 2004.



Mælingarteikningar danskra byggingarlistanema sem birtust í bókinni Öræfi II, G31 og G28

Hættumat: stórhætta, vegna trjágróðurs

Heimildir:Túnakort frá því um 1920, Öræfi II, teikningar 28-31 og ljósmynd bls.12 og Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 8

SF-088:015 *Gamligarður* gerði kálgarður 64°01.282N 16°58.989V
Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 er merktur kálgarður norðan við norðurjaðar túns, fast norðan við leið 017. Garðurinn er í brekku ofan við veginn að Seli, sem er skammt vestar. Þessi kálgarður var kallaður Gamligarður samkvæmt Heiðari Jakobssyni. Hlíðin er skógi vaxin en þó eyða með smáhríslum þar sem Gamligarður er.


Alls hefur garðurinn verið um 40 x 30 m stór og snúið austur-vestur en hleðslan sjálf er að miklu leyti komin á kaf í skóg, þótt vel megi finna fyrir henni ef maður reynir að ryðja sér leið inn í skógarþykknið. Hlaðið hefur verið um garðinn á þrjár hliðar en að sunnanverðu markast hann af veginum. Hleðslur eru allsstaðar algrónar, mest um 0,8 m háar og eins og fyrr segir, á kafi í þéttum skógi. Einna skást er að komast að hleðslunni sem markar norðurhlið garðsins. Fornleifavernd ríkisins skráði garðinn 2004.


SF-088:015, horft til ANA

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs
Heimildir:Túnakort frá því um 1920, Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 13

SF-088:016 gerði kálgarður 64°01.366N 16°59.334V
Leifar af kálgarði sjást fast neðan eða sunnan við bílveginn um 100 m ASA af Seli 038.
Gamalt tún. Nú er hestagirðing fast vestan við garðinn. Skógur vex í austurjaðri hans og vegurinn liggur á


SF-088:016, horft til suðvesturs



Kálgarður 016

norðurbarminum. Garðurinn er býsna greinilegt mannvirki þótt hann sé siginn, um 14 x 12 m stór og snýr austur-vestur. Hleðslur eru mjög signar og markar rétt svo fyrir þeim í háu grasinu, varla nema um 0,2 m háar og algrónar grasi. Ekki er ljóst hvort vesturhleðslan er sú upphækkun sem er undir rafmagnsgirðingu vestan við eða þúfnaröð sem liggur skáhallt upp að vegi þar skammt austan við.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-088:017 heimild um leið 64°01.270N 16°59.007V

Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 er merkt leið sem legið hefur frá Seli, meðfram endilöngu heimatúni Bölta, þvínæst niður til suðurs milli þess og Oddatúns og að lokum meðfram jaðri Gömlutúna. Á þessum slóðum eru nú ýmist tún eða skógur.

Gata þessi hefur að stórum hluta legið eins og bílvegurinn gerir nú (2012). Þó er munurinn sá að neðst í brekkunum, vestan við Gömlutún, þar sem vegurinn liggur í hlykkjum, hefur gatan legið nokkurn veginn beint upp samkvæmt. kortinu. Nú er allt komið á kaf í skóg á því svæði og ekki vitað hvort einhverstaðar sést til eldri gatna. Uppi í brekkunni hefur gatan stefnt til vesturs og legið á sömu slóðum og vegurinn nú. Hún hefur legið ofan eða norðan við bæinn á Seli, og þar markar raunar fyrir dæld á loftmynd. Rétt ofan við Selsbæinn hefur leiðin skipst í tvennt; annars vegar haldið beint í vestur, væntanlega svipaða leið og vegurinn liggur í dag, að núverandi bæ í Hæðum. Hinn

anginn hefur sveigt örlítið upp til norðvesturs, um hlaðið á gamla bæjarstæði Hæða og áfram til vesturs að hól sem heitir Skerbali.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort frá því um 1920

SF-088:018 tóft fjárhús 64°01.329N 16°59.393V


Fjárhústóftir eru austast í þeim túnum sem tilheyrðu Seli, um 130 m suður af Selsbænum 038 og um 80 m SSV (neðan) við núverandi veg að Seli og Hæðum. Tóftin er á túnrana sem snýr NNA-SSV og er langur og mjór og hallar til suðurs. Túnið er í skjóli af lágri hæð vestan við. Beggja vegna við ranann vex víðir og birki en túnraninn er vaxinn háu grasi.

Tóftin er 9-10 x 6-7 m stór og snýr eins og raninn NNA-SSV. Hún er einföld og um



SF-088:018, á mynd til vinstri er horft til austurs en til norðurs á mynd til hægri

7 x 3,5 m að innanmáli. Tóftin er alveg opin til suðurs og hefur líklega verið timburþil fyrir þeirri hlið. Hún er talsvert niðurgrafinn, sér í lagi norðurhlutinn sem er að stærstum hluta alveg niðurgrafinn. Tóftin er gróin að utan en að innan sjást grjóthleðslur og er veggjahæð mest 1,8 m. Fornleifavernd ríkisins skráði staðinn. Húsið er sjálfsagt fremur nýlegt og var notað allt fram til 1959



Fjárhústóft SF-088:018. Teikning byggð á frumgögnum frá Minjastofnun Íslands.

samkvæmt þeim upplýsingum sem starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins fengu þegar þeir skráðu tóftina.

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

Heimildir: Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 19

SF-088:019 tóft fjárhús 64°01.234N 16°59.267V

Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 er merkt "rúst" í stakstæðum túnskika um 125 m vestan við bæ 003. Þar er tóft, heldur vestar en beint niður af útihúsum 007. Á þessum stað voru útihús þegar danskir landmælingamenn gerðu kort sitt 1906. Mjög grösug túnbrekka mót suðri. Hríslur vaxa á norðanverðri tóftinni og norðaustan við hana, hvönn vex innan veggja.



SF-088:019, óljóst má sjá grjót á kafi í gróðri, horft til austurs



Fjárhústóft SF-088:019

Tóftin er fremur óljós, aðallega vegna mikils gróðurs. Hún er einföld og alveg opin í suðurátt. Hún er um 13 x 10 m stór, snýr norður-suður og hefur verið grafin að einhverju leyti inn í brekkuna. Hleðslur eru allt að 2 m breiðar, grjót sést bara í þeim innanverðum og þær ná mest um 0,7 m hæð. Hvorki sést votta fyrir hlöðu né görðum. Miklar hríslur vaxa á norðanverðum veggjum. Á kortinu frá því um 1920 er merktur afmarkaður skiki sunnan við tóftina, líklega kálgarður og við hann (eða tóftina) er ritað: Rúst. Ekki er ljóst hvort þar er átt við garðinn eða tóftina

en í það minnsta sjást ekki mikil ummerki sunnan við hana, þótt það megi kannski ímynda sér smástall þar i brekkunni, einkum suðaustan við tóftina. Samkvæmt Heiðari Jakobssyni voru þarna fjárhús.

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

Heimildir:Túnakort frá því um 1920; Bæjateikning danskra landmælingamanna 1906 og Skaftafell, 231.

SF-088:020 heimild um leið 64°01.208N 16°58.987V

Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 er merkt heimreið að bænum 003 frá leið 017. Hún hefur legið á sama stað og heimreiðin gerir nú (2012), úr austri. Þar liggur heimreiðin og hefur raunar verið breikkuð frá því sem var, enda er bílastæði austan við bæjarstæðið.

Ekki sjást ummerki um eldri heimreið austan við bæ. Á bæjateikningu danskra landmælingamanna sést að leið þessi hefur haldið áfram um hlaðið á Bölta, þar yfir læk á brú (sjá 077) og áfram til norðvesturs, yfir túnið í átt að rétt 007 en þar ofan við sameinaðist hún leið 017. Hugsanlegt er að þessi vesturhluti leiðarinnar hafi verið aflagður 1920, því ekki er hann sýndur á yngra túnakorti. Nú er göngustígur á þessum slóðum, líklega fyrst og fremst notaður af ferðamönnum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir:Túnakort frá því um 1920; Bæjateikning danskra landmælingamanna 1906

SF-088:021 *Hæðir* bæjarstæði bústaður 64°01.453N 16°59.534V

"Í örnefnaskrá segir: "Skaftafell er landmikil jörð og mikil fjölbreytni í landslagi og gróðri, bæirnir standa framan í Skaftafellsheiði í snarbröttu túni. Þar voru lengi þrjú býli. Hæðir efst, heldur ofar en bærinn er nú hjá Ragnari, þar austar og aðeins neðar Sel [038]og Bölti [003] neðstur. Nú er Sel í eyði." Í grein eftir Þórð Tómasson í Árbók fornleifafélagsins 1975 segir:



SF-088:021 eldra bæjarstæði Hæða, horft til suðvesturs

"Skaftafellsbýlin voru þrjú lengst af á 19. öld og framan af þessari öld [20. öld]. Býlin hétu Bölti [003], Sel [038] og Hæðir. [...] Bjarni sonur hagleiksmannsins þjóðkunna, Jóns Einarssonar, bjó í Skaftafelli um aldamótin 1800 [sjá 002]. Var þá farið að þrengja að búsetu á gamla bæjarstæðinu sökum ágangs Skeiðarár. Sonur og tengdasonur Bjarna reistu býlin Sel og Hæðir um 1830. [...]." Í viðbót við grein sína segir Þórður í Árbókinni 1979: "Um búsetu í Skaftafelli framan af 19. öld sem að var vikið í grein minni, ritar Sigurður á Kvískerjum þetta: „Bjarni Jónsson bjó frá 1798-1832. Jón sonur hans hóf búskap 1832 og er talið að hann hafi þá byggt í Selinu. Brynjólfur mágur hans ætlaði fyrst að byggja upp í Hæðunum en varð að hætta við það vegna heilsuleysis, en þegar hann hóf búskap í Skaftafelli 1833, reisti hann bæ beint upp af gamla bænum [sjá 022], og var sá bær ekki fluttur upp í Hæðir fyrr en 1864. [...].“" Í grein eftir Gísla Gestsson í Árbók fornleifafélagsins 1979 segir: "Í Skaftafelli varð þríbýli og bæirnir standa í allt að 100 m hæð fyrir ofan sandinn, Bölti austast, Sel spölkorni vestar og efst og vestast Hæðir. Árið 1818 byggði Brynjólfur Þorsteinsson sér tvö hús hátt uppi í hlíðinni nokkru ofar en Hæðir standa nú og er talið að hann hafi þá flutt í þau hús. Þá var ekki byggð uppi í brekkunum, [...]. Brynjólfur missti heilsuna og fluttist árið eftir, 1819, að Reynivöllum í Suðursveit og bjó þar í nokkur ár, en húsin hafa líklega staðið ónotuð. [...] Árið 1832 flutti Brynjólfur aftur að Skaftafelli og nú reisti hann nýjan bæ uppi í brekkunni austan við eystra bæjargilið, en hann dó árið 1835. Ekki var búið þarna til langframa og var flutt þangað sem Brynjólfur hafði byggt húsin árið 1818. Óvíst er hvenær þessi flutningur fór fram, „eftir því sem næst verður komist árið 1867, en rituð samtímaheimild hefur engin fundist,“ segir Sigurður Björnsson frá Kvískerjum. Bærinn í Hæðum stóð á sama stað og Brynjólfur valdi honum til ársins 1939, þá var hann fluttur nokkru neðar í brekkuna þangað sem hann stendur nú." Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Þegar yfir Skeiðará kemur er örskammt upp að brekkufætinum á Skaftafelli. Þar er allt skógi vaxið og grasi vafið. Vegurinn liggur upp með fögru klettagili, sem Bæjargil heitir, með stórvöxnum reynitrjám. Á móts við hjallann, sem býlin standa á, er hár foss, sem Hundafoss heitir. Við erum komin að Skaftafelli í Öræfum. [...] Áður stóðu bæirnir á sléttlendinu undir heiðinni, en vegna ágangs Skeiðarár varð að flytja þá um 100 m. Upp í brekkuna (250 m.y.s.). Nú eru þrír bæir í Skaftafelli: Austast Bölti, þá Sel og efst og vestast Hæðir." Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu hafa Hæðir verið í byggð frá 1833. Þar segir einnig: "Í Selinu var búið til ársins 1946, en það síðan sameinað Skaftafelli III, Hæðunum. Skaftafell III mun hafa verið byggð 1833. Voru það hjónin Brynjólfur Þorsteinsson frá

Felli í Suðursveit og Þuríður Bjarnadóttir, systir Jóns í Selinu, er þá byggðu bæ austan við eystra gilið, alllangt fyrir ofan gamla bæinn. Árið 1818 höfðu þau hafið undirbúning að bæjarbyggingu, þar sem bærinn Hæðir stendur nú, en orðið að hætta þá vegna vanheilsu Brynjólfs. Seinna var bærinn fluttur, skammt þaðan sem hann stendur nú, en dálítið ofar. Var það eftir því sem næst verður komizt árið 1867, en rituð samtímaheimild hefur engin fundizt. Þetta styðzt við munnmæli, sem eru að nokkru staðfest í kirkjubók Sandfellssóknar." Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Gamli Hæðabærinn stóð spölkorn ofan við þann bæ, sem nú stendur í Hæðunum. Frá þeim bæ var flutt 1939, hús tekin ofan og tættur jafnaðar við jörðu. Bærinn sem stóð í Hæðunum 1939, var arftaki annars, sem rifinn var 1901." Hér er skráð eldra bæjarstæði, sá Hæðarbær sem merktur er inn á túnakort frá því um 1920 og fyrst var byggður 1818 en var aftur í byggð milli 1864/67-1939. Bærinn stóð skammt (20-25 m) ofan og austan við núverandi íbúðarhús í Hæðum.

Í sinuvaxinni brekku ofan við íbúðarhúsið í Hæðum.

Samkvæmt túnakorti frá um 1920 var Hæðabærinn þá samsettur úr fimm burstum og einu opnu hólfi eða tóft. Að baki virðist hafa verið lítið hús. Samkvæmt



Bræðurnir Ragnar og Jón Stefánssynir standa vestan við bæinn í Hæðum árið 1936.. Í bakgrunni má sjá gamla bæinn í Hæðum og líklega er það hesthús 032 sem sést ofan við hann. Ljósmyndina tók Helgi Arason. Birt með leyfi frá Þjóðminjasafni Íslands

túnakortinu voru túninu í Hæðum þá 2,3 teigar (ha) og sáðreitir 769 m2. Í grein Gísla Gestssonar í Árbókinni 1979 segir: Í grein Gísla Gestssonar, "Eldhús í Hæðum í Skaftafelli" sem birtist í Árbók hins íslenzka fornleifafélags árið 1980 segir um bæjarhúsin: "Austast var smiðja, þá autt bil ca 4 m, þá kom stofuhús með herberjaskipan líkt og í Selinu (sjá 038]. Gengið var inn á gang og úr honum í gestaherbergi til hægri [...] en göng í baðstofu til vinstri. Fyrir enda gangsins var gengið inn í eldhúsið. Yfir [...] öllu húsinu, var loft sem notað var til geymslu. Undir stofu var kjallari þar sem mjólkurmatur, slátur og garðávextir voru geymdir. Baðstofan var fjósbaðstofa, en vestan hennar kom svo gamla eldhúsið og gamla fjóshlaðan," og ennfremur segir Gísli: "Ragnar Stefánsson í Skaftafelli lýsir húsaskipan í gamla bænum í Hæðum þannig í bréfi, dags. 10. nóv. 1978: "Bærinn í Hæðum sem ég man eftir var að húsaskipan á þessa leið: Austast var smiðja, þá autt bil ca 4 m, þá kom stofuhús með herbergjaskipan líkt og í Selinu. Gengið var inn gang og úr honum í gestaherbergi til hægri þegar inn var komið, en göng í baðstofu til vinstri. Fyrir enda gangsins var gengið inn í eldhúsið. Yfir því og stofu og gangi, eða með öðrum orðum sagt, yfir öllu húsinu, var loft sem notað var til geymslu. Undir stofu var kjallari þar sem mjólkurmatur, slátur og garðávextir voru geymdir. Baðstofan var fjósbaðstofa, en vestan hennar kom svo gamla eldhúsið og síðan fjóshlaðan, sem var vestasta húsið í þorpinu.“ Færa má rök fyrir því að þetta gamla eldhús sé hús það sem Brynjólfur Þorsteinsson byggði árið 1818 og bjó í og að það hafi staðið óhaggað að mestu uns það var rifið og endurbyggt árið 1922. [...] ummerki [sáust] eftir dyr á austurvegg hússins og hefur átt að ganga um þær í annað hús, en aldrei var á þessum slóðum innangengt í hlóðaeldhús þar sem þá fylltist bærinn af brælu. Er trúlegast að Brynjólfur hafi hugsað húsið sem hluta af framtíðarbæ sínum, sem hann gafst þó upp við að byggja. [...] Þegar bærinn var fluttur 1939 var eldhúsið rifið og viðirnir úr því flestir notaðir í fjósið á nýja bænum og þar eru þeir enn (1978). Í bókinni Skaftafell segir einnig: "Vestan við smiðjuna var stofuhús, þá bæjardyr og þar innar af búr. Var gengið í það úr bæjardyrahúsi um uppslegið þil. Búrið var rúmgott með þakglugga móti vestri. Úr bæjardyrunum var gengið upp í fjósbaðstofu. Vestan við hana var gamla eldhúsið, sem síðar er lýst. Byrjað var að hafa göng austur í fjósbaðstofuna úr eldhúsinu en brátt varð að fylla upp í þau, því reyk lagði eftir þeim til fjóss og baðstofu. Stofan var með miðsyllu og því tvísettum þiljum. Að neðan voru spjaldþiljur. Neðri þiljur voru um einn þriðji af hæðinni á efri þiljum. Nótlistar voru í hornum stofunnar á efri og neðri þiljum. Allir voru þessir viðir heimaunnir og efri þiljur allar úr breiðum borðum. Stofan var ómáluð. [...] Í

Hæðastofunni var borð smíðað af Jón Einarssyni, borðplatan úr ameríkskri eik en fætur úr ljósviðistré, heflaðir. Nokkru fyrir aldamótin 1900 var rifinn kampurinn milli bæjardyra og fjósbaðstofu og þar gert upp kames. Þarna varð þá jafnframt rennuhús. Rennurnar voru gerðar úr sívölu tré. Var mjótt bak tekið úr trénu öðru megin og rennan grópuð ofan í tréð. Hún var tjörguð eins og hún tók á móti. Síðan var glóðhitað sívalningsjárn og dregið nokkru sinnum eftir tjörunni. Kamesþiljurnar fyrir neðan miðsillu voru rauðmálaður en þiljurnar fyrir ofan miðsillu grænmálaðar. Þessar þiljur voru síðar notaðar í baðstofuna, sem byggð var 1901, í innra þilið, en herbergi voru í sitt hvorum enda þeirrar baðstofu. Í fremri enda eldri fjósbaðstofunnar var einnig herbergi, um ein rúmlengd. Gamli bærinn var rifinn vestur af eldhúsi árið 1901 og nýr byggður í stað hans. Þorpið var fært saman við nýbygginguna þannig að rúmgóðar bæjardyr hurfu sem sérstakt hús. Allt timburverk í bænum var unnið af Jóni Einarssyni. Þar sem áður var gamla stofuhúsið næst smiðju, kom húsasund. Vestan þess var þá byggt stofuhús á hlöðnum kjallara, sem notaður var sem kartöflugeymsla og mjólkurhús. Bak við stofuna var þá sett búr og var gengið úr því í kjallarann. Allir viðir, þiljur og gólfborð, voru heimaunnir, allir fláar sneiddir með öxi svo félli í nót. Einn sexrúðnagluggi var framan í stofunni, rúðurnar 10x12 tommur að stærð. Sama gluggastærð var framan á baðstofu. Inn með vesturhlið stofu var gangur og undir sama risi og hún. Úr honum var gengið til stofu og upp í baðstofu. Síðar komu göng innar af ganginum norður í þverhús, sem byggt var þar aftur af. Við þessa endurbyggingu bæjarins hvarf litla, góða kamesið vestan við bæjardyr, [...]. Stöpull var hlaðinn upp aftur þar sem það var. Búið var að byggja eldhús árið 1901 bak við stofuhúsið og átti að byrja þar með hlóðir, en svo illa trekkti í þeim að hætta varð við það. Þetta hús var síðar þiljað að innan og þar var sett upp fyrsta eldavélin, sem kom í Hæðirnar 1904 eða 1905. [...] Baðstofan frá 1901 var þrískipt, sem fyrr segir. Hún var 5 stafgólf á lengd eða 15 álnir. Austan á sjálfri baðstofunni voru tveir gluggar með nokkru millibili, hvor fjögra rúðna. [...] Skemma var engin á eldra eða yngra bænum. Bæjardyr og smiðja komu að nokkru í stað skemmu. Í bæjardyrunum voru geymd trésmíðaáhöld, auk annarra muna. Í smiðjunni voru m.a. Geymd reiðtygi og yfir þau breitt milli nota. Stór kornkista var í búri gamla bæjarins, sett saman úr heilum borðum og með flötu loki. Síðar var hún flutt í eldhúsið. Fleiri kistur af sömu gerð voru á heimilinu. Fjósið undir baðstofunni var einstætt eins og hvarvetna var síður í Öræfum. Það var með þremur kúabásum og tveimur smærri. Þrep var til hliðar við flórinn. [...] Oftast voru tvær kýr í fjósi, stöku sinnum þrjár og geldgripir yfirleitt tveir. Vatnssókn var

erfið í fjós og bæ. Var því grafinn brunnur vestan megin í fjósinu, hátt á níunda alin niður, hringmyndaðu með fláa og ekki hlaðinn upp og hélst sér þó vel. Úr honum fékkst afbragðsgott vatn og þraut helst ekki. Vel var gengið frá brunnopinu og vinda sett þar upp til hagræðis. [...] Báðir gömlu Hæðabæirnir voru undir grjóthellu. Með vindskeiðar á húsum fór eftir þakþykkt, þær voru ýmist einfaldar eða tvöfaldar. Þetta fór þá einnig eftir því hve breið borð voru fyrir hendi. Á íveruhúsum var afturslátt ur á vindskeiðum. [...] Alltaf var innangengt í fjós svo ekki þurfti að fara út til mjalta um innistöðutíma. [...] Jón Einarsson bjó í bænum, sem Bjarni Brynjólfsson byggði, bætti hann að þörfum og hélt húsum í góðu horfi. Stofninn í bænum var eldhúsi, fyrsta húsið sem byggt var af Brynjólfi og Þuríði upp í Hæðum 1818. Það stóð þar eftir, er þau fluttu austur í Suðursveit, var óvenju vandað að byggingu, enda ætlað til íbúðar. Eldhúsið var gert upp með stoðum, syllum, bitum, sperrum, langböndum og mænirás. Stóðu stoðir á vandlega völdum stoðasteinum. Stoðir og sperrur voru heflaðar. Langbönd voru einnig hefluð. Stoðir voru stallaðar að utan hið efra og þar á felldar syllur gerðar úr breiðum borðum. Húsið var krossreist. Það var þrjú og hálft stafgólf, hlaðið úr grjóti að innan en utangarðshleðsla var úr sniddu. Hlaðinn kampur var framan á því og dyrnar austan við hann, við austurvegg. Skúrfjöl var undir eldhúsþilinu, fram á dyrnar en ekki gert yfir þær milli kamps og veggjar. Smágluggi var á hálfþilinu framan á eldhúsinu, ofanhallt við miðju og bar inn litla birtu. Sennilega hefur hann fyrst verið skænisgluggi, því rammi var felldur innan í gluggaumgerðina. Hjörukengir voru í glugganum vestanmegin. Eldhúsið var undir góðri þakhellu, sem lögð var á raft, og vandlega tyrft að utan. Á gaflinum að norðan var vindauga, sem aðeins var opið og notað þegar unnið var að því að hirða það, en þaðgeymslan var í norðurenda eldhússins. Milli nota var gatið vandlega byrgt. Eldhústrompurinn var ferkantaður, lágur stokkur um eitt fet á hæð og drógst að sér að ofan. Við hann var hafður tréhleri uppi á þekjunni og nefndist skjól. [...] Hlóðirnar voru í suðvesturhorni hússins, vestan við dyrnar, tvö eldstæði á sléttum bálki. Helluklumpi var reistur upp á innri enda hlóðanna. Þar voru stundum þurrkaðir sokkar. Hellur voru í eldstæði og höfð glufa milli þeirra. Undir þeim var ónninn, sem askan féll í og frá honum loftaði upp um glufuna. Trekkur kom að eldi utan frá dyrum. Í Selseldhúsinu var því öðruvísi hagað. Þar var óngat inn að óninum gegnum eldhúsvegginn. Annað eldstæðið var einna helst notað við slátursuðu og við að bræða selspik, hvíldi sig þess á milli. Yfir hlóðunum milli fremsta bita og næst fremsta bita var hótréð. Það var með ferhyrndum götum fyrir hóina, sem gengu upp um þau. [...] Stoðirnar austan megin í eldhúsinu

gegndu tvennu hlutverki, auk þess að halda húsinu uppi þá voru þær með götum fyrir rakningshælana, sem á var rakið til allra vefja allt til um 1930. Skilhællinn var einnig rekinn inn í vegginn og endurnýjaður eftir þörfum, hinir héldu sér frá ári til árs. [...] Bökunarhella úr járni var hluti af innbúi eldhússins og jafnan notuð er bakaðar voru flatkökur. Þá voru lagðir aflangir steinar sitt hvoru megin við glóðina og hellan þar ofan á. [...] Gamla eldhúsið var rifið 1939, en viðir þess varðveitast enn í fjósbyggingu [...]." Nú sjást engin ummerki um gamla Hæðabæinn og virðist sem vandlega hafi verið sléttað úr rústunum. Enginn eiginlegur bæjarhóll er sýnilegur, enda ekki við því að búast þar sem búið var svo skamma hríð á bæjarstæðinu. Ef rýnt er í loftmynd á vefsjá þjóðgarðsins virðist mega sjá móta óljóst fyrir útlínum kálgarðs sunnan við bæ eins og hann er sýndur á túnakorti um 1920 og má af því sem og kálgarði 134 marka legu bæjarins. Fornleifavernd ríkisins skráði staðinn árið 2004 og í óútgefinni skýrslu þeirra segir um hann (en hann er númer 88-42 í skráningu þeirra): "Nokkur ógreinileg veggja- og garðbrot. Gamla bæjarstæðið hefur verið sléttað en þar má þó greina 3-4 hólf." Ekki fundust þessar leifar á vettvangi þegar staðurinn var skoðaður haustið 2012.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:ÁHÍF 1975, 100; ÁHÍF 1979, 95-101, 181-182; ÁFÍ 1937, 10, 12; BAS III, 48-49, 84; Skaftafell, 110-114, 115; Túnakort frá því um 1920, Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 21

SF-088:022 tóft bústaður 64°01.072N 16°58.679V

Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu hafa Hæðir verið í byggð frá 1833 þó þar hafi fyrst verið byggð hús 1818. Þar segir einnig: "Í Selinu var búið til ársins 1946, en það síðan sameinað Skaftafelli III, Hæðunum. Skaftafell III mun hafa verið byggð 1833. Voru það hjónin Brynjólfur Þorsteinsson frá Felli í Suðursveit og Þuríður Bjarnadóttir, systir Jóns í Selinu, er þá byggðu bæ austan við eystra gilið, alllangt fyrir ofan gamla bæinn [002]. [...] Seinna var bærinn fluttur, skammt þaðan sem hann stendur nú [sjá 021], en dálítið ofar. Var það eftir því sem næst verður komizt árið 1867, en rituð samtímaheimild hefur engin fundizt. Þetta styðzt við munnmæli, sem eru að nokkru staðfest í kirkjubók Sandfellssóknar." Sú staðsetning bæjarins sem hér er skráð er austan

við Eystragilið þar sem bærinn var frá 1833-1864/67 er hann var fluttur á þann stað þar sem hann stóð á fram til 1939 (sjá 021). Talið er líklegast að bærinn hafi á tímabilinu 1833-1864/67 staðið efst í Gömlutúnum þar sem síðar var byggð rétt. Sú staðsetning er um 120 m NNA við eldra bæjarstæði 002 en um 400 m suðaustan við Hæðabæinn 021. Hún er um 30 m austan við fjárhús 014.



Tóftir og gerði SF-088:022, 115 og 118. Teikning byggð á frumgögnum frá Minjastofnun Íslands og skýrsluhöfundum

Tóftin er efst í Gömlutúnum sem komin eru í mikla órækt. Gömlutún eru í talsverðum halla til suðurs og eru nú sinuvaxin. Birki- og víðiplöntur hafa þrengt sér inn í túnið á síðustu áratugum og fast ofan við (norðan við) tóftina tekur við þéttur skógur og talsverður skógur er einnig inni í túninu bæði austan og vestan við hana.

Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Brynjólfur Þorsteinsson og Þuríður Bjarnadóttir fluttu frá Reynivöllum að Skaftafelli 1833 og byggðu sér þá bæ í brekkunni upp frá gamla Skaftafellsbænum. Þar er nú gömul fjárrétt." Réttin sem var byggð síðar er að miklu leyti úr grjóti en leifar sem virðast frá eldra byggingarstigi eru bæði austan og norðan við réttina, sjá 115 og 118. Réttin er 13 x 11 m stór og snýr NNA-SSV. Hún er einföld og grjóthlaðin. Vegghleðslur eru mest um 1,3 og sjást mest 5-6 umför af grjóthleðslu. Grjót réttarinnar er vaxið mosa og skófum. Inni í tóftinni vex svolítið af njóla. Op er vestan við miðju á norðurvegg og er það um 2 m breitt. Þrjár af hliðum réttarinnar eru nokkuð beinar en sú fjórða, suðausturhliðin myndar gleitt horn sem skiptir henni í raun í tvær hliðar og virðist mögulegt að op hafi verið á þeim veggstúf sem er suðvestar en þar er mosavaxin grjóthrúga líkt og að grjót hafi þar verið notað til að fylla upp í eldra op. Tæpum 1 m ofan (norðaustan) við opið gengur lítill og fremur siginn garðstubbur út frá tóftinni og til austurs í um 2 m áður en hann endar í siginni tóft, sjá 118. Næst tóftinni má greina svolitlar grjóthleðslur í garðlaginu. Annað áþekkt garðlag gengur frá tóftinni um 3 m sunnan við hið meinta op frá horni réttar og tæpum 6 m frá hinu garðlaginu. Það liggur í um 3 m til suðurs en endar í kálgarði 115. Saman mynda garðstúfarnir, tóft 118 og kálgarður 115 hálfgerða trekt að réttarhorninu og hina meinta opi og má hugsa sér að það gæti hafa auðveldað rekstur inn og úr henni. Réttin er greinilega byggð inn í eldri tóft. Norðaustast í tóftinni er stallur ofan við réttarvegginn og



SF-088:021. Á mynd til vinstri er horft austurs en á mynd til hægri er horft til vesturs

norðan við hann er svo annar veggur sem afmarkar norðausturhlið stallsins. Í þeim vegg

eru engar grjóthleðslur og hann gæti verið eldra byggingarstig. Á og fast ofan við þennan efsta vegg vaxa víði- og birkiplöntur enda tekur við þéttur skógur fast ofan réttar. Stallurinn gengur meðfram norðausturveggnum endilöngum og er 1-1,5 m á breidd en mjókkar til austurs, frá botni réttarbotni og upp á stall erum um 0,8 m og frá stalli og upp á ytri (eldri) vegg eru um 0,3 m. Í örnefnaskrá er getið um að einsetumaður hafi búið í útihúsi í Gömlutúnum en ekki er ljóst hvort líklegast er að það hafi verið í þessu húsi eða 096. "Þar aðeins vestar [en Fauski] eru rústir eftir útihús frá gamla bænum, ofan við þær eru paldrar sem kallaðir eru Bergstóftarbalar. Þar er sagt að hafi búið einsetumaður, Bergur að nafni," segir í örnefnaskrá. Fornleifavernd ríkisins skráði staðinn 2004.

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

Heimildir:BAS III, 48-49, 84; Skaftafell, 35 og 110; Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1980, 95-96, Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 8

SF-088:023 heimild um leið 64°01.450N 16°59.394V

Inn á túnakort Sels frá því um 1920 er merkt leið meðfram frá heimatúninu og inn í túnið Gíslatorfu. Aðeins er um stuttan götuslóða að ræða og hefur hann, samkvæmt kortinu aðeins verið um 15 m langur og tengt aðaltúnið og s.k. Gíslatorfu. Leiðin hefur án efa legið frá bæ um aðaltúnið og upp í hús í Gíslatorfu 042 þó ekki sé hún sýnd sérstaklega nema á milli túnanna tveggja. Á þessum slóðum er grasi- og runna vaxin brekka í halla til suðurs.

Ekki sést eiginlegur slóði á þessum slóðum lengur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort frá því um 1920

SF-088:024 heimild kálgarður 64°01.459N 16°59.663V

Inn á túnakort Hæða frá því um 1920 er merktur kálgarður neðan við túnskikann Skerbala og því niður og lítillega austur af útihúsum 027 (sem virðast horfin) og 028. Nú er þar slétt grasflöt. Engar leifar sjást af garðinum, sem hefur verið fremur lítill.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: túnakort frá því um 1920


SF-088:025 hús fjárhús 64°01.410N 16°59.667V

Inn á túnakort Hæða frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús um 100 m SSV frá bæ 021. Þar er enn uppistandandi torfkofi. Sennilega er þetta sami staður og um segir í bókinni Skaftafell e. Þórð Tómasson: "Niðri á Hæðabarði var ærhús fyrir 24 ær, það þriðja austur af því [sjá 026], niðri í túninu. Allt voru þetta jötuhús."

Brött og grasi vaxin brekka er á þessum slóðum mót suðri. Slétt flöt er fram af húsinu og manngerð dæld meðfram því að austan. Hún er um 2 m breið og slétt í botni.



SF-088:025, á mynd til vinstri er horft til norðvesturs en til norðurs á mynd til hægri



Húsið er alls um 7 x 6 m stórt og snýr norður-suður. Veggir eru hlaðnir úr grjóti, þak úr timbri og járni og tyrft yfir. Suðurgafl er úr járni með timburhurð og glugga. Þakið er fallið að hluta. Timburgafl er á húsinu sunnanverðu. Tóftin hefur verið grafin inn í brekkuna að nokkru leyti, enda er hún brött. Hæsta hleðslan er í norðurgafli, allt að 2 m há ef mælt er innanfrá. Há timburjata virðist vera í húsinu meðfram austurvegg. Manngerð dæld virðist vera meðfram húsinu

að austan, um 2 m breið og slétt í botni. Væntanlega hefur verið skorinn stallur inn í brekkuna áður en byggt var og hafður breiðari en húsið til að hægt væri að athafna sig þar. Anna Ragnarsdóttir, heimildamaður, minnist þess að húsið hafi verið notað sem hænsnakofi. Fornleifavernd ríkisins skráði kofann árið 2004.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906; Skaftafell, 115, Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 24

SF-088:026 heimild um fjárhús 64°01.370N 16°59.630V

Inn á túnakort Hæða frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús um 130 m suður frá bæ 021. Það hefur verið um 80 m ASA af húsi 025. Sennilega er þetta sama hús og um segir í bókinni Skaftafell e. Þórð Tómasson: "Niðri á Hæðabarði var ærhús fyrir 24 ær [sjá 025], það þriðja austur af því, niðri í túninu. Allt voru þetta jötuhús." Tún í bratta mót suðri. Á þessum stað liggur rani niður túnið til suðurs, við hliðina á gömlum lækjarfarvegi. Túnið hefur ekki verið vélsléttað. Neðar í brekkunni er skógur. Svæðið er nú (2012) nýtt fyrir hrossabeit. Húsið virðist horfið en á þessum stað er þó sléttur stallur í brekkunni þar sem það gæti hafa staðið. Engin ummerki eru sýnileg.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906; Skaftafell, 115

SF-088:027 hleðsla útihús 64°01.467N 16°59.680V

Inn á túnakort Hæða frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús í Skerbala, 20-30 m suður og niður af húsum 028. Það hefur væntanlega staðið í brekkurótum, en Skerbali er að stóru leyti snarbrött brekka. Valllendi meðfram brattri brekku.

Engin greinileg ummerki sjást um útihús á þessum slóðum. Á einum stað má sjá óljósa hleðslu sem gengur fram úr snarbrattri brekkunni, um 3 m löng, algróin og rúmlega 1 m há. Þetta eru eini staðurinn sem virðist geta komið til greina.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906

SF-088:028 hús fjárhús 64°01.473N 16°59.671V


Inn á túnakort Hæða frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús tæplega 100m frá bæ 021, í stakstæðu túni sem nefnt er Skerbali. Þar eru útihús sem enn eru uppistandandi að hluta. Það er um 150 m VNV af núverandi íbúðarhúsi í Hæðum, handan við bæjarlækinn. Þetta voru fjárhús og hlaða. Hugsanlega er þetta sami staður og um segir í bókinni Skaftafell e. Þórð Tómasson: "Smiðjan var framan af vestan við Grjótlæk, en Jón Einarsson gerði hana að fjárhlöðu og byggði lambakofa dálítið vestar."



SF-088:028. Á mynd í vinstra horni efst er horft til suðurs, efst til hægri er horft til norðurs, á mynd í vinstra horni neðst er horft til austurs og á mynd í hægra horni neðst til VSV

Brött brekka mót suðri. Fast norðan við húsin hefur þakhellum verið staflað fallega upp.

Á þessum stað eru þrjú sambyggð útihús, byggð inn í mjög bratta brekku. Þekja hangir upp í miðjutóftinni og þil sömuleiðis en hinar eru auðar. Alls er húsalengjan 17-18 m löng og snýr austur-vestur. Hún er mest um 11 m löng frá norðri til suðurs. Klöngrast þarf upp að húsunum úr suðri en ef komið er úr norðri er nánast hægt að ganga beint út á þekjuna, ef hún væri mannheld. Austasta tóftin (A) er að miklu leyti



gróin en þó blasa víða við vegghleðslur býsna stórkarlalegar, úr grófu og stórgerðu grjóti. Hæst slagar hleðslan upp í 2 m norðaustast. Ekkert sést innanstokks. Samkvæmt Önnu Ragnarsdóttur var þetta hlaða. Hún er 2-3 m styttri en hinar tóftirnar, rúmlega 6 x 3 m stór að innanmáli frá norðri til suðurs, og gæti hafa verið byggð seinna. Járnþak lafir upp í miðjutóft (B) ásamt timburþili. Þilið er líka tekið að halla mikið fram, vantar í það margar spýtur og hafa flestar þverbrotnað um miðbikið út af hallanum. Þar inni eru leifar af timburjötu meðfram vesturvegg og var húsið fjárhús. Innanmál hússins er líklega um 9 x 4 m og snýr það norður-suður. Engar þakleifar eru í vestustu tóftinni (C) sem er í líku ásigkomulagi og sú austasta og hér um bil jafnstór að innanmáli, um 9 x 4 m og snýr eins. Hleðslur eru heillegar í veggjum. Fornleifavernd ríkisins skráði húsið um 2004 (númer 88-46) og í óútgefinni skráningarskýrslu þeirra segir: "Þrjú samstæð grjót- og torfhús. Miðjuhúsið stendur enn en hin eru nú tóftir einar. Hleðslur standa vel í vestasta húsinu en eru mjög hrundar inn á við í austasta húsinu. Austasta húsið mun hafa verið smiðja, seinna gerð að hlöðu. Austasta húsið er 8 x 3 m og það vestasta 6 x 3 m. Hleðsluhæð hæst um 1,5 m."

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906; Skaftafell, 115, Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 22

SF-088:029 heimild um útihús

Inn á túnakort Hæða frá því um 1920 er merkt útihús um 145 m frá bæ 021, í stakstæðu túni sem nefnt er Fornviðarbrekka. Sennilega er þetta sama hús og um segir í Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson: "Ærhús [frá Hæðum] var inni á sléttu flötinni í Fornviðarbrekku. Það tók um 40 kindur. Hey var borið frá hlöðunni í kláfum." Samkvæmt túnakortinu hefur þetta hús verið einfalt. Engin merki sjást um útihús í túninu nú, bara leifar af túngarði eða gerði (sjá 133).

Heimildir:Túnakort frá því um 1920; Skaftafell, 115

SF-088:030 heimild um hesthús 64°01.517N 16°59.490V

Inn á túnakort Hæða frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús um 75 m norður frá bæ 021, efst í túni. Þetta tún hefur sýnilega stækkað mikið eftir að kortið var gert, til norðurs og vegna þess og brekkunnar er erfitt að átta sig á því nákvæmlega hvar húsið gæti hafa verið. Hér er bæði miðað við afstöðuna við tóft 042, en á teikningu landmælingamanna (sem er með hæðarlínum) er gert ráð fyrir að hún og þetta hús hafi verið í líkri hæð. Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Hesthús fyrir tvo brúkunarhesta var fyrir ofan bæinn [sjá 032]. Annað stóð norðvestur af því í hvarfi af Klifbrúninni. Gjafahestarnir voru í húsinu heima við bæinn, hinum var gefinn úrgangur, m.a. hey, sem rakað var af gólfum í fjárhúsum." Líklega er hér átt við sömu hús og sýnd eru á kortunum gömlu. Mjög grösugt tún með mosabungum, töluverður skógur í kring.

Ekki fannst tóft sem hægt er að koma heim og saman við kortin. Á einum stað á túninu fannst reyndar dálítið rústalegur hóll en hann verður að teljast allt of norðarlega til að stemma við kortið. Húsið var staðsett miðað við kortin tvö.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906; Skaftafell, 115

SF-088:031 heimild um kálgarð 64°01.448N 16°59.541V

Inn á túnakort Hæða frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merktur kálgarður, beint framan við bæ 021 og er aðeins leið 034 á milli.

Þessi garður er nú nánast horfinn en ef rýnt er í loftmynd má þó óljóst sjá móta fyrir útlínum hans. Garðurinn hefur verið um 40 x 10 m stór og snúið austur-vestur samkvæmt kortinu og legið undir allri framhlið bæjarins. Fornleifavernd ríkisins skráði staðinn (nr. 88-43) um 2004 og í óútgefinni skýrslu um skráninguna segir: "Aðeins sést móta fyrir ferköntuðum garði sem grafinn hefur verið inn í hlíðina að norðanverðu. Snýr SA-NV. Hann hefur verið um 30 m langur og um 12 m breiður." Ummerkin eru, eins og áður segir, orðin mjög óskýr nú (2012).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906 og Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 21

SF-088:032 þúst hesthús 64°01.463N 16°59.552V

Á túnakorti frá því um 1920 er sýnt útihús um 20 m ofan eða norðvestan við vesturenda bæjarhúsa í Hæðum, sjá 021. Þar sjást einhverjar hleðsluleifar, fast ofan við Klifgötu 034. Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir um hús sem líklega eru þau sömu og sýnd eru á kortinu: "Hesthús fyrir tvo brúkunarhesta var fyrir ofan bæinn [Hæðir]. Annað stóð norðvestur af því í hvarfi af Klifbrúninni [sjá 030]. Gjafahestarnir voru í húsinu heima við bæinn, hinum var gefinn úrgangur, m.a. hey, sem rakað var af gólfum í fjárhúsum." Brött brekka mót suðri. Stór og áberandi jarðfastur klettur er við austurenda leifanna sunnan til.

Tóftin (eða stallurinn) er aflöng frá austri til vesturs. Hún er rúmir 15 x 6-7 m stór, grafin inn í brekkuna en þó er töluverður halli á yfirborðinu. Miklir runnar eru teknir að vaxa innan veggja sem eru töluvert úr lagi gengnir og óljósir sumstaðar, algrónir og mest um 0,4 m háir. Tóftin er niðurgrafin,



SF-088-032, horft til suðurs

djúp rás gengur inn í hana að norðanverðu, allt að 8-9 m löng og um 1,5 m djúp og 1 m breið. Hugsanlegt virðist að vatni hafi verið veitt þar inn ofan úr brekkunni. Við fyrstu sýn virðist þessi tóft minna meira á kálgarð en hesthús og ekki útilokað að svo hafi verið. Fornleifavernd ríkisins skráði staðinn um 2004 (nr. 88 - 45) og segir í óútgefinni skýrslu um hann: "Mjög eydd tóft. Hleðslur sjást á tvo vegu en veggir horfnir fram að brekkunni. Kann að hafa verið tvískipt."

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort frá því um 1920; Skaftafell, 115 og Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 21

SF-088:033 garðlag túngarður 64°01.496N 16°59.561V

Garður er hlaðinn í brekkunni norðvestur af núverandi íbúðarhúsi í Hæðum, 40-50 m austan við Grjótlæk. Brekka mót suðri. Mikið kjarr vex þar, lágur víðir og stöku birkihrísla.

Alveg gróið og sigið garðlag, liggur til suðurs niður brekku, er um 0,8 m breitt og 0,2-0,4 m hátt. Það hverfur í kjarr eftir 10-15 metra. Það er mögulegt að hleðsla þessi tengist rafstöð 066, gæti jafnvel verið hleðsla yfir vatnsrás sem hefur átt að leiða vatn að henni úr Grjótlæknum.



SÞ-088:033, horft til suðurs

Hættumat: engin hætta

SF-088:034 *Klifgata* gata leið 64°01.465N 16°59.575V

Í bók Þórðar Tómassonar um Skaftafell segir: "Garður var hlaðinn ofan við bæinn [í Hæðum]. Bak við hann var svonefnd Klifgata, sem lá til norðvesturs upp í heiðarbrúnina og almennt var farin af fólki, sem fór á jökli. Hún var einnig farin, þegar riðið var inn í Bæjarstað í smalamennsku, sem altítt var að vori, en oft var þó farið gangandi til þeirra starfa. Þá var að mestu hætt að fara Miðgötu fyrir neðan bæinn [sjá 085 - það hlýtur að

vera gatan sem lá um bæjarhlaðið]. Hún þótti verri að fara sökum giljanna inni í heiðinni, en Klifgata lá ofan við þau, önnur en Hrafnagil og Eyjargil." Klifgata sést enn mjög vel. Hún liggur til VNV skáhallt upp túnið í Hæðum 60-70 m norður af núverandi íbúðarhúsi. "Gatan sem lá inn í Bæjarstaðaskóg heitir Jaðravegur, á henni eru ræsi og rennur þar neðar," segir í örnefnaskrá. Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Um Klifina lá Klifgata [034] í Jaðarveg, sem lá svo áfram inn heiðina. Jaðarvegur virðist hafa verið framhald Klifgötu og því skráð undir sama númeri. "Klifgata er ekki merkt inn á túnakort frá því um 1920. Gatan sem þar er sýnd og liggur um bæjarhlaðið hefur verið mun neðar eða sunnar og hlýtur að vera Miðgata (sjá 085).
Mjög bratt en grösugt, óslegið tún í halla mót suðri.

Mjög greinileg gata eða vegur sem hefur verið lagfærður af manna höndum. Þetta er um 2,5 m breiður stallur, sléttur og sést vel í brattri brekkunni. Hann er algróinn og runnar teknir að vaxa í vegarstæðinu. Á loftmynd má rekja götuna á um 180 m kafla, langleiðina frá Seli og að Grjótlæk. Þar hverfur hún og sennilegt að venjulegar reiðgötur hafi tekið við í framhaldinu en þar er mest allt land komið á kaf í skóg. Á loftmynd má hins vegar greina línu í framhaldi til vesturs sem gæti verið leifar af sama garði. Línan liggur ofarlega í brekkunum fram hjá Kolgrafargili, Götugili, Hrafnagili og Eyjagili, er um 650 m löng og gæti verið framhald Klifgötu. Fornleifavernd ríkisins skráði götunar árið 2004.


SÞ-088:034 götur í brekkunni ofan bæjar í Hæðum, horft til VNV

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Skaftafell í Öræfum, 114-115, Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 23-24

SF-088:035 garðlag óþekkt 64°01.513N 16°59.531V

Garðlagsstubbur er í vesturjaðri aukatúns í Hæðum sem er um 120 m ofan og

norðaustan við núverandi íbúðarhús í Hæðum. Mörk túns og móa austan við læk.



SF-088:035. horft til norðausturs

Á þessum stað sést algróið garðlag sem er að hluta komið í skóg. Garðinn má elta rúma 20 m til suðurs en þá sveigir hann í vestur og norðvestur - liggur allt að Grjótlæk og er næst honum breiður og pattaralegur á um 20 m löngum kafla (2 m breiður, um 0,6 m hár) að miklu leyti á kafi í kjarri. Ekki er ljóst hvaða mannvirki eru hér á ferð en gæti þó mögulega verið tengt stíflugerð í Grjótlæknum, þá vegna rafstöðvar 066 sem stendur talsvert neðar, undir brattri brekku.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort frá því um 1920

SF-088:036 gryfja rista 64°01.507N 16°59.449V

Ofan við Hæðatún, þar sem brattanum sleppir, er eins konar aukatún uppi á sléttunni. Nálægt því miðju er mjög regluleg gryfja sem hlýtur að vera manngerð. Hún er um 190 m NA af núverandi íbúðarhúsi í Hæðum. Mjög grösug tún, mikill jarðvegur og mosi. Mjög mikið er um allslags misfellur í túninu sem eru reglulegar en þó ekki rústir. Sennilegt er að þetta stafi af torfristu.

Á þessum stað er skráð regluleg gryfja, ferköntuð og um 1 x 0,5 m stór austur-vestur. Hún er algróin og mosaþembur og gras í kring. Ekki sjást neinir veggir og ekki gott að giska á tilganginn en mögulega gæti torf hafa verið rist á þessum slóðum. Um 10 m austan við þetta fyrirbæri er þúst, mögulega tóftaleifar, um 5 x 3 m



SF-088:036 gryfja. Horft til suðvesturs


stór frá norðri til suðurs en sigin og á kafi í grasi að auki. Ekkert skal hér fullyrt um þetta mannvirki.

Hættumat: engin hætta

SF-088:037 garðlag óþekkt 64°01.504N 16°59.642V

Grjótgarður, eða öllu heldur einföld röð stórra steina, liggur yfir Grjótlæk um 120 m norður af íbúðarhúsinu í Hæðum. Lyngi- og kjarri vaxin brekka.

Garðurinn fannst fyrst skammt vestan við Grjótlækinn. Austan lækjar sést hann illa en þó vottar fyrir grjótröð í framhaldi til norðausturs, upp brekku. Vestan lækjar er þetta lág, einföld grjótröð sem er fornleg og sokkin og sumt grjótið er vel stórt. Ekki er óhugsandi að þetta gæti verið gömul girðingarundirstaða; á einum stað fannst feyskinn timburstubbur við garðinn sem gæti verið úr girðingu. 30-40 m vestur af læknum verður hleðslan gróin og hverfur þar í skóg. Fannst ekki að nýju en stefnir á Fornuviðartún. Alls var garðurinn rakinn á rúmlega 50 m löngum kafla.



SF-088:037, horft til norðausturs

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort frá því um 1920

SF-088:038 *Sel* bæjarstæði bústaður 64°01.395N 16°59.440V


Í örnefnaskrá segir: "Skaftafell er landmikil jörð og mikil fjölbreytni í landslagi og gróðri, bæirnir standa framan í Skaftafellsheiði í snarbröttu túni. Þar voru lengi þrjú býli. Hæðir efst [021], heldur ofar en bærinn er nú hjá Ragnari, þar austar og aðeins neðar Sel og Bölti [003] neðstur. Nú er Sel í eyði." Í grein eftir Þórð Tómasson í Árbók fornleifafélagsins 1975 segir: "Skaftafellsbýlin voru þrjú lengst af á 19. öld og framan af þessari öld [20. öld]. Býlin hétu Bölti [003], Sel og Hæðir [021 og 022]. [...] Bjarni sonur hagleiksmannsins þjóðkunna, Jóns Einarssonar, bjó í Skaftafelli um aldamótin 1800. Var


þá farið að þrengja að búsetu á gamla bæjarstæðinu sökum ágangs Skeiðarár. Sonur og tengdasonur Bjarna reistu býlin Sel og Hæðir um 1830. [...]." Í viðbót við grein sína segir



SF-088:038, gamli bærinn í Seli. Á mynd í vinstra horni efst er horft til norðausturs, á mynd efst til vinstri er horft til NNV, á mynd neðst í vinstra horni er horft til suðurs og niður á mynd í hægra horni neðst

Þórður í Árbókinni 1979: "Um búsetu í Skaftafelli framan af 19. öld sem að var vikið í grein minni, ritar Sigurður á Kvískerjum þetta: "Bjarni Jónsson bjó frá 1798-1832. Jón sonur hans hóf búskap 1832 og er talið að hann hafi þá byggt í Selinu. Í grein eftir Gísla Gestsson í Árbók fornleifafélagsins 1979 segir: "Í Skaftafelli varð þríbýli og bæirnir standa í allt að 100 m hæð fyrir ofan sandinn, Bölti austast, Sel spölkorni vestar og efst og vestast Hæðir. [...] sel frá Skaftafelli mun hafa staðið þar sem bærinn í Seli stóð síðar. [...] Árið 1832 flutti Jón Bjarnason, mágur Brynjólfs [Þorsteinssonar], í Selið fyrstur manna og var síðan búið í Seli þangað til árið 1946 að síðasti bóndi flutti þaðan." Samkvæmt skýrslu Þjóðminjasafnsins í Árbók fornleifafélagsins 1971 var ákveðið að gera upp bæinn í Selinu í Skaftafelli árið 1970 og var það í vinnslu til ársins 1982.





Mælingarteikningar danskra byggingarlistanema af bænum í Seli sem birtust í bókinni Öræfi II.

Í Árbók Ferðafélagsins frá 1937 segir: "Þegar yfir Skeiðará kemur er örskammt upp af brekkufætinum á Skaftafelli. Þar er allt skógi vaxið og grasi vafið. Vegurinn liggur upp með fögru klettagili, sem Bæjargil heitir, með stórvöxnum reynitrjám. Á móts við hjallann, sem býlin standa á, er hár foss, sem Hundafoss heitir. Við erum komin að

Skaftafelli í Öræfum. [...] Áður stóðu bæirnir á sléttlendinu undir heiðinni, en vegna ágangs Skeiðarár varð að flytja þá um 100 m. Upp í brekkuna (250 m.y.s.). Nú eru þrír bæir í Skaftafelli: Austast Bölti, þá Sel og efst og vestast Hæðir." Samkvæmt Byggðasögu A Skaftafellssýslu var Sel í byggð frá 1832 til 1946. Þar segir einnig: "1832 mun Jón Bjarnason (Sk. II.1) hafa byggt í Selinu, og bjó hann þar síðan til dauðadags. Hann sléttaði dálítinn blett í túninu, óvíst hvaða ár, og mun það hafa verið fyrsta túnasléttunin í Öræfum. (sögn Ragnars Stefánssonar, Skaftafelli). Í Selinu var búið til ársins 1946, en það síðan sameinað Skaftafelli III, Hæðunum." Í skrá Þjóðminjasafns Íslands yfir friðlýstar fornminjar segir: "Gamli bærinn í Seli, svo og tvær gamlar heyhlöður með ásþaki sem standa neðanvert við hann. Tekið á fornleifaskrá með bréfi menntamálaráðuneytisins 18.05.1972. Ekki þinglýst." Í grein eftir Gísla Gestsson í Árbók fornleifafélagsins segir: "[...] sel frá Skaftafelli mun hafa staðið þar sem bærinn í Seli stóð síðar." Sel stendur á svolitlum stalli í brekkunni sem er annars víða talsvert brött. Slóði liggur framhjá Selinu, fast sunnan bæjarins og slóði liggur frá honum til norðausturs, vestan við hús 040. Rafmagnsgirðing er neðan (sunnan) við húsþyrpingu 038, 039 og 040 og eru hross þar enn höfð á beit þó að þjóðgarðurinn sé annars alveg friðaður fyrir beit. Brekkurnar ofan við bæinn eru grösugar og ofar og austar eru þær vaxnar birkiskógi.

Samkvæmt túnakorti frá því um 1920 var tún Sels þá 3,3 teigar (ha) og sáðreitir 1099 m2. Inn á túnakortið er, auk bæjarins merkt fjögur útihús (039-042), tveir kálgarðar (043-044) og fimm leiðir (023, 034, 045 og 046). Bærinn er friðlýstur, hluti af húsasafni Þjóðminjasafns Íslands og hafði safnið umsjón með því að bærinn var gerður upp undir lok 20. aldar.



Unnið að endurbótum í Seli árið 1971. Ljósmyndina tók Gísli Gestsson.
Birt með leyfi frá Þjóðminjasafni Íslands.

Nafnið gefur til kynna að á sama stað hafi upphaflega verið selstaða en öll ummerki hennar eru löngu horfin af yfirborði. Bærinn í Seli stendur á svolítill torfu út úr brekkunni. Upphækkun sem líklega er að hluta uppsöfnuð mannvistarlög, gengur til suðurs frá suðvestur stafni bæjarins og er um 0,5 m hærri en vegurinn sem liggur sunnan við bæinn og til vesturs. Samtals má tala um uppsöfnun á svæði sem er mest um 2-3 m hærra en umhverfið og er gróflega áætlað um 50 x 30 m og snýr norður-suður. Á því stendur uppgerður bærinn. Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "[...] varðveitt er ein úttekt jarðarhúsa bæjarins í gamla Skaftafelli, gerð eftir fráfall Bjarna Jónssonar í hendur ekkju hans, Guðnýju Þorsteinsdóttir, 20. maí 1834. Úttektina framkvæmdu þeir Ísleifur Ásgrímsson og Jón Árnason bóndi á Fagurhólsmýri. Er hún á þessa leið: [...] Eitt hús í selinu, 4 stafgólf í sæmilegu standi að veggjum og viðum. Dyrnar þar fram af 1/2 stafgólf í sæmilegu standi að veggjum og viðum. Dyrnar þar fram af 1/2 stafgólf, er þils- og hurðarlaust. Ofanálag 1 rd." Danskir arkitektanemar fórum um Öræfasveit árið 1973 og teiknuðu m.a. upp bæjarhús Sels. Þá voru bæjarhúsin þrjú og bærinn var samtals um 15 x 7 m stór og snýr nálega austur-vestur. Stofa A er austust og var hún samkvæmt uppdrættinum um 5 x 2,7 m stór með inngangi vestast á suðurhlið og öðrum norðan við miðjan austurvegg. Úr stofunni var einnig gangur til vesturs yfir í

fjósbaðstofu B. Samkvæmt uppdrættinum var fjósbaðstofan um 5 x 2,6 m að innanmáli og voru líklega um 14 básar í henni. Op var austast á suðurþili fjóssins. Vestan við fjósbaðstofuna var hlóðaeldhús áður en húsið var nýtt sem hlaða þegar uppdrátturinn var gerður 1973. Samkvæmt honum var hlaðan 4,5 x 2,5 m að innanmáli og op var um timburþil að sunnan. Ekki var innangengt á milli hlöðu og fjárhúss. Um 2 m vestan við hlöðu C er teiknuð útihúsasamstæða úr blönduðu efni sjá 040.

Á vef Þjóðminjasafns segir, þar sem fjallað er um húsakost safnsins: "Selið er lítill torfbær af sunnlenskri gerð, reistur af Þorsteini Guðmundssyni bónda árið 1912 og er ágætt sýnishorn af bæjum eins og þeir gerðust í Öræfasveit fram á þriðja áratug tuttugustu aldar." Í ársskýrslu Þjóðminjasafns frá 1970 sem birtist í Árbók hins íslenzka fornleifafélags segir: "Ákveðið er nú að gera upp bæinn í Selinu í Skaftafelli, eins og fyrr hefur verið minnzt á. Á árinu var stofuhúsið mælt og tekið ofan og merktir þeir viðir, sem unnt verður að nota að nýju. Dvaldist Gísli Gestsson safnvörður þar eystra nokkra daga um haustið og annaðist verkið, en þeir bræður, Jón og Ragnar Stefánssynir í Skaftafelli voru honum til aðstoðar og munu síðan taka til við endurbyggingu bæjarins næsta vor. Viðgerð þessa bæjar verður mikið átak og hlýtur að verða unnið í áföngum."Gamli bærinn var gerður upp á árunum 1970-1982 og er nú opinn almenningi. Honum var breytt nokkuð þegar hann var gerður upp. Hann er þó enn þrjár burstir, allar með dyrum á suðurstafni. Vestasta burstin er mun minni en hinar tvær. Bærinn er í grófum dráttum 20 x 11 m stór og snýr austur-vestur. Hann er byggður inn í brekkuna ofan við (norðan við). Á austari stöfnunum tveimur eru misstórar hurðir og tveir gluggar en á vestasta gaflinum er mjög lítil hurð og agnarsmár mænisgluggi. Í dag er eldhús innst (nyrst) inn í austasta húsinu og loft þar yfir. Í miðgafli er fjós og fjósbaðstofa og vestast er hlóðaeldhús/smiðja. Fornleifavernd ríkisins skráði staðinn árið 2004.

Hættumat: hætta vegna átroðnings

Heimildir:ÁHÍF 1975, 100; ÁHÍF 1979, 95, 181-182; ÁHÍF 1971, 145; ÁHÍF 1982, 206-207; ÁFÍ 1937, 10, 12; BAS III, 47, 84; ÁÓG 1990, 61, Öræfi I, F24, http://www.thjodminjasafn.is/minjar-og-rannsóknir/husasafn/husin-kort/nr/342, Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 16

SF-088:039 hús hlaða 64°01.397N 16°59.484V

Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Tvær heyhlöður byggðar í fornum stíl eru neðan við Selsbæinn [038]". Inn á túnakort Sels frá því um 1920 og bæjateikningu

danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús um 20 m vestan við bæ 038. Á korti Dananna virðist húsið í línu við bæinn en túnakortið sýnir raunsærri afstöðu, þ.e. húsið örlítið neðar í hlíðinni. Bæði kortin sýna lag húsanna alveg eins, þ.e. að austast hafi staðið stórt hús sem snéri nálega norður suður en tvö minni hús hafi verið vestan þess og húsasamstæðan þannig verið L-laga. Framan eða sunnan við samstæðuna er svo teiknaður stór kálgarður. Húsin hafa tekið einhverjum breytingum á 20. öld en hafa verið uppgerð að hluta og standa undir þaki. Nú eru tvö sambyggð hús á þessum stað en kálgarðurinn sunnan við er horfinn. Húsin eru friðlýst ásamt gamla bænum í Seli. Húsin eru fast sunnan við vegslóða sem liggur fram hjá Selsbænum fast sunnan við hann og áfram til vesturs að Hæðum.


Rafmagnsgirðing er neðan (sunnan) við húsþyrpingu 038, 039 og 040 og eru hross þar enn höfð á beit þó að þjóðgarðurinn sé annars alveg friðaður fyrir beit. Brekkurnar ofan við bæinn eru grösugar og ofar og austar eru þær vaxnar birkiskógi.



SF-088:039. Á mynd til vinstri er horft til vesturs en mynd til hægri til norðvesturs

Danskir arkitektanemar teiknuðu upp bæinn í Seli og útihúsin sem hér eru skráð árið 1973. Samkvæmt þeim var austara húsið hlaða frá 1880 en var áður baðstofa. Húsið vestar er líklega byggt ofan í minni húsin tvö sem stóðu þegar túnakortin voru gerð í upphafi 20. aldar. Samkvæmt dönsku nemunum var þetta hús ekki byggt fyrr en 1940-50. Samkvæmt teikningu Dananna var samstæðan samtals 11 x 9,5 m stór að utanmáli. Austara húsið var tæplega 6,5 x 2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á suðurgafl þess austarlega og gluggi á norðurgafli sem byggður er inn í brekkuna en þar hefur hey verið sett inn í hlöðuna. Húsið var borið uppi með þakás og tvöfaldri stoðaröð með 2 x 6 stoðum. Vestara húsið var 7,5 x 2,8 m stórt og snýr norður-suður. Op er á suðuþili, austast. Á það er einnig gluggi á norðurgafli þar sem hey var sett inn. Húsið er

borið uppi af þakás tvöfaldri stoðarröð, 2 x 8 stoðir. Húsið er friðað ásamt gamla bænum í Seli. Það er hluti af húsasafni Þjóðminjasafns Íslands og á vef safnsins segir um það: "Skammt frá bænum eru stórar hlöður með afar fornu byggingarlagi, þar sem þakið er svokallað þríása með einn þakás eftir mæni og sinn ásinn hvorum megin við hann og eru þeir bornir uppi af innstöfum. Raftar ganga frá mæni og niður á veggi, en þakhella er þar á ofan og torf efst." Gert var við húsið árið 1979 en í ársskýrslu Þjóðminjasafns fyrir árið sem birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags segir: "Þá var einnig framkvæmd mikil viðgerð á hinum gömlu tvíása hlöðum neðanvert við Selið, veggir hlaðnir upp og þil endurnýjuð. Það verk önnuðust þeir Sigurþór Skæringsson og Jóhann G. Guðnason, sem áður hafa unnið mikið að hleðslustörfum fyrir safnið." Húsið snýr nálega austur-vestur og er nú, gróflega áætlað um 14 m langt en mjög misjafnlega breitt eða 11 m að norðan en um 16 m að sunnan. Nú eru dyrnar á húsin á miðjum timburgöflum og gluggar eru beint yfir þeim. Þakið hvílir enn á timburstoðum en talsvert bárujárn er einnig í því. Bæði húsin eru í halla til suðurs, það vestara þó í ívið meiri halla. Suðurstafn húsanna er um 2,5 m hár en norðurstafn stendur aðeins 1-1,5 m upp úr brekkunni að utan. Framan við (sunnan við) húsin, sérstaklega það austara er svolítil hæð á 2-3 m kafla. Innan við 5 m frá suðurgafli er nú rafmagnsgirðing og þar sunnan við tekur við nokkuð brött brekka til suðurs.



Mælingarteikningar danskra byggingarlistanema af húsum SF-088:039, sem birtust í bókinni Öræfi I, blöð I F24a

Hættumat: hætta vegna átroðnings

Heimildir:Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906; ÁÓG 1990, 61, ÁHÍF 1980, 37, Öræfi I, F24, http://www.thjodminjasafn.is/minjar-og- rannsóknir/husasafn/husin-kort/nr/342


SF-088:040 hús fjárhús 64°01.401N 16°59.478V

Inn á túnakort Sels frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús um 20 m frá bænum í Seli 038. Fast vestan við bæinn í Seli er 4-5 m breitt sund en vestan þess tekur við löng bygging úr blönduðu efni vísast byggð í áföngum á löngu skeiði. Það hús sem sýnt er á túnakorti frá 1920 á þessum slóðum kann að vera vestast af þeim húsum sem standa í nú eða það hús a.m.k. byggt á sama stað og húsið sem stóð um aldamótin 1900.



SF-088:040. Á hægri mynd er horft til suðurs en til austurs á mynd til vinstri

Samkvæmt túnakortinu má ætla að húsið hafi verið einfalt. Danskir arkitektúrsnemar mældu húsið sem stóð á þessum stað 1973 upp. Samkvæmt mælingum þeirra var útihúsasamstæðan þá um 13,5 x 8 m stór og samanstóð af þremur húsum sem öll voru undir þaki. Austast í henni voru fjárhús/skemma A, úr timbri/steypu og er 6,5 x 5,5 m stór. Húsið snéri nálega norður-suður og er torfveggur við það að vestan og hluta að norðan. Það er sambyggt tveimur húsum úr torfi og grjóti vestan við. Fast við það er hús sem var áður smiðja en var orðið að fjárhúsi þegar það var teiknað upp árið 1973. Fjárhúsin, B, voru tæpir 4 x 1,8 m að innanmáli og op var á miðju suðurþili þeirra. Sambyggt hólfi B að vestan var annað hólf, C. Það var fjárhús og um 6 x 2 m að innanmáli. Hólfið snéri nálega norður-suður og op var á miðju suðurþili þess. Hús þessi hafa nokkuð breyst frá því að arkitektúrsnemarnir mældu þau. Talsvert hefur hrunið úr hleðslum og má gróflega ætla að umfang mannvistarleifa nái yfir svæði sem er um 20 x 14 m stór og snýr austur-vestur. Fjárhúsin og smiðjan, B, sem eru miðjuhólfi og voru undir þaki 1973 er nú orðið að tóft. Yngsta húsið sem er austast er úr steinsteypu,



Mælingarteikningar danskra byggingarlistanema af Selinu SF-088:040 sem birtust í bókinni Öræfi I, blöð I F24a. Miðjuhúsið er nú orðið að tóft.

grjóti, timbri og bárujárni. Húsið er 9-10 x 10-11 m stórt og snýr norður-suður. Miðjutóftin er nú 6 x 3 m að innanmáli og er tóftin opin til suðurs. Veggir eru að mestu grjóthlaðnir og hafa líklega verið jötur meðfram austur- og vesturveggjum. Vegghleðslur eru mest 2,3 m á hæð og sjást á stöku stað allt að 10 umfjör af grjóthleðslu. Vestasta húsið er enn undir þaki. Steinsteyptur garði gengur eftir því endilöngu en líklega hefur það verið hænsnakofi undir lokinn enda eru 2 lítil op neðarlega á suðurþili og svæði inni í þeim girt af nyrst í húsinu með hænsnaneti. Veggir hússins eru að hluta hlaðnir úr grjóti en í því er líka að finna timbur og bárujárn.

Hættumat: hætta vegna átroðnings

Heimildir:Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906, Öræfi I, F24,

SF-088:041 tóft fjárhús 64°01.461N 16°59.457V

Inn á túnakort Sels frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús um 120 m frá bæ 038. Greinileg tóft er ennþá á þessum stað, 15-20 m vestan við ógreinilega þúst 072 og um 120 m norðan við bæ í Seli 038. Hún er tæpum 80 m vestan við 042.


Tóftin er í grasi- og skógivaxinni brekku ofan við bæ 038. Talsverð dokk eða flati

er framan við hana í brekkunni en að norðanverðu er tóftin byggð inn í brekkuna og er sá hluti hennar á kafi í trjágróðri og illgreinanlegur af þeim sökum. Tóftin er í örlitlum halla til norðurs. Hún er á kafi í grasi en talsverðar grjóthleðslur hafa verið í veggjum hennar þó að veggir séu nú að talsverðu leyti hrundir inn.



SF-088:041, á mynd til vinstri er horft til NNV en á hægri mynd til VNV

Samkvæmt túnakortinu má ætla að húsið hafi verið einfalt og hefur það snúið nálega austur-vestur. Tóftin sem sést á þessum stað nú (2012) snýr hins vegar norður-suður og því ljóst að húsið hefur tekið miklum breytingum frá því að túnakort var teiknað um 1920. Tóft hússins er um 14 x 6 m stór og snýr eins og áður segir norður-suður. Hún er einföld og opin til suðurs. Að innanmáli er tóftin 10 x 2,5 en að hluta til er erfitt að stika hana vegna gróðurs. Svolítið grjót er efst (nyrst) í tóftinni en allra efst í henni er 1,5-2 m breiður, sléttur stallur. Ofan við tóftina er talsvert af grjóti sem hefur verið tekið úr henni. Inni



Fjárhústóft SF-088:041. Teikning byggð á frumgögnum frá Minjastofnun Íslands og skýrsluhöfundum

tóftinni er talsvert af grjóthrun, sérlega í suðurhluta hennar. Vegghleðslur eru þó allt að 1,5 á hæð þar sem mest er og álíka breiðar. Þær eru mosagrónar en þar sem best er í vesturvegg sjást um 1,4 m af hleðslu eða 7 umför. Svolítil hæð er framan við tóftina að sunnanverðu. Hún er um 5 x 3 m stór og snýr austur-vestur. Fornleifavernd ríkisins skráði og mældi upp útihúsið árið 2004 og samkvæmt lýsingu þeirra mátti þá sjá óljóst móta fyrir garða eftir tóftinni endilangri. Hann er nú orðinn alveg ógreinilegur en samkvæmt því hefur húsið verið fjárhús.

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

Heimildir:Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906;

Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 18

SF-088:042 tóft fjárhús 64°01.476N 16°59.369V

Inn á túnakort Sels frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merkt útihús um 155 m frá bæ 038 í stakstæðu túni sem nefnt er Gíslatorfa. Tóft hússins er enn greinileg í stakstæðum túnskika sem teygir sig til norðurs úr norðausturhorni heimatúni Sels.


Tóftin er í hálfgerðum rima sem ræktaður hefur verið upp og sléttaður í tún en er nú aftur á leið í órækt. Riminn er kominn á kaf í sinu og gras. Umhverfis eru birki-, kjarr



SF-088:042, á mynd til vinstri er horft til SSA en á hægri mynd til VSV

og lyngivaxnir ásar og nokkuð deiglent er vestan við tóftina. Svæðið er í halla til suðurs. Samkvæmt túnakortinu má ætla að húsið hafi verið einfalt en tvö hólf sjást í tóftinni. Tóftin er L-laga. Hún er um 20 m löng, 6 m breið syðst en 9 m breið allra nyrst. Tóftin snýr norður-suður. Sjálf fjárhúsin eru sunnar í tóftinni og snúa norður-suður. Timburgafl

hefur líklega verið fyrir suðurhlið en hann hefur þá verið fjarlægður. Fjárhúsin eru 11-12 x 2 m að innanmáli. Eftir fjárhúsunum endilöngum gengur gróinn garði. Grjóthleðslur sjást í veggjum fjárhúsanna hér og þar og grjóthrúgur eru líka á nokkrum stöðum. Veggir eru þó víðast vel grónir. Hlaðan er að baki (norðan við) fjárhúsunum og snýr þvert á þau. Veggurinn á milli fjárhúsa og hlöðu er nokkuð óljós og allt að 2,5 m á breidd. Op hefur verið að milli hólfa. Inni í hlöðutóftinni er alveg mosavaxið og þar vex einnig talsvert mikið gras. Miklar grjóthrúgur meðfram suður- og vesturvegg hennar. Hlaðan er 4 x 2,5 m að innanmáli en grjót hefur líklega verið fjarlægt úr veggjum hennar að hluta og það liggur nú í botni hennar. Tóftin, og þá sér í lagi hlöðutóftin, er talsvert niðurgrafin. Vegghleðslur í hlöðu eru mest 1,5 m háar, mældar frá innri brún veggja og niður í gólf en utanfrá er hún á bilinu 0,3 til 0,7-0,8 m há. Víðirunni vex fast við norðvesturhorn tóftar og víði- og birkigróður er farinn að þrengja að henni víðar þó minna sé um hann í nánasta umhverfi hennar en fjær henni. Fornleifavernd ríkisins skráði staðinn árið 2004.



Fjárhústóft SF-088:042

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

Heimildir:Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906, Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 18

SF-088:043 heimild um kálgarð 64°01.387N 16°59.449V

Inn á túnakort Sels frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er merktur kálgarður beint framan við bæ og hefur einungis bæjarhlaðið verið á milli.

Rafmagnsgirðing er neðan (sunnan) við húsþyrpingu 038, 039 og 040 og eru hross þar enn höfð á beit þó að þjóðgarðurinn sé annars alveg friðaður fyrir beit. Brekkurnar ofan

við bæinn eru grösugar og ofar og austar eru þær vaxnar birkiskógi. Kálgarðurinn var fast sunnan við bæ 038 og aðeins var gata 045 á milli hans og bæjar.

Þar sem kálgarðurinn var er nú grasi gróin flöt sunnan við Selsbæinn og hluti af garðinum var sjálfsagt sunnan við rafmagnsgirðinguna sem girðir af hólf fyrir hross nú (2012). Engin ummerki kálgarðsins er lengur að sjá. Fornleifavernd ríkisins skráði staðinn árið 2004.

Hættumat: hætta vegna átroðnings

Heimildir:Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906, Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 18

SF-088:044 gerði kálgarður

64°01.352N 16°59.416V

Inn á túnakort Sels frá því um 1920 er merktur kálgarður um 45 m frá bæ 038. Kálgarðurinn sést ennþá vestan í brekku en fast austan við Sellæk sem rennur niður hlíðina austan við bæ 038. Garðurinn er um 25 m sunnan við akveg að Seli og Hæðum.




SF-088:044, á mynd til vinstri er horft til suðausturs en til SSV á mynd til hægri

Túnin fyrir neðan (sunnan) Selið eru í aflíðandi halla til suðurs en sjálfur kálgarðurinn er byggður inn í brekkubarð að austan.

Garðurinn er um 64 x 13 m stór og snýr nálega NNA-SSV. Hann er einfaldur og er ekki afmarkaður af eiginlegum garðhleðslum nema stór hluti af norðurhlið og um 37 m af vesturhlið. Greinilegastur er norðurveggurinn um 1,5 m breiður í botninn og 0,7 m hár. Op er kálgarðinum vestarlega á norðurvegg. Austurhlið er alfarið skorin inn í brekkuna og frá toppi hennar og niður í botn kálgarðsins eru allt að 3 m. Sjálfur kálgarðsbotninn er flatur og mest 7 m breiður nyrst. Til vesturs af honum er svo brekka sem er allt að 1-1,5 m há. Nyrsti hluti vesturveggjar er þó óljós veggur eða hryggur

(uppkast) en minna en 1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru í garðinum. Fornleifavernd ríkisins skráði staðinn árið 2004.



Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort frá því um 1920, Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 18

SF-088:045 heimild um leið

64°01.397N 16°59.463V

Inn á túnakort Sels frá því um 1920 er merkt heimreið frá leið 034 og að bæ 038. Heimreiðin hefur legið í eins konar boga frá götunni sem lá að gamla Hæðabænum og fram hjá vesturhlið bæjar 038 og endaði þar á bæjarhlaðinu. Þar sem heimreiðin hefur legið meðfram austanverðum Selsbænum er nú austasta húsið í samstæðu 040. Rafmagnsgirðing er neðan (sunnan) við húsþyrpingu 038, 039 og 040 og eru hross þar enn höfð á beit þó að þjóðgarðurinn sé annars alveg friðaður fyrir beit. Brekkurnar ofan við bæinn eru grösugar og ofar og austar eru þær vaxnar birkiskógi. Heimreiðin hefur legið upp brekkuna að húsabaki í Seli.

Svæðið er nú á kafi í sinu. Pasturslítill vegslóði liggur skáhalt upp hlíðina á svipuðum slóðum en þó nokkru norðar en heimreiðin gerði samkvæmt túnakortinu. Engin ummerki sjást um eldri slóða.

Hættumat: hætta vegna átroðnings

Heimildir:Túnakort frá því um 1920

SF-088:046 tóft smalakofi 64°01.474N 16°59.296V


Lítill, grjóthlaðinn kofi sem líkist mest smalakofa, er byggður framan í (sunnan í) melkoll um 185 m norðaustan við bæinn í Seli 038.

Hóllinn er vaxinn grámosa, lyngi og birki en gróðurþekjan er þunn og víða glittir í urð.



SF-088:046, á mynd til vinstri er horft til suðvesturs en til VSV á mynd til hægri

Byrgið er hlaðið úr grjóti sem er nú skófum vaxið. Það er um 3 x 2,5 m að stærð og snýr nálega norður-suður.Tóftin er einföld og ekki er op á henni. Veggir eru mest 0,8 m háir mældir utanfrá en að innanverðu er vegghleðslan hvergi hærri en 0,2 m á hæð og mest sjást 2-3 umför af grjóthleðslu. Í Veggjum er talsvert um fremur stórt grjót. Tóftin er af litlu byrgi, líklega annað hvort smala- eða skotbyrgi. Hafi hún verið frá þeim tíma sem byggðin hafði færst upp í brekkuna þá er hún of nærri bæ til að geta talist sannfærandi staðsetning fyrir smalakofa. Sé hún eldri, og frá þeim tíma þegar bærinn var í Gömlutúnum gæti staðsetningin staðist fyrir smalakofa. Fornleifavernd ríkisins skráði staðinn árið 2004.



Smalakofatóft SF-088:046

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Túnakort frá því um 1920, Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 18

SF-088:047 heimild um skipsflak


"Ef við byrjum hér niður við sjó. Svínafellsfjara er næst austan Skaftafellsfjöru sem er fernir 1800 faðmar, að viðbættri Freysnesfjöru, sem er 900 faðmar og svo er

Jökulsfellsfjara sem er austust. Ósar liggja þar gegnum fjöruna, á merkjum austast er Markós, svo er Veiðiós. Vestan við hann er skipsflak gamalt, þar nokkru vestar er Blautós og Melós," segir í örnefnaskrá. Skaftafellsfjara er utan þjóðgarðsmarka og var því ekki skráð sumarið 2012.

Heimildir:Ö-Skaftafell, 1

SF-088:048 *Húsfit* gerði sæluhús 63°58.198N 17°09.601V

Í örnefnaskrá segir: "Austur af þar er Harðaskriða, þetta er hæð. Þar ofar upp við jökul er mikil alda, Háalda, fór að miklu leyti í hlaupi 1922 [sjá 129]. Í námunda við ölduna er Háöldukvísl og nokkuð austar er grasfit sem heitir Eystrifit. Upp af Eystrifit er Sæluhús og þess vegna er fitin stundum nefnd Húsfit." Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Á austanverðum sandinum [Skeiðarársandi] er stórgrýttara og harðara undir fæti. Þar heitir og Harðaskriða. Sæluhúskofi er þar, en hvergi er snöp fyrir hestana." Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Mjög fljótt eftir hlaupið 1922 var byggt annað sæluhús, þar sem enn stendur úti á sandi en nokkru austar og á öruggari stað." Vegslóði liggur frá þjóðvegi 1 og í um 340 m til norðurs áður en komið er að staðnum þar sem húsið stóð. Þar stendur nú aðeins eftir hlaðin hestarétt en sjálft sæluhúsið var rifið eftir að frönsk stúlka var myrt við það á 9. áratug 20. aldar. Staðurinn er um 10 km VSV við bæjarstæði Skaftafells í Gömlutúnum. Um 10-20 m sunnan við húsið er varðaður malarslóði sem liggur austur-vestur.



Gerði við sæluhús SF-088:048

Leifarnar eru í mosa og birkivöxnu svæði á Skeiðarársandi.

Hestaréttin er einföld, 12 x 11 m stór og snýr nálega norður-suður. Hún er hlaðin úr stóru og ávölu grjóti. Hleðslur eru mest 1,2 m á hæð og sést í 5-6 umför af grjóthleðslu. Um 3 metrar af suðurhlið réttarinnar standa, öll vesturhliðin og öll norðurhliðin. Á réttina vantar suðausturhorn og er líklegt að þar hafi sæluhúsið áður staðið og afmarkað þannig þær hliðar. Á þeim slóðum er sandurinn fremur lítt gróinn og



SF-088:048, á mynd til vinstri er horft til norðurs en til norðvesturs á mynd til vinstri

þar sjást líka járnbindingar, um 6 m frá enda suðurveggjar réttarinnar. Á þessu svæði sést svolítið af glerbrotum og öðrum mannvistarleifum. Mannvistarleifar á þessum stað eru fremur ungar

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Skaftafell Þórðar Tómassonar, Ö-Skaftafell, 1; ÁFÍ 1937, 7.


SF-088:049 *Gömlukvíar* tóft kvíar 64°01.556N 16°59.351V

"Þá er upp af Nóngróf Stekkatúnsgróf [069] og austan hennar er Gömlukvíar," segir í örnefnaskrá og á öðrum stað segir: "Þá er upp af Nóngróf Stekkatúnsgróf [069] og vestan hennar er Stekkatún og austan hennar er Gömlukvíar". Kvíarnar sjást enn um 300 m ofan (NNA) við bæinn í Seli 038. Umhverfis eru kjarri- og birkivaxnir ásar í aflíðandi halla til suðurs. Talsverður grasvöxtur er einnig á þessu svæði. Birki og víðir vex í tóftarveggjum og er tóftin í stórhættu af þeim sökum.

Réttin er byggð upp í brekku og ofar (norðar) tekur við melur sem er vaxinn lyngi og grámosa. Réttin að mestu grjóthlaðin en suðurhluti hennar er fremur óskýr og grasi gróinn, aðeins 0,1-0,2 m á hæð. Mögulegt er að girt hafi verið á þessum hluta tóftar. Aðrar hleðslur tóftarinnar eru mun greinilegri og allt að 1 m háar og hún virðist ekki mjög gömul þó að nafnið bendi til annars. Ekki er ólíklegt að eldri kvíar hafi verið á sama/svipuðum stað. Réttin er skráð þar sem hún er sannarlega byggð að gamalli hefð. Réttin er samanlagt um 15 x 11 m stór og snýr NNA-SSV. Hún er L-laga og skiptist því í raun réttri í tvö hólf en ekki er veggur á milli. Tóftin, og þá sérlega nyrðri hluti hennar, er í svolitlum halla til suðurs. Nyrðra hólfið er greinilegast, sérstaklega vesturveggur þess sem er alveg 1,5 m á breidd og í honum er mikið grjóthrun. Það er 5 x 2,5 m að stærð og snýr norður-suður. Það syðra er 9 x 7,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Nyrsti hluti tóftar er á kafi í birkiskóg. Birki og kjarr vex víða í veggjum tóftarinnar. Hlaðnir garðar liggja frá tóftinni til NNV, SSA og austurs, sjá 060. Fornleifavernd ríkisins skráði staðinn árið 2004.



SF-088:049, horft til norðausturs



Gömlukvíar SF-088:049

Hættumat: stórhætta, vegna trjágróðurs

Heimildir:Ö-Skaftafell, 7, Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 19


SF-088:050 tóft beitarhús 64°03.443N 17°02.971V

Tóft, að líkindum af beitarhúsum, er sunnan við Heitulæki í Bæjarstaðaskógi, 15-20 m



SF-088:050, á mynd til vinstri er horft til norðausturs en til VSV á mynd til hægri

sunnan við hleðslu í læknum þar sem fólk baðar sig. Grasi vaxið svæði, skógur allt í kring en tré ekki farin að vaxa á sjálfri tóftinni.



Tóftin er einföld, snýr austur-vestur með op í austurátt. Innanmál hennar er 5 x 2 m en að utanmáli er hún um 8,5 x 6 m stór. Ekki sjást jötur, garði eða hlaða. Hleðslur eru þokkalega heillegar en þó hrunið að mestu fyrir dyrnar. Mosi og lyng vex á veggjum sem ná allt að 1 m hæð vestast en eru víðast hvar heldur lægri. 15-20 m norðar er hleðsla í Heitulækjum sem myndar litla laug, ríflega 1,5 m í þvermál og um 50 cm djúp.

Hættumat: engin hætta

SF-088:051 *Kindaból* örnefni ból

"Framundan Stóra-Bláhnúk, gengur hæð niður að aurunum, það heitir Háls. Miðsvæðis á Hálsinum í miðri hlíð er smá hellisskúti, Kindaból," segir í örnefnaskrá. Í Skaftafelli Þórðar Tómassonar segir: "Í honum [Hálsi] miðsvæðis er ból, kallað Kindaból," Örnefni sem innihalda "ból" vísa stundum á mannvirki og eru því tekin með á fornleifaskrá. Í Skaftafellssýslum virðist hins vegar raunin vera að slík örnefni séu oft gefin svæðum þar sem skepnur halda til en vísi síður en svo alltaf til mannvirkja. Ekki reyndist unnt að


staðsetja Kindaból og ekki fundust mannvirki á þessum slóðum.

Heimildir:Ö-Skaftafell, 2 og Skaftafell, 252

SF-088:052 *Réttargil* hleðsla rétt 64°03.455N 17°02.513V

"Skammt innan við Vestragilið er annað gil, það heitir Réttargil. Neðst í því er Helluhóll, þar var rétt áður fyrr. Réttargilið kemur ofan úr Austurdal sem liggur hér alllangt inn," segir í örnefnaskrá. Í bók Þórðar Tómassonar, Skaftafelli segir: "Heitir gilið Eystragil og dalurinn Austurdalur. Gilið er einnig nefnt Réttargil, því fjárrétt var byggð við það, vestanmegin niður við sandinn, Fjallsféð var réttað í henni á vorin." Réttin er vestan við Bæjarstaðaskóg og hún enn greinileg. Hún er um 4,6 km norðvestan við Selsbæ 038, fast vestan við Réttargil og ofan við Heitulæki.

Réttin er í rjóðri sem er umkringt af birkiskógi. Hann myndar talsvert skjól að vestan og norðan. Botn réttar er í raun malardreif en inni í henni vex talsverð lúpína. Hún og þéttur skógurinn gerir það að verkum að réttin er nokkuð falin í gróðrinum.



Rétt SF-088:052

Sjálf réttarhleðslan er um 8 x 6 m stór og snýr austur-vestur. Ekki er greinilegur skýr austurveggur en um 2,5 m austan við þar sem norður- og suðurveggir enda til vesturs má greina örlitla steinadreif sem snýr norður-suður og er líklega það sem eimir eftir af austurveggnum. Sé sú raunin var réttin áður 10,5 x 6 m stór. Réttin er einföld. Vestur- og norðurhliðar réttarinnar eru hlaðnar upp að klettum og klettaveggurinn er hæstur að vestan þar sem hleðsla að austan eða suðaustan er máð og illgreinanleg. Þar sem best lætur má sjá 4-5 umför af grjóthleðslu og klettaveggurinn tekur við þar að baki. Annaðhvort hefur verið rekið inn í réttina að sunnan eða norðan.



SF-088:052, á mynd til vinstri er horft til norðvesturs en til suðurs á mynd til hægri

Hættumat: stórhætta, vegna trjágróðurs

Heimildir:Ö-Skaftafell, 3 og Skaftafell, 252

SF-088:053 *Jökulfell/Bæjarstaður* heimild um býli

[1343]: "Máldagi Maríukirkju á Rauðalæk í Litlahéraði [...]. xij. aurar af iokulfelle." [1387]: "Máldagi Klemenskirkju á Hofi í Öræfum, [...]. Þessar ä kirkian jarder. Fiall med ixc. fioru. halft Skaptafell. Suinanes halft. og helming allra þeirra fiarna sem liggia til Jokulfells."

[1397]: Herra Gyrdur leggur til kirkju á Lómagnúpi xij ær og kv frá Jökulfelli. 1709: Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Jökulfell. Eyðijörð. Segist hafi verið kirkjustaður. Þessi jörð er nú lögð til Skaftafells. Landskuld hér af er sögð verið hafi v aurar." Í Árbók ferðafélagsins segir: "Frá Skaftafelli er um 5 km. vegur inn í skóg, en fremur seinfarinn. [...] Bæjarstaðaskógur er talinn með þróttmestu og fegurstu skógum hér á landi. [...] Nokkru vestar var bær, sem Jökulfell hét, sunnan undir Jökulfelli. Þar var hálfkirkja (samkv. Rauðalækjarmáldaga) frá 1343." Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Ef til vill hefur Skeiðará eyðilagt Jökulfellsland, en rústir af bænum sáust fram að 1800 [...]." Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Jökulfell hefur að fornu verið kostabýli og virðist hafa átt hluta af Skaftafellsheiði. Til þess benda örnefnin Merkigil og Merkijaðar í Vesturheiðinni." Á öðrum stað í sömu bók segir: "Skaftafellsfjöll og Morsárdalur er land fornbýlisins Jökulfell, sem stóð í Bæjarstað sunnan í Jökulfelli. Hingað leiddi landnámskonan Þorgerður í Sandfelli kvígu sína frá Tóftafelli við Kvíá frá sólrisi til sólarlags. Allt bendir til að þarna hafi verið reist byggð þegar á landnámsöld. Jökulfell hefur verið fagurt blómabýli framan af öldum en verður fyrir þeim áföllum eigi síðar en á 14. öld að til landauðnar horfir. Kirkja er þar þá af felld og leggur Gyrðir Skálholtsbiskup ær hennar tólf og eina kú til Núpsstaðakirkju um 1350 að því er segir í Vilkins máldaga.

Allt bendir til þess að jarðirnar Jökulfell og Freysnes hafi fylgt Skaftafelli í kóngsgarð á 16. öld, kunna þá að hafa verið komnar í eyði en haldast þó sem sérstakar leigujarðir til 17. aldar, er þær leggjast endanlega undir Skaftafell. Séra Gísli Finnbogason greinir frá því um 1700 að tætturnar frá byggðinni í Jökulfelli sjáist greinilega." Og á enn öðrum stað: "Í Bæjarstað sáust minjar kirkjugarðs og byggðar í byrjun 18. aldar. Þær rústir eru að líkindum komnar í aur og grjót í nánd lækjarins, sem fellur niður vestan við skóginn. Rúst af litlu húsi er á þrepi í skóginum innan við Bæjarstað [sjá 150]. Allt er óvíst um not af því, en ekki myndu menn byggja kindahús við þær aðstæður sem þar eru." "Hálsinn heitir einnig innan við Réttargilið, einhvers staðar hér hefur býlið Jökulfell verið og talað var að fara inn að Bæjarstað og hér inn með hlíðinni er Bæjarstaðaskógur, beinvaxinn og fallegur, þó ekki sé hann stór um sig," segir í örnefnaskrá. Í Árbók ferðafélagsins segir: "Frá Skaftafelli er um 5 km. vegur inn í skóg, en fremur seinfarinn. [...] Bæjarstaðaskógur er talinn með þróttmestu og fegurstu skógum hér á landi. [...] Sagt er, að fyrr á öldum hafi verið bær á þessum slóðum og dragi skógurinn nafn af honum. Ekki vita menn rök fyrir þeim sögnum." Í Ferðabók Sveins Pálssonar segir: "1. Jökulfell eða Bæjarstaður, sem nú heitir svo, stóð undir samnefndu fjalli NV af Skaftafellsbænum [...] Sáust þar enn leifar kirkjugarðs í byrjun þessarar aldar [18. öld]." Ekki er lengur hægt að staðsetja hvar Jökulfell stóð. Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Góðir landkostir héldust víða í hlíðum Morárdals, þótt byggð legðist þar af. Að sögn séra Gísla var forðum tekinn húsaviður í Jökulfelli, en á dögum hans var mesti skógurinn affallinn. Árið 1756, þegar Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson heimsækja Skaftafell, er láglendi Morsárdals gróðurlaus auðn, en hlíðarnar voru vaxnar þeim kjarngróðri að kjötið af sauðfénu, sem þar gekk, var gestum Skaftfellsbænda óætt fyrir fitu sakir."

Heimildir:DI II, 775-777; DI III, 400-401; DI IV, 199; JÁM XIII, 438; ÁFÍ 1937, 14; BAS III, 81; Skaftafell, 14, 249 og 252; Ö-Skaftafell, 3 og ÁFÍ 1937, 14; Ferðabók Sveins Pálssonar, 536

SF-088:054 *Bóltorfa* örnefni ból

"Í Bæjarstaðaskógi eru þrjár torfur, þær heita Vestastatorfa, Breiðatorfa og Bóltorfa," segir í örnefnaskrá. Örnefni sem innihalda "ból" vísa stundum á mannvirki og eru því tekin með á fornleifaskrá. Í Skaftafellssýslum virðist hins vegar raunin vera að slík örnefni séu oft gefin svæðum þar sem skepnur halda til en vísi síður en svo alltaf til mannvirkja. Ekki reyndist unnt að staðsetja Bóltorfu og ekki fundust mannvirki á

þessum slóðum.
Heimildir:Ö-Skaftafell, 3

SF-088:055 *Rauðhellir* heimild
"Til að komast upp í Miðrák er klettakambur. Skammt þar innar, neðan við alla kletta er Rauðhellir," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Jón [Bjarnason í Selinu f. 1806] gerði eitt sinn raun þess að vindþurrka kjöt að gömlum hætti og hengdi það upp á birkitrönur í Rauðhelli." Ekki er lengur vitað hvaða hellir það var á þessu svæði sem Jón nýtti og ekki var því hægt að staðsetja hann með nokkurri nákvæmni.
Heimildir:Ö-Skaftafell, 3; Skaftafell, 215

SF-088:056 *Einstigi* örnefni leið
"Uppaf hálsinum og inn af skóginum heita Rauðhellar, einkennilega mótuð hamrahlíð. Í henni eru grasból eða hvammar miðsvæðis, liggja á ská. Niður af þeim heita Einstigi. Til að komast upp í Miðrák er klettakambur," segir í örnefnaskrá. Einstigið var í norðvesturhlið Morsárdal en ekki er lengur vitað nákvæmlega hvar hann lá.
Heimildir:Ö-Skaftafell, 3

SF-088:057 *Nautaból* örnefni ból
"Skammt innan við Rauðhelli er Fálkaklettur og Nautaból og Nautabólsklettar þar upp af, þetta er skammt framan við hornið áður en Kjósin byrjar," segir í örnefnaskrá. Í Skaftafelli Þórðar Tómassonar segir: "Neðst í honum [Nautabólskletti] er Nautaból. Ætla má að þetta örnefni sé tengt við byggðina í Jökulfelli" Örnefni sem innihalda "ból" vísa stundum á mannvirki og eru því tekin með á fornleifaskrá. Í Skaftafellssýslum virðist hins vegar raunin vera að slík örnefni séu oft gefin svæðum þar sem skepnur halda til en vísi síður en svo alltaf til mannvirkja. Ekki reyndist unnt að staðsetja Nautaból og ekki fundust mannvirki á þessum slóðum.
Heimildir:Ö-Skaftafell, 3 og Skaftafell, 253

SF-088:058 *Réttargil* heimild um rétt
"Næst austan við Lambadal er svo Réttargil, þar skammt innar er geysileg grjóturð sem heitir Gæskugreni," segir í örnefnaskrá. Í Skaftafelli Þórðar Tómassonar segir: "Aðeins

framar [en Gæskugreni] er Réttargil. Þar réttuðu Skaftfellingar Miðfellsféð." Réttargil er merkt inn á herforingjaráðskort rétt um 10 km NNV við bæ í Seli 038 og rúma 3 km í loftlínu til NV frá rétt 132. Ekki var gengið inn með Kjósarlæk að Réttargili við skráningu 2012.

Heimildir:Ö-Skaftafell, 3 og Skaftafell 253

SF-088:059 *Lambhagaklettur* heimild

"Austan við Kambinn er hár ávala klettur, Lambhagaklettur og gras fyrir neðan klettinn sem bendir á að þar hafi verið bær," segir í örnefnaskrá. Ofan við Morsárjökul, innilokað. Eystra- og Vestara-Meinagil er norðvestan við sporð Morsárjökuls. Ofan við gilin er Kamburinn eða Kambar og austan við þá var Lambhagaklettur. Svæðið er um 10 km norðan við bæina í Skaftafelli en þangað var ekki farið þegar svæðið var skráð árið 2012.

Heimildir:Ö-Skaftafell, 4

SF-088:060 garðlag vörslugarður 64°01.564N 16°59.332V

Miklir grjótgarðar eru ofan við heimatúnin í Seli/Hæðum. Garðlögin eru í þrennu lagi. Annars vegar tveir garðlagsbútar sem líklega voru eitt og sama garðlagið áður en talsverð eyða er í það nú. Bæði garðlögin eru bæði í stefnu norður-suður og eru samtals um 340 m löng. Þvert frá þeim gengur svo þriðja garðlagið sem liggur nálega austur-vestur og er um 280 m langt. Garðlögin eru grjóthlaðin að mestu og hafa líklega ekki verið meira en girðingaundirstöður. Þau liggja fast fram hjá kvíum 049.

Garðlögin liggja um eru kjarri- og birkivaxnir ása í aflíðandi halla til suðurs. Talsverður grasvöxtur er einnig á þessu svæði. Birki og víðir vex víða á svæðinu og á köflum er erfitt að fylgja garðlögunum sökum gróðurs. Milli ásanna eru deiglendis flákar og þar eru garðlögin víða ógreinileg.

Á svæðinu eru 2-3 garðbútar. Garðlög A og B eru í sömu stefnu (nálega norður-suður) og hafa líklega bæði verið hluti af sama garðlagi áður en ekki er hægt að greina stóran hluta þess nú. Frá garðlagi A liggur svo garðlag C til austurs. Garðlag A er um 300 m ofan við Hæðabæ. Það liggur frá réttartóft 049 til NNV og það má rekja í um 150 m áður en það verður óskýrt við túnskika í órækt sem er ofan við Fornviðarás. Garðlagið er grjóthlaðið næst tóftinni en verður óskýrara eftir því sem lengra dregur, verður sem hryggur í landslaginu og hverfur loks alveg þar sem mýri tekur við til norðvesturs. Garðlag B er í sömu stefnu og garðlag A en er fremur ógreinileg frá réttinni 049 og næstu

140 m til austurs. Þá verður garðlagið skýrara. Garðurinn er áþekkur garði A. Hann er grjóthlaðinn og fremur skýr vestast en verður fljótt gróinn og ógreinilegur og hverfur þar næst í þéttan runna- og birkigróður. Þar sem grjót sést er hleðslan á kafla úr mjög stóru grjóti. Garðurinn liggur niður hlíðina til austurs. Hann sést einna best ofan við smalakofa 046. Líklegt er að hleðslurnar hafi upphaflega verið hluti af sama garði og A þó nú sé langt rof í það. Hvort tveggja var líklega hlaðið sem girðingaundirstaða. Þriðja garðlagið á þessum slóðum, C, liggur líka frá rétt 049 og liggur hornrétt frá garðlagi A. Það liggur nálega til austurs frá réttinni og var samtals rakið á um 275 m kafla. Grjótið í garðinum er skófum og mosavaxið og á köflum eru í því mjög stórir grjóthnullungar, þó



SF-088:060, á mynd til vinstri er horft til norðvesturs en til suðurs á mynd til hægri

sjaldnast meira en 1-2 í röð. Garðlagið liggur yfir melinn sem réttin 049 er byggð utan í. Það er víða 0,5-0,8 m breitt þó að það nái mest um 1 m breidd. Garðlagið er stæðilegt af girðingaundirstöðu að vera en þó er ljóst að það hefur verið notað í þeim tilgangi enda sést gaddavír við hleðsluna á stöku stað. Hleðslan liggur þvert á göngustíg sem liggur þarna upp hlíðina og greinist skömmu síðar og liggur m.a. að Sjónarskeri.

Hættumat: hætta

Heimildir:Ö-Skaftafell, 6 og Skaftafell, 233

SF-088:061 gerði óþekkt 64°03.805N 17°01.194V

"Fremur nýlega gekk Ragnar Stefánsson óvart fram á það sem hann taldi vera tóft af litlu húsi milli klettabelta í hlíðinni ofan og norðaustan Bæjarstaðarskógar. Þetta var í sjálfu

sér undarlegur fundur, því hefð hefur verið í Öræfum um að feður fræddu syni sína mjög nákvæmlega um öll kennileiti á jörð þeirra [...] Hafði Ragnar það til merkis um að þarna væri ekki um fjárhús eða stekk að ræða [...] sennilega hefði ekki verið vitað um tóftina í nokkrar kynslóðir," segir í bók Jack Ives Skaftafell í Öræfum. "Í Bæjarstað sáust minjar kirkjugarðs og byggðar í byrjun 18. aldar [053]. Þær rústir eru að líkindum komnar í aur og grjót í nánd lækjarins, sem fellur niður vestan við skóginn. Rúst af litlu húsi er á þrepi í skóginum innan við Bæjarstað. Allt er óvíst um not af því, en ekki myndu menn byggja kindahús við þær aðstæður sem þar eru," segir í Skaftafelli Þórðar Tómassonar. Í bók Jack Ives er mynd af tóft sem hann segir að sé sú sem hér er um rætt og Ragnar Stefánsson fann á sínum tíma. Það er þó ljóst eftir vettvangsferð að mynd Jacks er af beitarhúsatóft 151 en á undanförnum árum hefur þessi misskilningur fest í sessi og sú tóft oft verið talin sú sem sú tóft sem Ragnar fann. Vettvangsskráningin 2012 sýnir að þar er á ferðinni misskilningur og að Ragnar hefur greinileg átt við þá tóft sem hér er skráð, ofar í brekkunni. Mjöll Snæsdóttir, fornleifafræðingur og Guðrún Kristinsdóttir gengu að tóftinni ásamt Ragnari árið 1985. Hún er í Bæjarstaðaskógi í Morsárdal, um 4,6 km í beina loftlínu NNV við bæ í Seli 038, undir 6 m háum kletti á suðurbarmi gils og um 70 m ofan við (NNV) tóft 151.



SF-088:061, myndir frá 2012 og 1985. Mynd til hægri er tekin af GR, varðveitt á Safnastofnun Austurlands


Gerðið er byggt í brattri hlíð, undir klettavegg. Frá því er gott útsýni til norðurs-, suðurs- og austurs. Sjálft gerðið er hins vegar lítið áberandi úr fjarlægð og fellur að nokkru leyti inn í umhverfið, urðina og gróðurinn. Talsvert þéttur birkiskógur vex allt í kring.

Gerðið er 8 x 5 m stórt og snýr NNV-SSA. Það er grjóthlaðið og einfalt og ekki sést op á því en myndir sem teknar voru 1985 sýna að það hefur verið á suðausturvegg þó fyrir það sé hrunið nú. Hlaðnir veggir marka af norður-, suður og austurhlið þess en



SF-088:061, á vinstri mynd er horft til norðausturs en til suðausturs á hægri mynd

ríflega 2 m hár klettaveggur markar af vesturhliðina. Gerðið er hlaðið úr afar stóru grjóti og er smíði þess nokkur merkileg enda hefur talsver vinna falist í því að hlaða upp grjóti af þessari stærð í brattri hlíðinni. Veggir gerðisins eru víða 1,2-1,5 m á breidd en mest 1,5 m á hæð. Víða er aðeins hægt að greina 2-3 umför af hleðslu en mest eru þau þó 4-5 talsins. Í veggjum er talsvert af mold og möl og hefur talsvert hrunið úr þeim, sérstaklega í norðausturhorni. Gerðið er 4,5 x 3,5 m að innanmáli. Lítill hellir er rétt fyrir ofan gerðið. Ekki er auðvelt að geta sér til um í hvaða tilgangi gerðið var byggt. Samanburður á ljósmyndum



Tóft SF-088:061

úr ferðinni 1985 og vettvangsskráningu 2012 sýnir að tóftin hefur mikið látið á sjá á síðustu 30 árum, fyllst hefur upp í op hennar, vegir sigið og hrunið og aur gengið upp að þeim.

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

Heimildir:Ö-Skaftafell, 6, Jack Ives, 60, Skaftafell Þórður Tómasson, 252, Mjöll Snæsdóttir, munnleg heimild

SF-088:062 *Grafningur* heimild um vörslugarð 64°01.773N 16°59.135V

"Milli þeirra [Götugils og Hrafnagils] uppi heitir Grafningur, það er grastorfa sem grafið var kringum svo hún væri fjárheld," segir í örnefnaskrá. Grafningur er líklega sexhyrndur túnskiki um 650 m NNV við bæ í Hæðum og ofan við gilin.

Túnið er stakstætt og komið í órækt. Það stendur talsvert hærra en umhverfið og er 135 x 85 m stórt. Túnið snýr NNV-SSA. Mikill birki- og víðiskógur er allt um kring en enn er gróðurlaust í sjálfu túninu. Ekki er hægt að greina eiginlega skurði umhverfis túnið lengur.

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

Heimildir:Ö-Skaftafell, 6

SF-088:063 *Kolgrafargil* heimild um kolagröf 64°01.550N 17°00.162V

"Þar framar [en Grafningur] heitir Kolgrafargil. Innan við það voru þrjár torfur, neðst er Neðri-Kolgrafargilstorfa, svo er þar upp af Efri-Kolgrafargilstorfa og efst er Grafarbakki, þar ofar er Grafarbakkaskott, liggur niður úr bakkanum, er að blása upp," segir í örnefnaskrá. Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Innan við Fornviðarbrekku er Kolgrafargil." Kolgrafargil er um 200 m utan eða vestan við túnið í Fornuviðarbrekku á Hæðum og rúma 400 m vestur af núverandi íbúðarhúsi í Hæðum. Þéttur skógur en gilið er með moldarbotni. Sjálfsagt rennur vatn þar um á vorin svo að hreyfing kemst á jarðveginn. Engar kolagrafir fundust í gilinu en



SF-088:063, horft til suðvesturs

vonlaust að leita af sér grun í þvílíku skógarþykkni.

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

Heimildir:Ö-Skaftafell, 6 og Skaftafell, 232

SF-088:064 heimild um refagildru 64°01.668N 16°58.940V

"Skerið þar fyrir austan heitir Sjónarsker og liggur að Bæjargili, móts við Svartafoss. Framarlega á því, þar sem það er hæst, var áður tófugildra og rústir. Þær eru nú útsýnisstaður. Þar rétt fyrir neðan gildruna er lægð sem heitir Nyrðraskarð," segir í örnefnaskrá. Á Sjónarskeri er nú útsýnisskífa og liggja þangað vel merktir göngustígar. Stór og grýttur melhóll sem liggur frá norðvestri til suðausturs. Skífan er suðvestarlega á honum. Grjót er einnig undir pallinum sem skífan er á.



SF-088:064, á mynd til vinstri er horft til suðurs en til austurs á mynd til hægri

Svo virðist sem rústum á þessum stað hafi verið rutt út vegna útsýnisskífunnar. Um 3 m norðvestan við skífuna, sem er á palli, er jarðfastur klettur og grjóthrúga við hann. Hún er að nokkru leyti gróin en ber þess merki að hafa verið ýtt saman. Hrúgan er um 4 x 3 m stór og snýr norður-suður og ekki sérstakt lag á henni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Skaftafell, 8

SF-088:065 *Tjaldlág* heimild um tjaldstæði 64°01.543N 17°00.189V

"Neðan við Lyngbarð, framan við Neðrabarð, er lítill hvammur sem heitir Tjaldlág, þar tjölduðu kolagerðarmenn til forna," segir í örnefnaskrá. Lyngbarð er birkivaxið barð á svæðinu vestan Fornviðarbrekku en austan Kolagrafalágar. Svæðið er um 500 m norðvestan við Hæðir. Ekki er lengur vitað nákvæmlega hvar tjaldað var.

Þétt birki vex á þessum slóðum og hefur það verið í miklum vexti á undanförnum áratugum. Áður lágu nokkrar leiðir um skóginn en þær eru að mestu týndar og horfnar í

gróður í dag og svipaða sögu er að segja um aðrar mannvistarleifar sem eru að verða illgreinlegar.

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

Heimildir:Ö-Skaftafell, 6

SF-088:066 tóft rafstöð 64°01.455N 16°59.634V

Leifar af rafstöð og sambyggðum útihúsum eru vestan við bæinn í Hæðum, fast austan Grjótlækjar. Ekki sjást hús á þessum stað á gömlum túnakortum og því sennilegt að þau




Húsin stóðu enn uppi árið 1978 og tók Guðmundur Ólafsson þessa mynd það ár. Birt með leyfi Þjóðminjasafns Íslands.

séu tilkomin eftir 1920. Tóftin er á grösugri og fallegri flöt við lækinn en brött brekka þar upp af til norðurs.



SF-088:066, á báðum myndum er horft til norðurs

Á þessum stað eru tvær sambyggðar tóftir, önnur undir þaki að hluta, og afmarkað svæði framan við. Alls ná mannvistarleifar yfir svæði sem er um 14 x 14 m stórt. Í vestari tóftinni, rafstöðinni, hangir uppi þak. Svo virðist sem byrjað hafi verið á að gera húsið upp en því verki aldrei lokið. Útveggir eru hlaðnir úr grjóti, grófir og stórkarlalegir, algrónir að utanverðu en grjótið sést að innanverðu. Húsið er gafllaust, stoðir meðfram veggjum og hvílir járnþak á þeim að vestan en hallar til austurs og hvílir þar á veggnum. Steypt hefur verið fyrir gaflinn að hluta og er ýmislegt dót þar inni, meðal annars úr gömlu rafstöðinni. Þetta hús er um 4 x 2 m að innanmáli. Vestan við húsið er tóft sem grjóthlaðin, einnig úr stóru og grófu grjóti. Veggurinn á milli tóftanna er yfir 2 m hár en tóftin er grafin inn í brekkuna. Hún er alveg á lækjarbakkanum og stendur dálítið norðar eða ofar en rafstöðin og nær innra byrði hennar um 2 m lengra til norðurs. Hún er þó álíka stór að innanmáli, um 4 x 2 m og opin til suðurs. Frá norðvesturhorni tóftarinnar liggur óljós rás upp bratta brekkuna, hugsanleg ummerki um hvar vatn hefur verið leitt í rafstöðina. Framan við tóftirnar er svæði, um 10 x 5 m stórt frá austri til vesturs, sem afmarkast með hleðslu



sem gengur út frá rafstöðinni, fyrst 3-4 m til austurs og svo 4 m til suðurs. Þar endar vegleg hleðsla en suðurhliðin afmarkast með grjóthnullungum. Starfsfólk Fornleifaverndar ríkisins skoðaði staðinn árið 2004.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 22

SF-088:067 garðlag óþekkt 64°01.171N 16°58.746V

Grjóthleðsla er nálægt göngustíg niður í Eystragil (og áfram til austurs), um 10 m ofan við útihús 162 en um 215 m ASA við Hæðir 021.

Hleðslan liggur niður í gilið og er svolítið hlykkjótt. Hún er víðast hvar alveg við göngustíginn. Hún endar við Eystragil þar sem berggangur tekur við í framhaldinu og liggur niður í ána.



SF-088:067, á mynd til vinstri er horft til suðausturs en til vesturs á mynd til hægri

Hleðslan er hvorki mikil um sig né fornleg. Hún er víða samsett úr 1-2 umförum af afar stórum grjóthnullungum sem eru talsvert mosavaxnir. Hleðslan er á kafi í þéttum birkiskógi og er illgreinanleg af þeim sökum. Hún var rakin á um 40 m kafla þar sem hún sneri gróflega austur-vestur. Ekki er vitað í hvaða tilgangi hleðslan var gerð en líklegast er að hún kann að hafa verið girðingaundirstaða.

Hættumat: stórhætta, vegna trjágróðurs

Heimildir:Ö-Skaftafell, 9 og Skaftafell, 244

SF-088:068 *Gamlibrunnur* örnefni brunnur 64°01.432N 16°59.510V
"Hér liggur nafnlaus lægð, eða skorningur, niður túnið á ská eftir götunni [067], austur eftir. Heitir í lægðinni Gamlibrunnur. Ef við förum svo neðst í túnið og tökum frá þessum skorning og austur að Sellæk, sem kemur hér þvert niður túnið, ..." segir í örnefnaskrá. Lýsingin er fremur óljós, þ.e. "eftir götunni" en á korti frá þjóðgarðinum sem unnið var í sambandi við deiliskipulag fyrir nokkrum árum er merktur brunnur efst í lækjarfarvegi sem gengur niður milli túna Sels og Hæða. Mjög grösugur skorningur, djúpur efst en grynnkar suður á bóginn. Enginn eiginlegur brunnur er sýnilegur en þó ekki ósennilegt að hér hafi verið vatnsból.
Heimildir:Ö-Skaftafell, 6, kort af þjóðgarðinum í Skaftafelli sem unnið var vegna deiliskipulags.

SF-088:069 *Stekkatún* örnefni stekkur
"Þá er upp af Nóngróf Stekkatúnsgróf og vestan hennar er Stekkatún og austan hennar er Gömlukvíar [070]," segir í örnefnaskrá. Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Vestur af þeim [hlöðum hjá Seli, sjá 038] er Stekkatún." Stekkjartún virðist hafa verið nafnið á öllu túninu neðan við Sel 038 og hlöðurnar 039. Þar voru skráðar tvær tóftir, sjá 125 og 071 en ekki fundust aðrar tóftir og ekki reyndist unnt að staðsetja stekk á þessum slóðum.
Heimildir:Ö-Skaftafell, 7 og Skaftafell, 232

SF-088:070 heimild um brunn 64°01.393N 16°59.405V



Möguleg staðsetning SF-088:070, á mynd til vinstri er horft til suðurs en niður á mynd til hægri

Brunnur var um 15 m ANA við bæinn í Seli 038 og um 10 m ofan við núverandi veg að Seli og Hæðum. Ofan (norðan) við Selsbæinn 038 að austan er talsverð dæld sem snýr nálega austur-vestur og er líklega framhald Klifgötu. Gatan sést aðeins á stuttum spotta (um 10 m) frá bæ og niður í lág sem er fast austan við Selsbæinn 038.

Brunnurinn er merktur inn á kort Þjóðgarðsins í Skaftafelli og staðsettur eftir því. Samkvæmt því var hann í brekkurótum fast norðan við (ofan) þar sem dældin liggur til austurs ofan við Sel. Sellækur rennur um 10 m austar og má vera að brunnurinn hafi einfaldlega verið í honum á þessu svæði. Ekki sáust merki um hlaðinn brunn á þessum slóðum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Skaftafell, 7 skipulagsuppdráttur Skaftafellsþjóðgarðs

SF-088:071 *Austurrúst* heimild um útihús 64°01.380N 16°59.521V

"Ofan við Gömlukvíar [125] er Austurrúst," segir í örnefnaskrá. Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Rétt neðan við Selsbæinn er Austurrúst," Gömlukvíar eru merktar um 30 m SSV við hlöðurnar 039 í Seli. Samkvæmt örnefnalýsingu var Austurrúst ofan þeirra, þ.e. á milli þeirra og hlöðunnar. Engin ummerki sjást nú um Austurrúst og ekki er lengur vitað nákvæmlega hvar þau voru þó að gróflega megi staðsetja rústina út frá örnefnalýsingunni. Grösugt tún í halla til suðurs. Hross eru höfð á beit á þessu svæði. Engar leifar Austurrústar sjást lengur.

Hættumat: engin hætta
Heimildir:Ö-Skaftafell, 7 og Skaftafell, 232

SF-088:072 þúst útihús 64°01.458N 16°58.432V
15-20 m austan við greinilega rúst 041 er önnur ógreinileg þúst í Gíslatorfu. Þústin er á svipuðum stað og tóft er merkt inn á túnakort danskra mælingamanna frá 1903 eða 1904. Þústin er rúmlega 100 m norðan við bæ í Seli 038. Á þessum slóðum er brekka sem hallar til suðurs og á kafi í grasi, kjarri og öðrum runnagróðri.


SF-088:072, horft til vesturs

Þústin er afar óljós en virðist manngerð. Hún er 2 m austan við stóra runna og önnur mikil runnabreiða er fast ofan við (norðan við) hana. Ef stærsta mál er tekið er þústin um 8 x 8 m stór en þó er kannski nær að segja að hún sé 7 x 6 m og snúi norður-suður. Hún er byggð inn í brekkuna, er niðurgrafin, og í raun sést innanmál hennar bara sem dokk sem er 2,5 x 1-1,5 m að stærð. Í svolitlum halla til suðurs. Hæð veggja frá botni tóftar eru um 0,4 m. Fram af þústinni er stallur í hlíðinni sem er grasi gróinn. Þústin er afar ógreinileg en staðsetning hennar kemur ágætlega saman við þann stað þar sem merkt var rúst á kort Dananna.
Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs
Heimildir:Ö-Skaftafell, 7, bæjateikningar danskra landmælingamanna frá 1906

SF-088:073 garðlag túngarður 64°01.401N 16°59.354V
Túngarðsspotta má greina fast neðan (sunnan) við vegslóða sem liggur skáhallt upp brekkuna ofan við (norðan) við Selsbæinn 038 og austan við lækjarsprænu sem þar rennur niður hlíðina, fast austan við bæinn í Seli. Garðurinn liggur í grasi gróinni brekku sem hallar til suðurs.



SF-088:073, á mynd til vinstri er horft til norðurs en til vesturs á mynd til hægri

Suðurhluti garðsins er um 30 m langur og snýr norðvestur-suðaustur. Þar sem vegurinn ofan við bæinn í Seli liggur á hann virðist hann snarbeygja . Þar liggur hann á vesturbakka lækjar, þvert upp bratta brekkuna nálega beint til norðurs í um 20 m á viðbót. Garðurinn er mosavaxnari á þessum kafla. Talsverður trjágróður er fast ofan við garðinn og hann hverfur í trjágróður til austurs (þó vel sé mögulegt að hann hafi fjarað út eða beygt um það leyti). Garðurinn virðist torfhlaðinn, a.m.k. sjást engin merki um grjóthleðslu í honum nú. Hann er tæplega 1 m á breidd neðst en mjókkar upp. Hann er víða 0,5 m hár. Brekkumegin (að norðan/ofan) er hann aðeins 0,2-0,4 m á hæð en að sunnan (undan brekku) er hann allt að 0,6-0,7 m hár. Ekki er ljóst hvaða hlutverki garðurinn þjónaði en líklegast er að hann hafi verið til varnar túnum.

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

SF-088:074 *Selstöðull* örnefni kvíar

"Ofan hennar [götu sjá 073] er stórt svæði, óræktað, nefnt Selstöðull," segir í örnefnaskrá. Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Er þá komið upp að vegi austan Selbæjarins. Ofan hans er stórt svæði, óræktað, nefnt Selstöðull." Svæðið segir Þórður að sé utan við Selslæk sem renni niður túnið í Seli. Svæðið er nú á kafi í birki og kjarri. Það er ofan við veginn að Seli og Hæðum og nær nokkuð hátt upp í brekkuna.

Engar mannvistarleifar fundust en sökum þess hversu mikið birki og kjarr vex á svæðinu er erfitt að leita að sér allan grun. Þúst, þar sem mannvistarleifar leynast líklega var skráð fast ofan við núverandi veg 075 og er mögulegt að þar séu fundnar leifar kvíanna

en ekkert er hægt að fullyrða um það og því var því gefið sérstakt númer.

Heimildir:Ö-Skaftafell, 7 og Skaftafell, 232



SF-088:075, á mynd til vinstri er horft til suðurs en á hægri mynd til suðvesturs

SF-088:075 þúst óþekkt 64°01.392N 16°59.366V

Lág hæð sem sker sig frá umhverfinu sökum gróðurfars er tæpum 50 m austan við Selsbæinn 038 og um 10 m ofan (norðan) við núverandi vegaslóða að Seli og Hæðum. Hæðin er um 15 m neðan (sunnan) við túngarðsbrot 073. Hún er á grasivöxnum rana milli tveggja lægða sem eru vaxnar birki og runnum.

Hæðin er ávöl og ekki er fullvíst að undir sverði leynist mannvistarleifar en það verður þó að teljast líklegt.

Samanlagt er hæðin 8 x 3 m og snýr austur-vestur en innan þess svæðis er ferhyrnt svæði sem hvað mest sker sig úr vegna gróðurfars. Þar vex grænna og ræktarlegra gras en umhverfis.



Bærinn í Seli, lengst til hægri á mynd má sjá hús sem líklega hefur staðið þar sem þúst075 sést nú. Myndin er úr bók Þórðar Tómassonar, Skaftafell, bls. 95

Svæðið sem er mest afgerandi er 6 x 2,5-3 m stórt, ferhyrnt og snýr nálega austur-vestur. Á ljósmynd í bók Þórðar Tómassonar, Skaftafelli, frá 1930 sést að þá hafa staðið útihús á svipuðum stað. Af ljósmyndinni að dæma hefur húsið verið tvískipt og tvennar dyr verið á suðurhlið.

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

Heimildir:Ö-Skaftafell, 6 og Skaftafell, 96

SF-088:076 *Grafarskógur* örnefni kolagröf 64°01.212N 16°59.467V

"Austan við Vangalæk er neðst Grafarskógur," segir í örnefnaskrá. Í Skaftafelli Þórðar Tómassonar segir: "Neðan hans [Hábölta] er Grafarskógur niður að sandi." Grafarskógur er skógurinn milli Háabölta og Sands. Örnefnið bendir til þess að gert hafi verið að kolum í honum en í dag (2012) er skógurinn mjög þéttur og erfiður yfirferðar. Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Ítaksskógar kirkna og bænda voru í Jökulfelli og Skaftafelli. [...] Vafalaust hafa bændur vestan Skeiðarár notið góðs af skógum Skaftafellsbænda ýmist með því að fá leyfi til kolabrennslu eða með kolakaupum. [...] Not Skaftafellsbænda af skóginum voru margþætt. Úr honum fékkst mest af því eldsneyti, er notað var, skógurinn gaf nothæfan raftvið í hús og var gagnlegur í ýmsa smíði, smíðakol voru eingöngu sótt í skóginn, skógviður var hafður til þess að skýla heyjum á vetrum, viðarlum var gott fóður handa skepnum með heygjöf og skógurinn var fénaði til bjargar í útbeit að vetri, er tók fyrir jörð. [... Þegar skóglendi gekk til þurrðar á jörðum annarra jarða um miðbik Skaftafellssýslu] var þá vart að afla á annan hátt [kola] en að fá þau frá jörðum, sem höfðu yfir skóglend að ráða. [...] mikilla kola [... þurfti að] afla úr Skaftafellsskógi bæði handa ábúanda jarðarinnar og bændum í Öræfasveit og víðar. [...] Lítið mun hafa verið sótt hingað til kolagerðar eftir að kom fram yfir síðustu aldamót, en Skaftafellsbændur héldu áfram að gera til kola fyrir sjálfa sig og notuðu viðarkol jafnframt steinkolum fram á sjötta tug þessarar aldar."

Grafarskógur er þéttur birkiskógur í halla til suðurs.

Gengið var um hann en ekki var rekist á kolagrafir. Þær kunna þó að leynast víða enda erfitt að leita af sér allan grun í þéttum skóginum en þar vex að auki mikill botngróður.

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

Heimildir:Ö-Skaftafell, 7 og Skaftafell, 231, Skaftafell, 136, 140, 146-147

SF-088:077 brú 64°01.229N 16°59.075V

Á túnakorti Bölta frá því um 1920 er sýnd brú yfir lækinn sem rennur vestan við bæ 003, í beinu framhaldi af hlaðinu framan við bæinn. Lækurinn rennur í djúpri gróf niður túnið.

Á þessum stað er enn brú eða vegur, en nú algróin og rennur saman við valllendið í túninu austan og vestan lækjar. Brúin er allt að 4 m breið og sennilega um 6 m löng frá austri til vesturs. Sennilega er hún grjóthlaðin í grunninn en jarðvegi gæti líka einfaldlega hafa verið ýtt út í grófina. Ekki er víst að þetta endurspegli upphaflega gerð brúarinnar. Á bæjateikningu danska landmælingamanna frá 1906 hefur brú verið komin yfir lækinn á þessum stað og sést enn fremur að vegur hefur legið um hlaðið á Bölta og áfram vestur eða norðvestur, sjá 020.

Heimildir:Túnakort frá því um 1920; Bæjateikning danskra landmælingamanna 1906

SF-088:078 *Vörðusker* varða óþekkt 64°01.355N 16°59.078V

"Austan við Vangalæk er neðst Grafarskógur [076]. Þar upp af með læknum er Háibölti. Upp af honum er fjárrétt [007] og ofar Litlasker og þar upp af götu er geysimikil hæð, Vörðusker" segir í örnefnaskrá. Í Skaftafelli Þórðar Tómassonar segir: "Þar ofan við er Litlasker og ofar, upp af veginum vestur í Hæðir, er geysimikil hæð, sem nefnist Vörðusker." Vörðusker er hæðarbungan beint upp eða norður af Bölta, norðan og ofan við veginn að Seli.

Ávöl og há hæð, skógi vaxin að mestu en efst uppi á flatanum er mosavaxinn melur.



SF-088:078, á mynd til vinstri er horft til suðurs en til suðausturs á mynd til hægri

Varða fannst á melnum, harla lítilfjörleg og jafnvel ekki mjög gömul. Þetta er óregluleg hrúga af flötum hellum, rúmur 1 m í þvermál og 0,3 m há. Hún sést ekki frá

Bölta en ef hún væri hærri sæist hún mögulega frá Seli eða Hæðum. Tæpum 2 m sunnan við vörðuna er líkt og hellum hafi verið raðað saman svo úr verður sléttur flötur, um 0,5 m í þvermál. Börn gætu hafa leikið sér að því að hlaða hvoru tveggja.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Skaftafell, 7

SF-088:079 *Grafreitur* mannvirki legstaður 64°01.167N 16°59.094V "Neðst, austan hans, heitir Austurbölti. Upp af honum eru þrír hryggir, er snúa upp og niður. Vestast er Grafreitur...," segir í örnefnaskrá. Í Skaftafelli Þórðar Tómassonar segir: "Niður af Böltabænum er nú heimilisgrafreitur." Grafreiturinn er um 100 m beint niður (suðvestur) af Böltabænum 003 og sést vel ef staðið er framan við bæinn og horft niður brekkuna. Grafreiturinn er á sléttum stalli niður af mjög brattri brekku. Frá honum grillir rétt í húsið á Bölta en sést hvorki heim að Seli né Hæðum. Nokkur há tré eru í suðvesturhorni grafreits og að auki eru runnar að vaxa yfir girðinguna að austanverðu.



SF-088:079, á mynd til vinstri er horft til suðvesturs en til SSV á mynd til hægri

Garðurinn er girtur með vírgirðingu ofan á steyptri undirstöðu sem væntanlega er eldri en girðingin. Hann er ferkantaður og um 15 x 6 m stór, snýr skáhallt á brekkuna en nokkurn veginn rétt við höfuðáttum, þ.e. austur-vestur. Steypta undirstaðan liggur einnig þvert yfir garðinn og skiptir honum í tvennt. Í vesturhelmingi hvíla Oddur og Magnús Magnússynir. Oddur lést árið 1951 og er gröf hans sú elsta í reitnum. Í austurhluta hvíla Ragnar Stefánsson, bóndi í Hæðum og síðar þjóðgarðsvörður í Skaftafelli (d. 1994), fyrri kona hans Anna Pálsdóttir og ungur sonur þeirra. Auk þess Jón Stefánsson, bróðir Ragnars. Hlið er inn í reitinn úr suðri, járngrindahlið og þar yfir hangir lítil koparklukka, líklega með hollenskri áletrun. Fornleifavernd ríkisins skráði staðinn árið 2004.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Skaftafell, 7, Skaftafell, 231, Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 11

SF-088:080 *Stekkjartúnsbalar* örnefni stekkur 64°01.144N 16°58.986V

"Neðst, austan hans, heitir Austurbölti. Upp af honum eru þrír hryggir, er snúa upp og niður. Vestast er Grafreitur [079], svo er Smalatorfa og austast eru Stekkjartúnsbalar," segir í örnefnaskrá. Lýsingin er nokkuð auðskilin ef staðið er í brekkum og horft á Grafreit 079, hrygginn sem hann stendur á og svo hryggina austan við hann. Ætla má að Stekkjartúnsbalar hafi verið um 150 m niður og suðaustur af bænum í Bölta 003. Þó gæti nafnið auðvitað verið eldri en byggð í Bölta og jafnvel mögulegt að þarna hafi verið Stekkatún frá gamla bænum sem stóð í Gömlutúnum. Þess má geta að Lambhagi 144 er um 150 m suðaustur af þessum stað.



SF-088:080, horft til suðurs

Þessi hryggur er nú á kafi í skógi. Þar er ófært til göngu að undanskildum stíg sem liggur frá Grafreit og til austurs, gegnum skóginn og út á veg. Engar tóftaleifar fundust en vonlaust að leita af sér allan grun.Líklega vísar þetta örnefni á sama stekk og þann sem skráður var undir 069 en erfitt er að fullyrða um það.

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

Heimildir:Ö-Skaftafell, 7

SF-088:081 *Skjólgarðsból* heimild um fjárskýli

64°01.082N 16°58.875V

"Þar ofar, vestast, heitir Rani og ofan bæjarins í Bölta, heitir Kúatorfa. Þar neðst, austan túns, heitir Skjólgarðsból," segir í örnefnaskrá. Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Skjólgarðsból er hvammur vestanmegin í gilinu [Bæjargili/Vesturgili], ofan við

Lambhaga [144]." Hér virðist því átt við hvamminn sem er næstur ofan eða norðan Lambhaga. Þar er skógi vaxinn hvammur, lítið undirlendi í honum og snarbratt niður í hann á alla kanta.

Ófært er niður í hvamminn og virðist raunar ósennilegt að þar hafi verið skjólgarður af einhverju tagi. Hugsanlegt er að bólið hafi verið ofar (vestar) og þá nær túni en sé svo er það áreiðanlega löngu horfið í tún.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Skaftafell, 7 og Skaftafell, 239

SF-088:082 gryfja kálgarður 64°01.180N 16°59.054V

Óverulegar mannvistarleifar mögulega kálgarður er í Böltatúni, í snarbrattri brekku um 70 m neðan eða sunnan bæjar 003 í beinni loftlínu. Ummerkin eru um 50 m norðaustur af grafreit 079. Þar er áberandi lægð. Áberandi langur og mjór hæðarrani liggur niður túnið, líklega náttúrulegur. Hann endar á þeim stað sem dældin er.

Stungið hefur verið úr enda ranans svo að myndast sléttur stallur í brekkunni, frekar óreglulegur í laginu en um 8 x 6 m stór frá austri til vesturs. Hann markast af stungunni að norðan en af enda ranans að sunnan. Ekkert er hlaðið í kring og helst að giska á að ummerkin séu eftir hústóft eða ef til vill lítinn kálgarð.

Hættumat: engin hætta

SF-088:083 *Kvarnarkofalág* örnefni mylla 64°01.293N 16°58.830V

"Þar ofar, vestast, heitir Rani og ofan bæjarins í Bölta, heitir Kúatorfa. Þar neðst, austan túns, heitir Skjólgarðsból [081] og ofar, ofan við götu, Kvarnarkofalág," segir í örnefnaskrá. Í Skaftafelli Þórðar Tómassonar segir: "Kvarnakofalág er við gilið, ofan við Magnúsarfoss, þar sem göngubrúin er." Kvarnarkofalág er vestan við Vestragil/Bæjargil, þar sem göngubrúin liggur yfir. Engin ummerki sjást nú um kofann en hann hefur líklega verið rétt ofan við brúnna þar sem lág er við lækinn á örstuttum kafla. Þetta er um 225 ANA við bæinn í Bölta 003. Göngubrúin liggur yfir ána þar sem klettur er í gilinu og skammt neðar (sunnar) er lítill foss á ánni, ofan við rafstöðina 153. Fast ofan við (norðan) við göngubrúnna er lítill flati við ána en þar ofan við þrengist gilið og er að talsverðu leyti markað af klettum


Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Skaftafell, 7 og Skaftafell, 231

SF-088:084 gerði kálgarður 64°01.164N 16°58.782V

Leifar af gerði eru tæpum 240 m ASA við bæ 003 og um 7 m vestan við fjárhústóft 162. Kálgarðurinn er í miklum halla til vesturs. Hann er afmarkaður af garðlagi nema að vestan þar sem engin ummerki sjást um fyrirhleðslu en þar er þverhnípt niður að Bæjargili. Allt umhverfis er talsverður birkiskógur nema til suðurs þar sem er tún vaxið sinu og hvönn.

Gerðið er gróflega áætlað um 22 x 16 m stórt. Það snýr norðaustur-suðvestur.



Kálgarður 088:011

Suðausturhlið gerðisins er langskýrast afmörkuð en sú hlið er jafnframt lengst. Hún er þó ekki eiginleg vegghleðsla heldur niðurgröftur þó á stuttum kafla virðist megi greina örlitla upphleðslu, um 0,8 m á breidd en 0,3 m á hæð. Annars staðar er garðurinn einfaldlega niðurstunginn og dýpst er á hann að norðan þar sem brekkan tekur við en þar eru um 2-2,5 m frá brekkubrún og að garðbotni. Engar grjóthleðslur hafa verið notaðar til að afmarka garðinn. Fornleifavernd ríkisins skráði gerðið árið 2004. Í óútgefinni skýrslu þeirra segir: "Um 10 m vestan tóftarinnar [...] [009] er torfgarður í

boga við brekkuna og gilbarminn að vestan til, líklega nátthagi," Afar líklegt virðist hins vegar að gerðið sé kálgarður.

Hættumat: stórhætta, vegna trjágróðurs

Heimildir: Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 14

SF-088:085 *Miðgata* gata leið 64°01.647N 16°59.988V

"Beint inn úr túni er Miðgata, þar spölkorn neðar, Pallgata [086]. Þær lágu allar inn á Snið og Grjóthól, þar neðar var svo Neðri-Miðgata [087] og svo Neðstagata [088], neðst í brekkunum, skammt ofan við sandinn," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Bak við hann [garð ofan við bæinn Hæðir] var svonefnd Klifgata [034], sem lá til norðvesturs upp í heiðarbrúnina og almennt var farin af fólki, sem fór á jökli. Hún var einnig farin, þegar riðið var inní Bæjarstað í smalamennsku, sem altítt var að vori, en oft var þó farið gangandi til þeirra starfa. Þá var að mestu hætt að fara Miðgötu fyrir neðan bæinn. Hún þótti verri að fara sökum giljanna inni í heiðinni, en Klifgata lá ofan við þau, önnur en Hrafnagil og Eyjargil." Miðgata er að líkindum sú gata sem hefur legið í framhaldi af bæjarhlaðinu í Hæðum og er merkt inn á túnakort frá því um 1920. Allt er á kafi í skógi á þessum slóðum en Götugil er merkt á loftmyndakort.



Miðgata SF-088:085, horft til vesturs

Á kortinu sést að gatan hefur legið til vesturs frá bæ, fyrir neðan Skerbala og í átt að Fornuviðarbrekkum. Hennar sjást ekki greinileg merki þótt greiðfært sé um svæðið allt frá bæ að Fornuviðarbrekum. Reynt var að rekja götuna áfram um skóginn til vesturs og á nokkrum stöðum tókst að rekja reglulegan stall sem gæti verið leifar af götunni en óhætt að segja að hún sé orðin ófær með öllu.

Hættumat: stórhætta, vegna trjágróðurs

Heimildir:Ö-Skaftafell, 7 og Skaftafell, 114-115

SF-088:086 *Pallgata* heimild um leið 64°01.634N 17°00.022V

"Beint inn úr túni er Miðgata [085], þar spölkorn neðar, Pallgata. Þær lágu allar inn á Snið og Grjóthól, þar neðar var svo Neðri-Miðgata [087] og svo Neðstagata [088], neðst í brekkunum, skammt ofan við sandinn," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Pallgata [í landi Hæða] var skammt neðan við Miðgötu, nokkru neðar var Neðri-Miðgata og síðan Neðstagata. Þær lágu líkt og fjárbrautir gegnum viðinn og voru einkum notaðar við smölun." Skógurinn sem göturnar lágu um er mjög þéttur en skrásetjarar brutu sér leið í gegnum hann til að leita að götunum. Á nokkrum stöðum í skóginum fannst götuslóði stuttu (20-50 m) neðan (sunnan) við Miðgötur 085 og eru það líklega leifar Pallgötu.

Mjög þéttur birkiskógur er á þessum slóðum, í halla til suðurs. Á síðustu áratugum hefur skógurinn orðið mjög þéttur og er nú illfær en áður lágu fjölmargir götuslóðar um hann. "Þá er næst Fornviðarbrekka, nú að verða að túni. Neðan til í henni er Innrabarð, við hliðina á því er Eystrabarð. Neðan við þau miðsvæðis er Lyngbarð, smáblettur, vestan þess er Pallgötubarð," segir í örnefnaskrá.

Heimildir:Ö-Skaftafell, 6-7 og Skaftafell, 114-115

SF-088:087 *Neðri-Miðgata* heimild um leið

"Beint inn úr túni er Miðgata [085], þar spölkorn neðar, Pallgata [086]. Þær lágu allar inn á Snið og Grjóthól, þar neðar var svo Neðri-Miðgata og svo Neðstagata [088], neðst í brekkunum, skammt ofan við sandinn," segir í örnefnaskrá.Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Pallagata var skammt neðan við Miðgötu, nokkru neðar var Neðri-Miðgata og síðan Neðstagata. Þær lágu líkt og fjárbrautir gegnum viðinn og voru einkum notaðar við smölun." Neðri-Miðgata var ekki fjölfarin heldur fyrst og fremst notuð við smölun. Hún var þar sem nú er afar þéttur og illfær skógur en engin ummerki um götuna fundust á vettvangi.

Mjög þéttur birkiskógur er á þessum slóðum, í halla til suðurs. Á síðustu áratugum hefur skógurinn orðið mjög þéttur og er nú illfær en áður lágu fjölmargir götuslóðar um hann.

Heimildir:Ö-Skaftafell, 7 og Skaftafell, 114-115

SF-088:088 *Neðstagata* heimild um leið 64°01.252N 16°59.574V

"Beint inn úr túni er Miðgata [085], þar spölkorn neðar, Pallgata [086]. Þær lágu allar

inn á Snið og Grjóthól, þar neðar var svo Neðri-Miðgata [087] og svo Neðstagata, neðst í brekkunum, skammt ofan við sandinn," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Pallgata [í landi Hæða] var skammt neðan við Miðgötu, nokkru neðar var Neðri-Miðgata og síðan Neðstagata. Þær lágu líkt og fjárbrautir gegnum viðinn og voru einkum notaðar við smölun." Neðstagata var stikuð þegar hafist var handa við að útbúa gönguleiðir í þjóðgarðinum. Hún er því hluti af leiðakerfi sem merkt er inn á uppdrátt frá Þjóðgarðinum. Hægt var að fara inn á Neðstugötu frá Sandinum sunnan við, frá malarvegi sem nú liggur meðfram brekkunum í átt að Morsárdal.


Mjög þéttur birkiskógur er á þessum slóðum, í halla til suðurs. Á síðustu áratugum hefur skógurinn orðið mjög þéttur og er nú illfær en áður lágu fjölmargir götuslóðar um hann. Nokkur þrep liggja upp skóginn frá Sandinum og liggja þau upp á ógreinilegan stíg til vesturs. Stígurinn í skóginum er óðum er að hverfa í gróður.

Heimildir:Ö-Skaftafell, 7 og Skaftafell, 114-115

SF-088:089 tóft útihús 64°01.059N 26°58.561V



SF-088:089, á vinstri mynd sést hvernig trjárætur eru að sprengja hleðslur en á þeirri hægri er horft út úr tóft, til suðurs



Tóft af útihúsi er í Gömlutúnum, fast neðan eða sunnan við göngustíg sem liggur frá austri til vesturs ofan eða norðan við túnið, um 100 m austnorðaustur af réttinni 022 sem er þar efst í túni. Geysiþéttur birkiskógur er á þessum slóðum.

Tóftin er vandfundin, enda komin alveg á kaf í birkiskóg. Tré vaxa hvarvetna út úr veggjum og nær skógarþykknið allt að 4-5 metra upp þegar staðið er í botni tóftarinnar. Örlítið grillir í hleðslur

í innanverðu norðausturhorni. Ekki er hægt að stika tóftina nákvæmlega vegna skógarins en áætlað innanmál er um 8 x 2 m frá norðri til suðurs. Dyr eru á suðurgafli. Utanmálið er að minnsta kosti 10 x 5 m norður-suður. Austurveggur er einna greinilegastur, enda í rjóðri og af honum að dæma hefur húsið verið töluvert grafið inn í í brekkuna. Veggurinn er allt að 2 m þykkur en ytri brún hans ógreinileg. Af lögun að dæma er sennilegt að hér hafi verið fjárhús. Þess má geta að skógurinn hefur vaxið gríðarlega síðan Fornleifavernd ríkisins skoðaði tóftina 2004.


Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

Heimildir: Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 10

SF-088:090 tóft útihús 64°01.548N 16°59.807V



SF-088:090, á mynd til vinstri er horft til ASA en til suðausturs á mynd til hægri



Stök útihústóft er ofan við vesturpart Fornuviðartúns, 280 m vestur af Hæðum. Líklega er þetta sami kofi og frá segir í örnefnalýsingu: "Næsta gil í túninu, vestan við bæinn, heitir Grjótlækur, hann kemur í tvennu lagi að ofan og sameinast vestur frá bæ. Vestri álman kemur úr Fornviðarbrekku, upp af henni er svo Vestri-Kliftorfa, svo myndast þar tunga í henni,

heitir Sker og þar er kofi." Tóftin er í jaðri á mjög grösugu túni. Utan þess tekur við þéttur skógur.

Tóftin er einföld og snýr ASA-VNV, 6 x 5,5 m stór. Opið snýr í suðaustur. Veggir standa vel (1,5-1,6 m) og mikið af grjóti sést í þeim innanverðum. Mikill mosi ofaná veggjum og birkihríslur vaxa uppúr norðurvegg og gremst. Innan veggja sjást leifar af birkiröftum og þakhellum. Aftan eða norðvestan við tóftina er 4-5 m löng, djúp skora í framhaldi af tóftinni, en samansigin og algróin. Hugsanlega leynast þarna eldri mannvistarleifar. Norðurhlið tóftarinnar er annars grafin inn í náttúrulega brún en hin hliðin er uppbyggð. Þéttur skógur er fast norðan og austan við tóftina. Ekki er ljóst til hvers hún var notuð en þó sennilegast að hér hafi verið fjárhús.

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

Heimildir: Ö-Skaftafell, 6

SF-088:091 *Töflutorfa* heimild um smalakofa

"Ofan við Sniðabrekku, uppi á heiðinni, nokkuð hátt uppi í Skerhóla, heitir Töflutorfa. Þar byggðu smalar sér kofa," segir í örnefnaskrá. Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Torfan þar ofan við er nafnlaus, en upp við Skerhól, sem rís þarna yfir heiðina, eru torfur með nöfnum. Vestast er Tóttartorfa, sem dregur nafn sitt af því að smalar, sem þarna sátu yfir kvíám, byggðu sér lítið hús eða skýli í torfunni til að leita skjóls í rigningu. Það er fyrir löngu niður fallið." Gengið var eftir hlíðum Skerhóls fram og til baka í leit að smalakofarústum en þær fundust ekki. Bjarni Jakobsson, fyrrum ábúandi í Bölta hefur einnig leitað talsvert af kofanum á þessum slóðum en ekki fundið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir:Ö-Skaftafell, 7 og Skaftafell, 235

SF-088:092 *Hrossbeinatorfa* örnefni legstaður 64°01.214N 16°58.700V

"Austur af Miðoddatorfu, austur undir Eystragili, er lítil torfa, Hrossbeinatorfa," segir í örnefnaskrá. Fjárhús 008 eru í Miðtorfu og þess var getið að svæðið austur af þeim, það sem er næst Eystragili væri Hrossbeinatorfa. Ekki er ljóst hvaða merkingu skal leggja í örnefnið. Stundum geta hrossbein bent til heiðins legstaðar en þau geta einnig verið til marks um ýmislegt annað, t.d. einfaldlega huslað hross. Hrossbeinatorfa er austur af túni í halla til suðurs sem er í mikilli órækt. Þar vex gras og njóli og svæðið er umkringt birki. Hrossbeinatorfan er svolítill höfði út í gilið, þó lítt áberandi.

Heimildir:Ö-Skaftafell, 8

SF-088:093 *Heygata* heimild um leið 64°01.175N 16°58.721V
"Svo er Heygötufoss og Heygata var vegur í gamla daga. Svo eru tveir fossar neðst, nafnlausir," segir í örnefnaskrá. Heygötufoss er um 330 m ASA við bæ í Bölta 003. Ofan við hann eru fremur þverhníptir bakkar niður að ánni. Stuttu ofar er nú göngubrú á henni og samkvæmt Bjarna Jakobssyni fyrrum ábúanda í Skaftafelli var Heygötuvaðið 148 líklega á svipuðum slóðum og hún er nú en hvorki sjást ummerki um vaðið eða götuna lengur. Árbakkarnir eru grónir kjarri og runnagróðri. Engin ummerki sjást til götunnar eða vaðsins lengur.
Hættumat: hætta vegna átroðnings
Heimildir:Ö-Skaftafell, 8

SF-088:094 *Gildrusker* þúst refagildra 64°01.880N 16°56.676V
"Bak við það eru efstu grastorfur á heiðinni, það heitir Leynidalstorfur. Framan við þær er sker sem heitir Gildrusker," segir í örnefnaskrá. Gildrusker er fast ofan eða norðan við efri stíginn sem liggur að Sjónarnípu, sunnan við Kristínartinda. Þar er lítil grjóthrúga. Staðurinn er 7-8 m norðan við göngustíg sem er fjölfarinn. Þetta er um 2,2



SF-088:094, á mynd til vinstri er horft til norðurs en mynd til hægri til suðausturs

km norðaustur af Gömlutúnum. Gildrusker er grýtt og ávöl melbunga. Smágróðurtorfa er kringum steinahrúguna.

Hér um bil efst á melnum er grjóthrúga sem gætu verið leifar af refagildru. Í henni er einn stór og jarðfastur steinn að austan en svo töluverð steinahrúga þar vestan við. Hún er alls um 3 x 2 m stór frá NNA-SSV. Vart stendur steinn yfir steini en mætti helst ímynda sér að stóri steinninn hefði verið austurgafl í gildru. Ferðamenn hafa bætt


töluverðu af grjóti í hrúguna, sem ekkert lag er á.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Ö-Skaftafell, 9

SF-088:095 *Tanghús* tóft beitarhús 64°01.404N 16°57.420V

"Svo er þar fyrir framan Sláttutorfur, ná þvert yfir og vestur af þeim, er Austurheiðarfoss. Niður úr þeim austanverðum er grasivaxinn valllendistangi, Sláttutorfutangi, á honum er lítið sauðahús," segir í örnefnaskrá. Þessi hús voru kölluð Tanghús. Þau eru utan í brekkubrún um 1,4 km austur af Bölta (003) í beinni loftlínu. Best er að komast á staðinn með því að ganga stíg sem liggur út eða austur brekkurnar fyrir ofan þjónustumiðstöð, sem liggur að Sjónarnípu. Hústóftin er um 150 m ofan eða norðan við göngustíginn. Húsin eru á kjarri- og lyngivaxinni heiðarbrún. Fast austan við er mýrlent drag, óðum að fyllast af kjarri og þar mótar fyrir





SF-088:095, á mynd til vinstri er horft til norðurs en til suðurs, yfir gróðurflókann á mynd til hægri

reglulegri dokk eða stalli sem gæti verið eftir mótekju eða torfristu.

Tóftin er nær alveg komin á kaf í kjarr þótt ekki sé hún mjög gömul. Húsið var


enn undir þaki eftir 1950 og mikið járn sést við tóftina og timburleifar í henni. Vegna skógarins, sem er bæði birki og víðir, er erfitt að lýsa henni í smáatriðum en hún virðist þó einföld, um 11 x 5,5 m stór og snýr norður-suður suðurs, opin í suðurátt. Ekki er hægt að ganga inn í hana vegna gróðurs sem er þar yfir 2 m hár en ljóst af framgafli að þar hlýtur að vera mikið grjót. Mest er grjótið við suðvesturhorn og syðst í austurhlið. Hleðslur ná mest um 1,2 m hæð.

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

Heimildir:Ö-Skaftafell, 9; Skaftafell, 27-28

SF-088:096 *Tunga* tóft útihús 64°01.027N 16°58.737V

Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Vestan við Þerribala, ofan við tætturnar [002] er svonefnd Tunga. Um hana er lítið lækjarrennsli, nefnt Fauski. Aðeins vestar eru útihúsarústir frá gamla bænum. Tóftirnar á Tungu eru enn greinilegar um 20 m ofan (norðan) við elstu bæjarrústirnar í Gömlutúnum 002 en um 60 m neðan (sunnan) við fjárhústóftir 014. Í örnefnaskrá er getið um að einsetumaður hafi búið í útihúsi í Gömlutúnum en ekki er ljóst hvort líklegast er að það hafi verið í þessu húsi eða 022. "Þar aðeins vestar [en Fauski] eru rústir eftir útihús frá gamla bænum, ofan við þær eru paldrar sem kallaðir eru Bergstóftarbalar. Þar er sagt að hafi búið einsetumaður, Bergur að nafni," segir í örnefnaskrá.



Tóftir SF-088:096, teikning byggð á frumgögnum frá Minjastofnun Íslands og skýrsluhöfundum

Tóftin er neðarlega í túni sem er í talsverðum halla til suðurs. Túnin eru komin í órækt og vafin sinu auk þess sem víði- og birkiplöntur eru farnar að

herja á það og dreifa úr sér. Víða í túninu vex talsverð hvönn. Skógur vex fast austan við tóftina og stór runni er fast norðvestan við norðvesturhorn hennar.

Tóftirnar á Tungu eru talsvert umfangsmiklar og virðist um minjastaðurinn tvískiptur, mögulega útihús, hlað og kálgarður. Rústirnar eru nú svo signar og hrundar að ekki verður með öruggum hætti greint á milli þeirra. Svæðið er samtals um 25 x 18 m stórt og snýr gróflega norður-suður. Ofar (norðar) er tvískipt tóft, nokkuð greinileg en þó sigin. Hún er gróflega áætlaðu 10 x 10 m að stærð. Tóftin er byggð inn í brekkuna og frá brekkubrún og ofan í tóftarbotn eru 2 m. Hólf A er vestar og er 6 x 3 m að innanmáli. Hólf B er austar og það er 4-5 m x 1,5-2 m að innanmáli. Veggir eru mjög breiðir og tröllslegir og eru vaxnir elftingu. Bæði hólf hafa haft op á suðurveggjum sem eru nú í báðum tilfellum mjög óljósir. Fast sunnan við hólfin tvö tekur við flatt svæði, D. Það er um 4 m á breidd en 8-10 m á lengd (austur-vestur). Svæðið minnir mest á e.k. hlað en þó er veggur fyrir eða upphækkun fyrir vesturhlið þess. Sunnan við "hlaðið" tekur við brekka í halla til suðurs. Í henni er framhald eru frekari veggir, C. Þeir gætu mögulega e.k. gerði frekar en eiginleg tóft. Gerðið/hólfið er 8 x 4-5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það gæti hafa verið kálgarður. Frá "hlaði" D og niður í gerðisbotn C eru 1,5. Ekki er eiginlegur suðurveggur fyrir gerðinu en austur- og vesturveggir eru skýrir og 0,6-0,7 m og 1,5 m á breidd. Fornleifavernd ríkisins skráði staðinn árið 2004



SF-088:096, á mynd til vinstri er horft til suðurs en til SSV á mynd til hægri

Hættumat: stórhætta, vegna trjágróðurs

Heimildir: Skaftafell, 246 og Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 7

SF-088:097 *Fauski* heimild um vatnsból 64°01.026N 16°58.642V

"En vestan við hann [Skáka], ofan við bæjarrústirnar, er smáblettur, Tunga. Þá er rétt bak við rústirnar, lækur sem heitir Fauski," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Skaftafell eftir

Þórð Tómasson segir: "Rétt ofan við bæinn var lindin Fauski, sem áður hefur runnið um bæjarþorpið í föstum farvegi." Líklega hefur Fauski alveg þornað upp með árunum. Þurran lækjarfarveg sem líklega er umrætt vatnsból má nú (september 2012) greina um 70 m austan við bæ 002 og suður túnið.

Tún sem er í talsverðum halla til suðurs. Túnin eru komin í órækt og vafin sinu auk þess sem víði- og birkiplöntur eru farnar að herja á það og dreifa úr sér. Víða í túninu vex talsverð hvönn. Af lækjarfarveginum að dæma var Fauski ekki mikið vatnsfall.

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

Heimildir:Ö-Skaftafell, 10 og Skaftafell, 29-30

SF-088:098 varða leið 63°58.175N 17°09.576V



SF-088:098, nokkrar af vörðunum við leiðina

Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Næsta framkvæmd, [...], var gerð rétt eftir aldamótin 1900. [...] Hann [sr. Magnús Bjarnarson á Prestbakka] beitti sér fyrir því að yfir Skeiðarársand væri vörðuð leið. Í þetta verk gengu allir verkfærir karlmenn í Öræfum og byggðu á einum degi nokkuð þéttar og mjög vel lagaðar vörður, trapisulagaðar og æði stórar. Ég held að enn standi einar þrjár af þeim vörðum nokkuð langt fyrir ofan sæluhúsið, sem nú er á sandinum. Þessar vörður voru byggðar á 18 tímum." Talsvert af vörðunum sjást ennþá rétt sunnan við réttina og gamla sæluhússtæðið 048 og hafa þær líklega eitthvað verið endurhlaðnar. Mosagróinn melur. Hægt er að aka vegarslóðann áfram til austurs frá gamla sæluhússtæðinu.

Sú varða sem næst er réttinni er um 30 m suðaustan við hana. Hún er um 15 m sunnan við ruddan slóða, gamlan þjóðveg. Þessi varða, hér nefnd A, er alveg hringlaga og regluleg í grunninn, um 1,5 m í þvermál. Í henni er ávalt grjót og jafnvel hnöttótt, hæð um 0,4 m. Alls voru skráðar 10 vörður til viðbótar í framhaldi til austurs og eru vörðurnar enn fleiri. Þær eru flestar mjög svipaðar að gerð og tilheyra augljóslega sama notkunarstigi. Allar eru þær á bilinu 1-1,5 m í þvermál og ekki háar, mest líklega 0,5-0,6 m háar. Á milli varðanna eru oftast á bilinu 120-140 metrar. Vegurinn var rakinn að gömlum farvegi Skeiðarár, alls um 1,3 km.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Skaftafell, 161

SF-088:099 heimild um býli 64°01.048N 16°58.711V

"Þar aðeins vestar [en Fauski] eru rústir eftir útihús frá gamla bænum, ofan við þær eru paldrar sem kallaðir eru Bergstóftarbalar. Þar er sagt að hafi búið einsetumaður, Bergur að nafni," segir í örnefnaskrá. "Nokkuð ofan við Bergstóftarbalann var fjárrétt [022]. Svæðið vestan við hana heitir Gilbarmur," segir í svæðisskráningu sem gerð var árið 1999 af Sýslusafni Austur Skaftafellssýslu. Samkvæmt lýsingum virðist þessi tóft hafa verið ofan við útihús 096 en neðan við rétt 022. Ekki fundust leifar af mannvirkjum á því svæði í túninu sem er gróflega áætlað 50 x 50 m stórt en túnið er á kafi í órækt og talsverðum trjágróðri þannig að það er erfitt að leita af sér allan grun. Tún í talsverðum halla til suðurs. Túnin eru komin í órækt og vafin sinu auk þess sem víði- og birkiplöntur eru farnar að herja á það og dreifa úr sér. Víða í túninu vex talsverð hvönn. Ekki fundust tóftir á þessu svæði en ein óljóst þúst 100 var skráð fast ofan (norðan) við útihús 096.

Hættumat: stórhætta, vegna trjágróðurs

Heimildir:Ö-Skaftafell, 10 og Menningarminjar í Öræfum: Svæðisskráning, 151

SF-088:100 þúst útihús 64°01.034N 16°58.719V

Óljós þúst er í Gömlutúnum um 50 m norðan (ofan) við elsta þekkta bæjarstæðið í



SF-088:100, á mynd til hægri er horft til austurs en til suðurs á mynd til vinstri

Skaftafelli 002 og 5 m ofan við útihústóft 096.

Þústin er neðarlega í túni sem er í talsverðum halla til suðurs. Túnin eru komin í órækt og vafin sinu auk þess sem víði- og birkiplöntur eru farnar að herja á það og dreifa úr sér. Víða í túninu vex talsverð hvönn. Þústin er mjög óljós en þó virðist líklegt að þar gætu leynst leifar af litlum útihúskofa undir sverði. Í raun sést þó ekkert "ytra byrði" en greinileg dokk, 3 x 2 m stór sést á staðnum. Dokkin snýr norður-suður. Ekki er óhugsandi þessi staður sé sá sem lýsing 099 á við um en ekki er hægt að skera úr um það.

Hættumat: stórhætta, vegna trjágróðurs

Heimildir: Skaftafell, 252

SF-088:101 *Freysnes* bæjarstæði bústaður

Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar frá 1709 í fylgiskjölum Jarðabókar Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XIII segir: "Freysnes er kallað, en segist enginn fyrir víst vita, nær þar hafi byggð verið. Þar við er enn nú kennd Freysnesfjara, sem liggur til Skaftafells með Freysnesi. Landsk. er sögð verið hafi v aurar." Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Annar bær, Freysnes, var í Skaftafellslandi, eða hefur lagzt undir Skaftafell, en hann mun ekki heldur hafa verið í byggð eftir 1362." Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: " Örnefnið Freysnes kynni að vera tengt þinghaldinu [á Skaftafellsþingi] og þá

jafnframt Freysdýrkun Svínfellinga hinna fornu. Bærinn Freysnes mun hafa staðið nálægt þeim stað þar sem hringvegurinn (þjóðvegurinn) mætir nú afleggjaranum heim að Skaftafelli." Þar segir einnig: "Bærinn Freysnes féll úr byggð, að því er virðist, á miðöldum, og jörðin lagðist síðar undir Skaftafell. Sveinn Pálsson segir að bærinn hafi verið sauðaustur [svo] frá Skaftafelli, niðri á láglendinu "þar sem fjárhúsin standa nú" (þ.e. 1794). Þetta mun hafa verið vestar en nú er nefnt Freysnes, nærri sanni þar sem þjóðleiðin nýja (hringvegurinn) kemur inn á Öræfaveginn. Þarna voru slægjustykki frá Skaftafelli, Vondibakki, sem var sleginn langt fram eftir 19. öld, og svo kölluð Blautafit, mjög góð slægja." Í Ferðabók Sveins Pálssonar segir:" 4. Freysnes á að hafa staðið milli Skaftafells og Svínafells, skammt frá beitarhúsum, sem enn standa þar á litlum grasbletti." Óljóst er hvar Freysnes hefur verið, hugsanlega á svipuðum stað og íbúðarhús, hótel og bensínstöð hafa nú verið byggð (þar voru skráðar rústir sem gætu verið af beitarhúsum, sjá 142) eða vestar, þar sem vegur að Skaftafelli klofnar frá þjóðvegi.

Heimildir:JÁM XIII, 437; Skaftafell, 13, 27-28; BAS, 81; Ferðabók Sveins Pálssonar, 537

SF-088:102 heimild um tröll

Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Það er mælt að tröllkona hafi búið þar inn á dalnum, innan við Skaftafellsskóginn, í helli einum, sem þar finnst enn í dag. Þessi skessa var mjög vinveitt Bjarna [bónda í Skaftafelli]. [...] Hellirinn stendur enn í dag með einum glugga á miðjum mæni, en rúm skessunnar kvað vera höggvið í bergið. Er það hér um bil átta álna langt og tveggja álna breitt. En mælt er að gamli Bjarni hafi smíðað hurð og allan dyrabúning fyrir helli þann svo skessan skyldi eiga því betra þar inni." Í greininni "Skessan í Skaftafelli" og birtist í Glettingi 2005 segir: " Híbýli skessunnar átti að haf verið í helli þeim er nú er kallaður Búrið. Hann er í svokölluðu Miðfelli sem er á milli Morsársdals og Kjósar. Einar hefur verið svo hugulsamur að smíða dyraumbúnað úr tré í hellisopið [...] og þessi dyraumbúnaður er nú ef til vill eina sönnunargagnið fyrir því að þarna hafi búið mannvera [...]." Ekki er lengur vitað nákvæmlega hvar umræddur hellir er og ekki var hann staðsettur við skráningu sumarið 2012.

Heimildir: Skaftafell, 218-219; Glettingur 2005, 78

SF-088:103 heimild um leið

Í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1839 segir: "Um sóknina liggja alfaravegir ýmist um hlöð á bæjum eða rétt við tún, en ei verður komist úr sóknunum nema á tvo vegu, austur eða vestur."

Heimildir:SSS; 151-152

SF-088:104 *Hetta* heimild um huldufólksbústað 64°01.338N 16°57.969V

Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Það var einn steinn hérna austan við Eystragil, sem eldra fólkið hafði trú á að huldufólk byggi í. Þessi steinn stendur á Bæjarskeri, skerbungunni fyrir ofan gamla bæinn og heitir Hetta." Á öðrum stað í bókinni segir einnig: "Vestan til á því [Bæjarskeri] ofanverðu er allstór steinn, sem heitir Hetta." Ekki fannst heimildamaður sem þekkti steininn Hettu. Steinn sem verður að teljast líklegur fannst þó við vettvangsgöngu um 370 m upp og austur af Gömlutúnum,



SF-088:104, á mynd til vinstri er horft til norðurs en til vesturs á mynd til hægri

töluverðan spotta austan við fjölfarinn stíg sem liggur upp að Svartafossi. Melur með mosabungum og lággróðri hér og hvar.

Áberandi og stakstæður steinn, sá eini sem mætti telja líklegan huldufólksbústað á býsna stóru svæði. Hann er um 1,5 m hár og frá vissu sjónarhorni má ímynda sér að toppurinn á honum sé þaklaga. Þess má geta að um 370 m norðaustar fannst annar steinn sem gæti líka komið til greina, öllu minni þó.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Skaftafell, 212 og 246

SF-088:105 garðlag túngarður 64°01.314N 16°59.230V

Vestan við rétt og fjárhús 007 var fé var stundum haft áður en rekið var inn í réttina. Enn vottar fyrir garði vestan við réttina en af túnakorti frá því um 1920 að dæma hefur

hann einnig gegnt hlutverki túngarðs. Þarna er nú grösug flöt í halla mót suðri, nú mikill skógur, einkum í jöðrum.

Garðurinn er rétt neðan eða sunnan við veginn að Seli, samsíða honum. Hann er rekjanlegur allt frá réttinni 007 og um 60 m til vesturs. Garðurinn er víðast hvar ágætlega stæðilegur, algróinn en sumstaðar úr lagi genginn. Hann er víða allt að 0,8 m hár og 1 m breiður. Eftir 60 m sveigir hann til suðurs og er þar mikill trjágróður á honum en þó unnt að rekja hann alls a.m.k. 30-40 m til viðbótar, sennilega lengra af loftmynd að dæma eða allt að rúma 100 m. Á nokkrum stöðum sjást leifar af girðingarstaurum við garðinn innanverðan. Op er á norðvesturhorni og þar hefur verið



SF-088:105, á kafi í gróðri. Á mynd til vinstri er horft til vesturs en til suðurs á mynd til hægri

rekið inn að réttinni, meðfram utanverðum garðinum, milli hans og vegarins (017) ofan við. Þannig má segja að hafi myndast e.k. traðir milli garðs og vegar. Ekki fundust leifar af túngarði annarstaðar á Bölta, nema ef vera skyldi garðlag 121 sem er hér um bil beint upp eða norður af bænum.

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

SF-088:106 þúst fjárhús
64°01.019N 16°58.616V

Afar ógreinileg þúst er í þeim hluta Gömlutúna sem nefndur er Austurbrekkur. Hún er um 85 m austan við bæ 002 og 2-3 m vestan við greinilega hesthúsrúst 109. Fornleifavernd ríkisins skráði þústina árið 2004 og hún er samkvæmt þeim af




SF-088:106, horft til SSV

fjárhúsum.

Þústin er í fremur bröttu túni sem hallar til suðurs. Túnið er í órækt og umhverfis það er talsverður birki- og víðiskógur og er hann byrjaður að sá sér í túnið. Sunnan tóftar er þó opið svæði í túninu, grasi gróið svæði í halla til suðurs. Enginn trjágróður er enn í sjálfri tóftinni.

Þústin er 13 x 5-6 m stór og snýr nálega norður-suður. Hún er greinilegust nyrst (efst) en verður ógreinilegri til suðurs þannig að erfitt er að greina suðurenda hennar. Þústin hefur líklega skipst í tvö hólf og þá hefur op verið á milli hólfa á austurvegg en það er nú afar óljóst. Ef gert er ráð fyrir þessu hefur nyrðra hólfið verið 2-3 x 2 m að innanmáli en það syðra 4-5 x 2 m. Samkvæmt skráningu Fornleifaverndar ríkisins eru fjárhúsin framan við og hlaða aftan við. Engar grjóthleðslur sjást í veggjum sem eru 0,3 m á hæð en rúmur 1 m á breidd. Þústin er nú á kafi í grasi og er talsvert signari en aðrar rústir í Gömlutúnum, s.s. 109.



Tóft SF-008:106, teikning byggð á frumgögnum frá Minjastofnun Íslands og skýrsluhöfundum

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

Heimildir: Skaftafell, 161 og Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 6-7

SF-088:107 heimild um samgöngubót

Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Geta má þess líka að skömmu eftir aldamótin [1900] og samhliða vörðugerð [sjá 098]var gengist í að setja upp lugtir á hæfilega háum stólpum vestan við Skeiðará og fyrir austan Núpsvötn hjá einnig Gígjunni. Farm að þessu hefur sést lugtarstaur við Gígjuhólinn. Núpsstaðarbóndinn sá um vestari lugtina, að hún væri í lagi og steinolía hjá henni, og einn Skaftafellsbóndinn sá um lugtina

hér austur frá. Menn sem voru seint á ferð og þurftu aðstoðar við með að komast leiðar sinnar, gerðu þá vart við sig með því að kveikja á lugtinni.". Staðurinn var ekki skráður á vettvangi sumarið 2012.

Heimildir: Skaftafell, 161

SF-088:108 tóft fjárskýli 64°02.111N 17°00.287V

Tvær fjárborgir, Einarsborg 127 og Böltaborg 128 eru vel þekktar í skóginum norðvestan við Skaftafellsbæina. Nokkru norðar er hins vegar þriðja borgin sem Bjarni Jakobsson, uppalinn í Bölta, rakst á nýlega á göngu sinni um skóginn. Samkvæmt honum er virðist vestasta tóftin miklu eldri en hinar tvær. Borgin er rúmum 400 m norðan við Böltaborg 128 en 1,9 km NNV við Bölta 003. Borgin er inn í mjög þéttum birkiskógi.

Bjarni Jakobsson fann tóftina og í bréfi frá honum segir um hana: "Fremsti hluti hennar stendur efst á uppgróinn á rofabarði en veður og vindar hafa gengið á torfuna og hleðslan fallið jafnóðum ofan í rofið. Þrátt fyrir að lítið fari fyrir henni er þetta augljóst mannvirki og aðstæður allar svipaðar og við hinar borgirnar." Vitneskja um borgina barst skrásetjurum eftir að skráningu lauk og því var hún ekki skoðuð á vettvangi. Hnitið er fengið frá Bjarna.

Hættumat: stórhætta, vegna trjágróðurs

Heimildir:Tölvupóstur frá Bjarna Jakobssyni 18.03. 2013

SF-088:109 tóft útihús 64°01.021N 16°58.604V




SF-088:109, á mynd til vinstri er horft til austurs en til vesturs á mynd til hægri

Einföld tóft, líklega af einhvers konar útihúsum, er í þeim hluta Gömlutúna sem nefndur er Austurbrekkur. Hún er um 100 m austan við bæjarstæði 002. Tóftin er í fremur bröttu

túni sem hallar til suðurs. Túnið er í órækt og umhverfis það er talsverður birki- og víðiskógur og er hann byrjaður að sá sér í túnið. Sunnan tóftar er þó opið svæði í túninu, grasi gróið svæði í halla til suðurs. Enginn trjágróður er enn í sjálfri tóftinni en mikill elfting vex í henni. Um 10 m eru í næstu runnabreiður.

Tóftin er 8 x 5-6 m stór og snýr nálega austur-vestur. Hún virðist einföld og op er á norðurvegg austan við miðju. Veggir eru mest um 1 m á hæð en víða 0,6 m háir. Innanmál tóftar er 3,5 x 1,7 m. Tóftin er grafin inn í brekkuna til norðurs. Fornleifavernd ríkisins skráði tóftina 2004.




Tóft SF-088:109, teikning er byggð á frumgögnum frá Minjastofnun Íslands og skýrsluhöfundum

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

Heimildir:ÁFÍ 1937, 7 og Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 9

SF-088:110 tóft fjárhús 64°01.019N 16°58.580V



Fjárhústóft SF-088:110, teikning er byggð á frumgögnum frá Minjastofnun Íslands og skýrsluhöfundum

Áberandi tóft er í þeim hluta Gömlutúna sem nefndur er Austurbrekkur. Hún er um 15 m austan tóft 109 en um 125 m austan við Skaftafellsbæ 002. Tóftin er í fremur bröttu túni sem hallar til suðurs. Túnið er í órækt og umhverfis það er talsverður birki- og víðiskógur og er hann byrjaður að sá sér í túnið. Sunnan tóftar er þó opið svæði í túninu, grasi gróið svæði í halla til suðurs. Enginn trjágróður er enn í sjálfri tóftinni en mikill elfting vex í henni.

Tóftin er 12 x 6 m stór og snýr norður-suður. Hún virðist einföld og er með opi á suðurvegg miðjum. Tóftin er komin á kaf í gróður og innan hennar vaxa miklir víðirunnar og birki



SF-088:110, á mynd til vinstri er horft til norðausturs en til norðurs á mynd til hægri

og hylur trjágróður hana að mestu, nema suðurstafn og dyraop. Enn má þó sjá að tóftin var hlaðin úr grjóti sem er nú að mestu gróið þó á stöku stað glitti í grjót. Veggir eru mest 1,2 m á hæð. Að innanmáli er tóftin 7 x 3 m. Innst í henni (nyrst) er um 1,5 m langt svæði þar sem tóftarbotninum er 0,1-0,2 m hærri en umhverfið. Fornleifavernd ríkisins skráði tóftina árið 2004. Samkvæmt skráningu þeirra er tóftin af fjárhúsum.

Hættumat: stórhætta, vegna trjágróðurs

Heimildir: Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 9

SF-088:111 heimild um leið

Samantekt á vísbendingum um þessa leið eru í bókinni Íslenzkir sögustaðir. Samkvæmt Jöklariti Sveins Pálssonar voru á lok 18. aldar sagnir um að leið væri á milli Skaftafells og Möðrudals á Fjöllum um Morsárdal. Það átti að sjást til gatna í Miðfelli, norðan við Morsárdal og hlutum sem þar höfðu fundist. Aðrar vísbendingar þessu til stuðnings eru nokkrar, m.a. í máldaga Möðrudals á fjalli, frá dögum Gísla biskups Jónssonar (1558-87) um að kirkjan þar hafi átt skógarítak í Skaftafelli, í Jarðabók frá 1797 átti Skaftafell hrossabeit í Möðrudal og örnefnið Klofajökull talið benda til skarðs sem farið hafi veið um. Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Lífseigar sagnir hafa verið á reiki um samband Möðrudals á Fjalli og Skaftafells, ótrúlegar fremur, þar sem reginöræfi og stórjökull skilja milli bæja. Skilríkir menn hafa stutt þetta þeim líkum að skarð eða klofi hafi rofið Vatnajökul í öndverðu byggðar og hann því heitið Klofajökull. Sagnir um veginn forna milli Möðrudals og Skaftafells hafa í senn geymst í bókum og í minni manna."

Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir ennfremur: "Sveinn Pálsson læknir

hafði af þessu fréttir í Skaftafelli árið 1793 og skráði í dagbók sína. "Á snarhallandi klettasvaða utan í Miðfelli fannst fyrir mörgum árum garðlag úr torfi og náði það yfir klöppina. Þó hafði fallið niður stykki við annan endann. Garðurinn var þannig gerður að fara mátti með hest eftir honum, og sést af því að þar hefur fyrrum legið vegur norður á jökla. En garðurinn hefur verið hlaðinn til þess að komast mætti yfir hina bröttu klöpp, og hafa þá sennilega áður verið höggnar í hana smáholur til þess að garðurinn stæði. [...]." Sveinn Pálsson telur þetta góð og gild fræði og greinir frá því sama í Jöklariti sínu." Ekkert er lengur vitað um hvar hinn dularfulli garður utan í Miðfelli var en staðsetning hans og lýsingar á gerð hans vekja ýmsar spurningar um hlutverk hans og aldur.
Heimildir:KK, 71, Skaftafell, 23-24

SF-088:112 *Skaftafellsþing* heimild um þingstað
Í Brennu-Njálssögu segir: "Hon [Hildigunnur Starkaðardóttir] mælti: "Hefna mundi Hoskuldr þín, ef hann ætti eptir þik at mæla." Flosi [Þórðarson Freysgoða] svaraði: "Eigi skortir þik grimmleik, ok sét er, hvat þú vill." Hildigunnr mælti: Minna hafði misgort Arnór Ornólfsson ór Forsárskógum við Þórð Freysgoða, foður þinn, ok vágu bræðr þínir hann á Skaftafellsþingi, Kolbeinn ok Egill." Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Skaftafell er hinn forni þingstaður Skaftfellinga og syðst af þingunum þremur í Austurfjórðungi. Ekki er vitað hvar þingstaðurinn var, enda hafa miklar breytingar orðið í Skaftafelli á síðari öldum."Í Byggðasögu A-Skaftafellssýslu segir: "Talið er líklegt, að þingstaður hafi verið í Skaftafelli, en engar sagnir eða örnefni styðja það nema nafnið Skaftafellsþing. Að vísu er þar eitt örnefni, Þjófafoss, sem sumum hefur dottið í hug að bendi til þingstaðar, en þar sem engar heimildir eru fyrir því, að þjófum hafi verið drekkt, heldur aðeins hengdir, mun ekkert upp úr því leggjandi." Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Í Skaftafelli hafa Skaftfellingar haldið vorþing sitt á þjóðveldisöld í fimmtu eða sjöttu viku sumars. Enginn veit nú með vissu hvar þingið var háð. Ýmsir myndu ætla að það hefði verið einhvers staðar í nánd bæjarins Skaftafells, í jaðri Skaftafellsheiðar. Ekki verður þó afsannað að minjar þingsins séu fyrir löngu afmáðar niðri á láglendinu af völdum Skeiðarár eða Skaftafellsár. Örnefnið Freysnes kynni að vera tengt þinghaldinu og þá jafnframt Freysdýrkun Svínfellinga hinna fornu. Bærinn Freysnes mun hafa staðið nálægt þeim stað þar sem hringvegurinn (þjóðvegurinn) mætir nú afleggjaranum heim að Skaftafelli." Ekki er unnt að staðsetja Skaftafellsþing.
Heimildir:ÍF XII, 291; ÁFÍ 1937, 12; BAS III, 80; Skaftafell, 13

SF-088:113 þúst útihús 64°01.006N 16°58.582V


Lítil, einföld og sigin tóft er í þeim hluta Gömlutúna sem nefndur er Austurbrekkur. Hún er um 120 m austan við bæ 002 en 125 m neðan (sunnan) við fjárhústóft 110. Tóftin er um 10 m ofan við (norðan við) röð af birkitrjám sem eru ofan við tjaldstæði í Skaftafelli.



SF-088:113, á mynd til vinstri er horft til suðvesturs en til suðurs á mynd til hægri

Tóftin er í mjög brattri brekku sem er á kafi í grasi, elftingu og öðrum gróðri. Birkitré og víðirunnar eru víða umhverfis en þó hvergi nær tóftinni en í um 10 m fjarlægð.

Tóftin er einföld og snýr norður-suður. Hún er 5 x 3,5 m að stærð og op hefur líklega verið á henni á suðurskammhlið miðri. Veggir eru á kafi í grasi og elftingu og aðeins um 0,2 m á hæð og minna en 1 m á breidd. Tóftin er algróin. Um 1 m norðaustan við norðausturhorn tóftar er ferhyrnd dæld, 2 x 1 m að stærð sem snýr eins og tóftin. Ekki er ljóst hvort torf var skorið á þessum stað eða hvort orsakir dældarinnar eru aðrar. Fornleifavernd ríkisins skráð tóftina árið 2004.



Tóft SF-088:113, teikning er byggð á frumgögnum frá Minjastofnun Íslands og skýrsluhöfundum

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

Heimildir: Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 9

SF-088:114 *Sýslumannsvarða* heimild um samgöngubót

Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Það var varða á sandinum, sem gamlir

menn hér nefndu Sýslumannsvörðu. Í vestursýslunni var hún nefnd Sýsluvarða. [...] Hún fór í hlaup á síðustu öld og enginn veit nú, hvar hún var." Í bókinni Leyndardómar Vatnajökuls segir að sýslumannsvarða hafi verið nálægt miðjum sandi. Hún hvarf í Skeiðarárhlaupi árið 1903. Hún var gerð í tengslum við vegbætur Magnúsar Stephensen (sjá 641:101). Ekki er nákvæmlega vitað hvar varðan var en hún hefur verið utan Þjóðgarðsins og var því ekki skráð sumarið 2012.

Heimildir: Skaftafell, 160; Leyndardómar Vatnajökuls, 162

SF-088:115 gerði kálgarður 64°01.066N 16°58.694V

Í bókinni Skaftafell segir einnig: "[...] varðveitt er ein úttekt jarðahúsa bæjarins í gamla Skaftafelli [002], gerð eftir fráfall Bjarna Jónssonar í hendur ekkju hans, Guðnýju Þorsteindóttir, 20. maí, 1834. Úttektina framkvæmdu þeir Ísleifur Ásgrímsson og Jón Árnason bóndi á Fagurhólsmýri. Er hún á þessa leið: [...] Kálgarður 1."Líklegast hefur bærinn á þessum tíma staðið efst í Gömlutúnum 022 en þar stóð bærinn frá 1833-1864/67 er hann var fluttur á þann stað þar sem hann stóð á fram til 1939 (sjá 021). Síðar var byggt rétt á sama stað en leifar gerðis, sem líkist mest kálgarði, eru fast neðan við bæjarstæðið og eru þær leifar skráðar hér.

Efst í Gömlutúnum sem komin eru í mikla órækt. Gömlutún eru í talsverðum halla til suðurs og eru nú sinuvaxin. Birki- og víðiplöntur hafa þrengt sér inn í túnið á síðustu áratugum og fast ofan við (norðan við) gerðið tekur við þéttur skógur og talsverður skógur er einnig inni í túninu bæði austan og vestan við það. Framan við réttarrúst 022 er gerði byggt í talsverðum halla til suðurs. Niður af kálgarðinum tekur við aflíðandi brekka til suðurs.



SF-088:115, horft til suðausturs.

Minjasvæðið er 22 x 20 m stórt og snýr austur-vestur. Innan þess er ferhyrnt gerði, 18 x 14 m stórt og áfast því utanvert í suðvesturhorni er lítil, einföld tóft sem er 9 x 6 m stór. Veggir eru mun signari en réttartóftin 022 fyrir ofan. Á milli réttar og gerðis er 1,5 m hlað eða sléttað svæði. Veggir eru mjög grónir og ræktarlegir. Minjarnar eru fremur skýrar þó að veggir séu signir. Suðurveggur kálgarðsins er óskýrastur en innri brún hans er illgreinanlegt þó vel sjáist hvernig lækkar niður af veggnum til suðurs. Norðurbrún kálgarðsins er skorin inn í brekkuna og frá brún og niður í gerðisbotn eru um 1,5 m. Ekki er greinanleg ytri brún á norðurvegg heldur fellur hann saman við hlaðið ofan við. Vestur- og austurveggir eru algrónir og allt að 1,5 m á breidd en ofan við austurvegginn er talsverð grjótdreif. Inni í kálgarðshorninu vex bæði birki og víðir en annars er grasi gróið inni því og þar vex bæði gras og hvönn. Suðaustarlega í kálgarðinum er lítil hola, eins og spaðastunga niður. Efst í kálgarðinum er 3-4 x 8-9 m svæði sem er fremur slétt, sem er n.k. stallur innan kálgarðsins. Nokkuð einkennilegur krókur er á kálgarðinum í suðausturhorni hans. Þar eru veggir ívið hærri en annars staðar en þar vex líka afar stór víðirunni sem gerir rannsókn svæðisins torveldari. Útihúsið er aflangt og einfalt. Það er í svolitlum halla og virðist að hluta byggt inn í brekku. Norðurveggur er skarð í hann allra vestast. Dæld er einnig í húsið þar sem húsið tengist kálgarði, nyrst á austurvegg tóftar og þar er dæld sem er um 1m á dýpt. Ekki er hægt að útiloka að þarna hafi verið eitthvað afhýsi en það gæti líka hafa tengst. Fornleifavernd ríkisins skráði gerðið árið 2004.

Hættumat: stórhætta, vegna trjágróðurs

Heimildir: Skaftafell, 30-32 og Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 8

SF-088:116 heimild um leið

Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Vegbætur [á Skeiðarársandi] koma ekki til sögunnar fyrr en á 19. öld. Er þá farið að ryðja braut yfir sandinn. Magnús Stephensen sýslumaður á Höfðabrekku 1823-1844 mun hafa beitt sér fyrir því að gera vegarslóð yfir sandinn."

Heimildir: Skaftafell, 160

SF-088:117 heimild um leið

Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Þegar Skeiðará var farin á jökli, lá þjóðleiðin um Skorahlíðar og Grjóthól." Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Við Grjóthól liggur sniðgata niður í Morsárdal, áður fjölfarin, er þjóðgata lá um Skeiðarárjökul," Gatan hefur líklega verið í framhaldi af einhverri þeirra fjölmörgu gatna sem lágu um skóginn norðan við Hæðir og áfram til norðurs. Ekki var hægt að staðsetja hana nákvæmlega.

Heimildir: Skaftafell, 48a og Skaftafell, 234

SF-088:118 tóft smiðja 64°01.073N 16°58.667V

Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Búið [Skaftafell líklega staðsetning 022] átti góða smiðju og verkfærakostur þar bendir til þess að Bjarni [f. 1821] hafi verið meir en búhagur." Samkvæmt heimildum var smiðjan um 4 m austan við bæ. Ekki er alveg ljóst hvort bæjarstæðið (002 eða 022) er átt við en við skráningu var hallast að því að lýsingin ætti við efra bæjarstæðið 022 og smiðjan skráð þar. Hafi smiðjan verið austan við neðra bæjarstæðið er hún alveg horfin. Rétt austan við réttina 022 er lítil tóft sem gæti mögulega verið af smiðju. Garðlag liggur austan við fjárrétt og það endar í tóftinni.

Tóftin er efst í Gömlutúnum sem komin eru í mikla órækt. Gömlutún eru í talsverðum halla til suðurs og eru nú sinuvaxin. Birki- og víðiplöntur hafa þrengt sér inn í túnið á síðustu áratugum og inni í tóftinni vex geysistór víðir sem takmarkar það hversu vel er hægt að skoða hana. Fast ofan við (norðan við) túnið tekur við þéttur skógur og talsverður skógur er einnig inni í túninu bæði austan og vestan við hana.



SF-088:118, á mynd til vinstri er horft til suðurs en til suðvesturs á mynd til hægri

Rétt er að ítreka að ekkert er vitað um hlutverk garðlags og tóftar sem hér er lýst. Garðlagið liggur frá réttinni í um 3 m og endar þá í tóftinni sem er einföld og sigin og er klárlega eldra byggingarstig en réttin. Tóftin er um 8 x 8 m stór og snýr nálega norður-suður. Op er austast á suðurvegg hennar. Að innanmáli er tóftin 5 x 3,5-4 m. Veggir eru signir og grónir, um 1,5-2 m á breidd en 0,7 m á hæð. Engar grjóthleðslur sjást í tóftinni. Fornleifavernd ríkisins skráði tóftina árið 2004.

Hættumat: stórhætta, vegna trjágróðurs

Heimildir: Skaftafell, 97-98, Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 8

SF-088:119 heimild um fjós


Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Í fjósi [í Gömlutúnum] voru þrjár kýr, tveir tarfkálfar tvævetrir, [...]." Ekki er vitað hvar fjósið í Gömlutúnum var og ekki er ljóst af lýsingunni hvort átt er við eldra bæjarstæðið 002 eða það yngra 022. Það reyndist því ekki unnt að staðsetja fjósið.

Heimildir: Skaftafell, 98

SF-088:120 hús hænsnakofi

64°01.440N 16°59.627V

Uppistandandi torfkofi sem síðast virðist hafa verið notaður sem hænsnahús er um 20 m vestan við bílskúrinn sem er við íbúðarhúsið á Hæðum að vestan. Grösugur stallur neðst í brekku. Milli húss og bílskúrs er hestarétt úr timbri.



Húsið virðist reist á gamla mátann, úr torfi og grjóti en þó er gaflinn járnklæddur að hluta, með sléttu járni. Að utanmáli er húsið rúmlega 6 x 6 m stórt og snýr frá norðri til suðurs. Fyrir inngangi er timburhurð og fyrst komið inn í grjóthlaðið fordyri sem er um 1,5 x 0,6 m N-S. Þá er lítið þil og op inn í aðalrými sem er um 4 x 3 m stórt frá norðri til suðurs. Húsið er byggt inn í brekkuna ofan við. Tyrft hefur verið yfir þakið (en raunar er húsið algróið að utanverðu) en það virðist af blandaðri gerð, að hluta úr járni og að



SF-088:120, á mynd til vinstri er horft til norðvesturs en til norðurs á mynd til hægri

hluta úr hellum. Ein stoð er undir mæni innst í húsinu en þakraftar bundnir saman með járnböndum. Inni eru ummerki um að húsið hafi verið notað sem hænsnakofi, smíði sem minnir á varpkassa en skv. Önnu Ragnarsdóttur (f. 1961) var það notað sem kartöflukofi þegar hún bjó í Hæðum. Norðurgafl er hlaðinn úr grjóti upp í allt að rúmlega 1,5 m. Vestan við húsið er mjög grösugt en þó vottar þar hugsanlega fyrir tóft sem gæti bent til að þar hafi lítill kofi verði sambyggður. Ummerki eru óljós en þó gæti þarna hafa verið tóft, um 4 x 4 m stór.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



SF-088:121, horft til vesturs

SF-088:121 garðlag túngarður

64°01.251N 16°58.953V

Garðlag, sennilega túngarður sem þá hefur væntanlega tengst garðlagi 105, er fast austan við Lækningabrunn 126, um 80 m NNA við

bæinn á Bölta 003. Garðurinn er kominn á kaf í skóg. Á honum vex víðir, birki og meira að segja um þriggja metra hátt birkitré á einum stað.

Garðurinn er vel sýnilegur þar sem er á annað borð hægt að komast að honum. Hann er lítið siginn en algróinn, um 1 m breiður og allt að 0,8-0,9 m hár. Hann liggur frá austri til vesturs, frá veginum sem liggur upp brekkuna og sveigir að Seli. Að líkindum er þetta gamall túngarðsbútur. Ekki var unnt að mæla lengd garðsins á jörðu niðri en á loftmynd mótar fyrir honum og virðist hann eiga upptök sín við uppsprettuna (126) og liggja austur að vegi, alls rúma 60 metra. Garðurinn er á líkum slóðum og mörk túnsins eru sýnd á túnakort frá því um 1920. Túngarður er einnig meðfram túni vestar, sjá 105, en annars er ekki ljóst hvort girt var um aðrar hliðar túnsins.

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

Heimildir:Túnakort frá því um 1920


SF-088:122 tóft 64°01.441N 16°59.252V



SF-088:122, horft til suðurs

Lítill grjóthlaðinn kofi er um 170 m norðaustan við bæ í Seli 038 og um 70 m suðaustan við aða grjóthlaðinni rúst 046. Kofinn er byggður austan í hæð 10-20 m vestan (ofan) við göngustíg. Kofinn er byggður utan í lyngi- og birkivaxinn mel og sést óljóst frá göngustíg.

Kofinn er 4 x 3 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Að innanmáli er kofinn 0,8-1 x 2-2,25 m stór. Op gæti hafa verið á austurhorni en það er nú illgreinanlegt sökum þess að þak hefur hrunið inn í og yfir tóftina. Kofinn er úr grjóti með timburgrind



Tóft SF-088:122

og bárujárnsþaki sem hefur nú hrunið inn í tóftina en mögulegt er að tyrft hafi verið ofan á þakið upprunalega. Hleðslur eru 0,3-0,4 m háar að utanverðu. Kofinn var byggður sem hundahreinsunarkofi á 20. öld en er byggður að forni byggingarhefð og því skráður með fornleifum þó að hann hafi ekki náð þeim lágmarksaldri (100 ár) til að teljast til fornleifa samkvæmt laganna skilgreiningu.
Hættumat: engin hætta

SF-088:123 heimild um hellutak 64°02.705N 16°56.594V
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Gott hellutak var í Kóragiljum, neðan og austan við Kristínartinda. Hægt var að fá hellur í Skerjunum ofan við túnið en yfirleitt voru það helluklumpar, sem sneitt var hjá."

Í Skaftafelli segir einnig: "Lítið var sótt af hellu eftir aldamótin 1900, einna helst til að bæta inn á hús, sem þurfti að helluleggja að nýju eftir endurbyggingu. Hellan var borin upp úr Kóragiljum að hausti. Þaðan var hún flutt á sleðum, er sleðafæri gafst, þangað sem hægt var að koma hestum við til flutnings og látin bíða þar vors. Stórar hellur voru bundnar í ólareipi og gátu verið tvær til þrjár í klyfi. Smærri hellur voru fluttar í laupum." Ekki var farið á staðinn en hnit tekið á
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Skaftafell, 129

SF-088:124 heimild um ristu
Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Torfvelta var fremur slæm á jörðinni og vart um annað en vallendistorf að ræða."
Heimildir: Skaftafell, 129

SF-088:125 *Gömlukvíar II* gerði kvíar 64°01.380N 16°59.521V
Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Neðan við hlöðurnar [139 og 140] eru Gömlukvíar" og síðar í sömu bók segir: "Fráfærur lögðust niður í Hæðunum um aldamótin 1900. Þorsteinn Guðmundsson sem bjó í Selinu 1901-1920 tók upp fráfærur og var með þær nokkur ár, en erfitt þá að halda þeim uppi móti því, þegar bæirnir þrír stóðu að þeim saman. Gamlar kvíarústir sjást enn neðan við Selsbæinn en einnig voru notaðar færikvíar. Mikið starf var á heimilinu í Hæðum við að koma mjólk í mat." Gömlukvíar voru í brekkunni neðan við Selsbæinn 038, nánar tiltekið um 50 m VSV við


suðvesturhorn Selsbæjarins en 30 m SSV við hlöðurnar 039.

Gerðið er inni í hrossahólfi en talsverður grasvöxtur er þar. Hólfið er þar sem brekka er í halla til suðurs og austurs og þar hefur verið skorið inni í hana og myndar brekkan þannig norður- og austurhliðar gerðisins.



SF-088:125, horft til austurs

Gerðið er um 10 x 11 m stórt og snýr norður-suður. Norður- og austurhliðar þess eru stungnar inn í brekkuna og er þar mest 2-2,5 m frá gerðisbotni og upp á brekkubrún fyrir ofan. Svolítinn vegg eða hrygg (uppkast) má greina til vesturs og suðurs. Hryggirnir eru grasi grónir og allt að 1,5 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð mælt innanfrá en hærri, eða allt að 0,8 m á hæð utanfrá. Veggir eru grasi grónir og engar grjóthleðslur sjást. Mannvirkið er hvorki vandað né umfangsmikið. Op er á því í suðvesturhorni um 1,5 m breitt. Lægð er út frá gerðinu til vesturs í um 8 m og er ekki hægt að útiloka að þar gæti hafa verið hólf sem er þá alveg orðið óskýrt nú (2012).



Gerði SF-088:125

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Skaftafell, 121

SF-088:126 *Lækningabrunnur* lind 64°01.256N 16°58.971V


Í Skaftafelli Þórðar Tómassonar segir: "Rétt vestan við Böltabæinn [003] er Mýrarlækur


og fellur niður hlíðina. Hann heitir við upptök sín Lækningalækur. Þangað var sótt vatn handa veiku fólki." Upptök lækjarins eru um 90 m beint ofan eða norðaustan við bæinn í Bölta, uppundir veginum sem liggur vestur í Sel. Staðurinn er nánar tiltekið um 10 m sunnan við veginn að Seli. Þessi lind var lengi aðalvatnsból bæjarins í Bölta.

Lindin er inni í skógarþykkni en við hana er þó rjóður sem teygir sig frá vegi og niður fyrir sjálfa lindina. Hætt er við því að trjágróður taki alveg yfir svæðið áður en



SF-088:126, á mynd til vinstri er horft til suðurs en niður á mynd til hægri





langt um líður.


Uppspretta er í rjóðrinu miðju og rennur úr henni til suðurs, í lækinn sem er vestan við bæ, en sá lækur er reyndar myndaður af fleiri kvíslum. Mýrlent er kringum uppsprettuna og ekkert manngert sjáanlegt kringum hana. Uppsprettan sjálf er um 50 x 20 cm stór. 2-3 m suðaustan við hana mótar fyrir hleðslu eða tóft á kafi í skógi og erfitt að átta sig fyllilega á. Hún virðist þó vera 3 m löng frá norðri til suðurs, um 1 m breið nyrst en breikkar til suðurs og virðist

hafa verið op á suðvesturhorni. Hleðslurnar eru algrónar og um 0,4 m háar. Tóftin er fremur djúp að innan. Þar er ekkert vatn nú en það virðist hafa runnið til suðuvesturs, gegnum opið. Hugsanlega hefur hér verið lítið brunnhús eða í það minnsta eitthvert mannvirki tengt lindinni. Fornleifavernd ríkisins skráði tóftina árið 2004.


Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

Heimildir: Skaftafell, 231 og Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 12

SF-088:127 *Einarsborg* tóft fjárskýli 64°01.676N 17°00.052V



SF-088:127, á mynd til hægri er horft til austurs en til vesturs á mynd til vinstri



Einarsborg SF-088:127, teikningin er byggð á frumgögnum frá Minjastofnun Íslands og skýrsluhöfundum

Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Sauðaborg, sem nefndist Einarsborg, var inn við Götugil. Hún var mun minni [en Böltaborg 128]. Vel var yfirleitt að því gætt í hagleysu að féð fengi fylli sína, en vel var því borgið ef það náði til jarðar." Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Næsta gil inn frá þessum örnefnum er Götugil og skammt innar er Hrafnagil. Milli þeirra er sauðaborg, notuð fram yfir

aldamótin 1900." Einarsborg er í skóginum vestan við Hæðir en um 1,2 km VNV við Bölta 003. Fornleifavernd ríkisins heimsótti staðinn 2004. Allt umhverfis er mjög þéttur birkiskógur sem hallar til suðurs.

Á þessum stað eru tvö sambyggð mannvirki, annars vegar rétt sunnar og svo hús norðan hennar. Austan við þau er dæld sem Fornleifaverndin kallaði "fjárhelda" og mældi upp en er nú komin á kaf í gróður. Svæðið er samtals, 26 x 18 m stórt og snýr norður-suður. Sjálft tóftin er 12 x 6,5 m að utanmáli en 8,5 x 4 að innanmáli. Hún snýr norður-suður. Hún er einföld og op er vestan við miðju á suðurvegg. Norðvestan við opið standa hæstu vegghleðslur hússins sem eru 1,6 m á hæð. Veggir hússins eru betur greinilegir að utanverðu en þar standa þeir í allt að 2 m hæð. Húsið er hlaðið úr grjóti og torfi en veggir eru nú mjög grónir og er tóftin að fara á kaf í þéttan birkiskóginn. Húsið er í jafnsléttu en réttin sem er fram af (suður af) því er í halla til suðurs. Gerðið er 12 x 11 m að utanmáli en 9 x 10 m að utanmáli og snýr austur-vestur. Sem fyrr segir er það í halla til suðurs og eru op á því vestast á norðurvegg inn í fjárhúsið og á miðjum suðurvegg. Gerðið er einfalt og er algróið og engar grjóthleðslur sjást í því. Í gerðinu norðaustarlega er hola sem er 3 x 1,5 m að stærð og 0,6-0,7 m djúp. Hún er regluleg að sunnan en mjókkar í spíss að norðan. Í henni vex nú tré. Ekki er vitað í hvaða tilgangi holan hefur verið gerð. Það sem merkt er "fjárheld lægð" á uppdrátt Fornleifaverndar ríkisins frá 2004 er nú algjörlega komið á kaf í gróður. Gerðið hefur verið 7-12 m stórt svæði frá fjárhúsi/rétt til austurs. Hún hefur verið 23-24 m á lengd norður-suður. Engin mannaverk eru nú að sjá á þessu svæði

Hættumat: stórhætta, vegna trjágróðurs

Heimildir: Skaftafell, 116 og 223, Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 26-27

SF-088:128 *Böltaborg* tóft fjárskýli 64°01.889N 17°00.295V

Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Milli Hrafnagils og Eyjagils er tótt gerð upp úr gamalli sauðaborg. Nefnist hún Borg og svæðið umhverfis ber sama nafn," og á öðrum stað í sömu bók segir: "Fénaður, sem gekk að miklu sjálfala, var hafður við fjárborgir inni í heiði. Svonefnd Böltaborg var fjárborg frá Bölta, höfð fyrir sauði. Stóð hún undir Eyjargili, á fremra barmi þess, skammt neðan við Miðgötu. Í henni hefði geta staðið um 100 fjár." Í örnefnaskrá segir: "Á sandinum þar í námunda var grassvæði fram á síðustu öld sem nefnt var Eyjar, nú alveg horfið. Næsta gil með nafni er Hrafnagil, þar á


milli var sauðaborg sem var notuð fram um síðustu aldamót,". Böltaborg er um 440 m vestan við Einarsborg. Hún stendur uppi á háu barði á brún Eyjagils.



SF-088:128, á mynd til vinstri er horft til NNV en til suðurs á mynd til hægri

Hún er í þéttum skógi en þó er eyða í tóftinni, að minnsta kosti í gerðinu sem er framan eða suðvestan við hana. Fornleifavernd ríkisins skoðaði staðinn árið 2004 en svo virðist sem meira sé hrunið í gilið en var þegar staðurinn var skoðaður þá.

Í Skaftafelli segir einnig: "Borgarveggirnir voru ekki mannhæðarháir, hlaðnir úr grjóti. Þrjú löng tré voru lögð ofan á veggina, þannig að endar hvíldu á veggjarbrún en



miðjan í lausu lofti nokkuð innan við vegginn. Innan við trén var borgin opinn þríhyrningur. Út á trén voru þétt lagðar viðarhríslur með luminu á. Kekkir voru lagðir ofan á þær úti á veggnum og síðan tyrft yfir út á trén. Myndaðist þannig gott skjól. Dyr

voru framan á borginni. Ekki safnaðist snjór fyrir í henni. Fénu var gefið á skalla úti fyrir borginni, þegar hárið [svo] var. Kofi var byggður upp við Böltaborg." Tóftin samanstendur af gerði og tóft, sem hlýtur að vera kofinn sem nefndur er í lýsingunni. Alls ná mannvirkin yfir svæði sem er um 20 x 10 m frá austri til vesturs. Tóftin er austar og hefur upprunalega verið um 7 x 5 m stór frá austri til vesturs. Dyr snúa í vestur, inn í gerðið sem er vestan við. Nú er eiginlega bara suðaustur-langveggurinn af tóftinni sýnilegur, hitt er hrunið í gilið. Veggir hafa verið hlaðnir úr grjóti en eru nú mikið hrundir og mosagrónir, ná þó allt að 1,5 m á hæð. Skógur vex á suðurlangvegg. Tóftin er á flata en gerðið á hinn bóginn í smáhalla mót suðvestri. Það minnir á kálgarð, bæði lögunin, hallinn og lágar hleðslurnar í kring. Alls er gerðið um 11 x 8 m að innanmáli frá austri til vesturs en hleðslur eru misgreinilegar. Norðurhliðin virðist alveg horfin í gilið sem er þeim megin, suðurveggur er að mestu sýnilegur, algróinn og lágur, um 0,4 m hár mest. Vesturveggur er á hinn bóginn ógreinilegur. Bratt er fram af barði í þá áttina, allt að 2 m niður á jafnsléttu. Skógur vex á allar hliðar og er kominn upp á hleðslurnar sem afmarka gerðið en ekki inn í það sjálft.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Skaftafell, 116 og 234, Ö-Skaftafell, 6, Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 27

SF-088:129 heimild sæluhús

Í Árbók ferðafélagsins frá 1937 segir: "Áður [en 048] stóð sæluhúsið undir stórgrýttri jökulöldu, sem Háalda hét, nær jöklinum [Skeiðarárjökli]. Var það talið öruggt þar fyrir hlaupum. En í flóðinu 1922 skolaðist aldan svo gjörsamlega í burtu, og þar með sæluhúsið, að ekki sjást hennar nú merki." Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Sæluhús var byggt á sandinum einhvern tíman á öðrum tug aldarinnar á svokallaðri Hörðuskriðu, nálægt miðjum sandi, fram af Háöldu, sem tók af í hlaupinu 1922 og þar með sæluhúsið og breytti mjög svæðinu þar í kring. Húsið var byggt úr timbri, portbyggt og hesthús niðri." Ekki reyndist unnt að staðsetja eldri sæluhús með óyggjandi hætti.

Heimildir: Skaftafell, Þórður Tómasson og ÁFÍ 1937, 7

SF-088:130 tóft útihús 64°01.181N 16°59.078V

Um 30 m NNA við heimagrafreit 079 er tóft, sennilega af útihúsi. Hún er 70-80 m sunnan



SF-088:130, horf til suðvesturs


að innan. Tóftin er 8 x 5 m stór og snýr SSV-NNA. Dyr virðast á austurgafli og einnig á suðurvegg. Fornleifavernd ríkisins heimsótti staðinn árið 2004.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 11

við bæ 003. Tóftin er byggð í miklum halla mót suðri í grasi- og sinuvöxnu túni.

Einföld tóft, veggir lágir og signir en þó greinilegir. Norðurhlið er grafin inn í brekku en aðrar hliðar greinilegar, allar hleðslur algrónar og mest um 0,5 m háar ef mælt er



SF-088:131 tóft óþekkt hlutverk 64°02.810N 17°04.283V



Tóft er innundir Skeiðarárjökli, uppi í hlíð við mynni Morsárdals að vestan. Bjarni Jakobsson, heimildamaður, benti á þessa tóft en hann gekk fram á hana fyrir nokkrum árum, skammt neðan við óljósa leið sem hefur legið upp á Skeiðarárjökul, og notuð þegar farið var upp fyrir upptök Skeiðarár. Brött, lyngivaxin brekka með smáhríslum.

Tóftin, ef tóft skyldi kalla, er mjög einföld og flestar hleðslur mjög lítilfjörlegar. Í raun er það austurgaflinn sem er langsýnilegastur. Hún er byggð inn í brekku og snúa dyr í suðaustur og er alls um 4 x 3 m stór frá austri til vesturs. Norðan

við dyrnar er stór, jarðfastur klettur með sléttri suðurhlið og hefur hann markað dyrnar að norðanverðu. Ofan á honum er flöt, stór hella. Kampurinn sunnan við dyrnar er líka upphlaðinn, þar eru 4 umför af stóru grjóti í hleðslu og er það veglegasti hluti tóftarinnar. Aðrar hleðslur eru afar lítilfjörlegar þótt það megi sjá marka fyrir einhverju sem líkist grunni undan hleðslum í framhaldinu til vesturs. Mögulegt virðist að runnið hafi úr brekkunni ofan við og kaffært tóftina, í það minnsta liggur gróðurtorfa yfir vesturhlutanum. Bjarni hefur þá tilgátu að tóft þessi hafi verið notuð af þeim sem



SF-088:131, á mynd til vinstri er horft til suðausturs en til suðurs á mynd til hægri

ætluðu leiðina yfir jökul, jafnvel sem sæluhús eða til að geyma verkfæri. Þetta hljómar ekki ósennilega, í öllu falli virðist ekki líklegt að tóftin hafi verið skepnuskjól af einhverju tagi.

Hættumat: engin hætta


SF-088:132 hleðsla rétt 64°04.884N 16°58.052V

Rétt er innarlega í Morsárdal, nánast innundir Morsárjökli. Þetta er rúmlega 4 km norðaustur af miðsvæði Bæjarstaðaskógar. Þar eru mjög stórgrýttir hólar með grettistökum, sennilega gamall jökulruðningur. Mjög berangurslegt svæði.



SF-088:132, á mynd til vinstri er horft til norðausturs en til suðurs á mynd til hægri

Réttin er hlaðin norðan undir risastóru bjargi. Hlaðið hefur verið meðfram allri norðurhlið bjargsins svo úr verður réttarhólf, um 8 m langt. Innst í því (eða vestast) myndast eins og skot þar sem réttin er mjóst, um 2 m að innanmáli og þar er líka stór klettur við hana að norðanverðu. Þar sem honum sleppir sveigir hleðslan út á við svo hólfið breikkar og er mest hátt í 4 m að breidd. Kletturinn slútir yfir það syðst að hluta. Rekið hefur verið inn í þetta hólf að austanverðu og er þar þverhleðsla við endann. Bjargið stóra endar um þetta leyti. Þar sem þverhleðslunni sleppir heldur hleðsla áfram í framhaldi af vesturvegg til austurs, nú meðfram sérkennilegum kletti sem er við hana norðanverða. Hann er farinn í tvennt og myndast þar ágætis skot á milli þar sem skrásetjar ar leituðu raunar skjóls í miklu roki sumarið 2012. Auðvelt hefði verið að refta yfir þetta skot og nota sem smákofa, en þó ekkert sem bendir sérstaklega til að það hafi verið gert. Hleðsluna, sem væntanlega hefur verið einhverskonar aðrekstrargarður, má rekja áfram 20-30 m til



austurs en hún verður æ slitróttari eftir því sem lengra dregur frá. Annars er réttin sjálf heillegust innst eða vestast, í skotinu, hleðslur líklega allt að 0,8 m háar. Hvergi er þó vel eða veglega hlaðið og sennilega er hleðslugrjótið á staðnum ekkert sérstakt.
Hættumat: engin hætta

SF-088:133 garðlag túngarður 64°01.504N 16°59.930V
Fornuviðartún nefnast tún sem eru vestan við Hæðir, um 300 m vestur af bæ. Þetta er einskonar aukatún, sýnt á túnakorti frá því um 1920. Um gamla túnskikann sjást leifar



SF-088:133, á mynd til vinstri er horft til suðurs en til suðvesturs á mynd til hægri

af túngarði. Auður túnskiki í annars skógi vöxnum brekkum.

Vestast í túninu sjást leifar af túngarði sem afmarkar ferkantað svæði, sem kemur heim og saman við stærð túnsins á kortinu um 1920, er um 30 x 25 m stórt og snýr norður-suður. Síðan hefur það greinilega stækkað töluvert, en skikinn er í dag allt að 100 x 80 m stór og að auki annað tún sem liggur þvert á það nyrst. Vesturhleðslan er hæst og greinilegust, hlaðin á náttúrulegri brún "skersins" sem túnið er á og snarbratt er þar niður af til vesturs. Sú hleðsla er um 0,5 m há eða rúmlega það og ámóta breið. Suðurhliðin er mjög sigin, væntanlega vegna brekkunnar en vesturhlið meira eins og stallur, líkt og stungið hafi verið úr brekkunni að innanverðu en kanturinn er þó mikið til útmáður. Allt er þetta algróið. Að norðan er nú mikið af hríslum. Á þessu túni hafa verið útihús, sjá 029.
Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs
Heimildir:Túnakort frá því um 1920

SF-088:134 þúst kálgarður 64°01.461N 16°59.586V
Inn á túnakort Hæða frá því um 1920 og bæjateikningu danskra landmælingamanna frá

1906 er merktur kálgarður um 10 m vestur frá bæ 021 og fast ofan við götur 034. Samkvæmt kortinu hefur hann verið rúmlega 20 m langur og um 8-9 m breiður. Enn sést stallur á þessum stað í brekkunni, um 40 m NNV af núverandi íbúðarhúsi í Hæðum. Grösug brekka.

Stallurinn er líkt og stunginn úr brekkunni, um 23 m langur og 7-9 m breiður. Ekki er hlaðið um hann en hann er býsna sléttur og lítill halli á honum. Áberandi skora eða gróf liggur í gegnum hann miðjan og áfram niður brekkuna. Þetta mun vera jarðfall.



SF-088:134, horft til suðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir:Túnakort frá því um 1920; bæjateikning danskra landmælingamanna frá 1906

SF-088:135 *Skollamelur* heimild um legstað

Í Skaftafelli eftir Þórð Tómasson segir: "Nokkru austar [en Skaftafellsmelar og Efrimelar]var svonefndur Skollamelur, sem rótaðist brott í Skeiðarárhlaupi árið 1903. Þjóðsaga segir að melurinn hafi verið kenndur við blámann, sem var á Indíafarinu 1667. Hafði hann synt með línu frá skipinu upp í fjöruna og var þá brátt örmagna af vosbúð og kulda. Bóndinn í Skaftafelli kom í fjöruna til hjálpar hinum nauðstöddu mönnum og vildi hlýka blámanninum með mat og klæðum, en skipstjórinn kom í veg fyrir það. Taldi hann, að sagan segir, að blámaðurinn myndi geta eytt öllu lífi á Íslandi, ef hann hjarnaði við. Dó hann svo drottni sínum og var grafinn upp í melnum, sem síðan var við hann kenndur. Örnefnið var svo helst til viðmiðunar um það, hvar Indíafarið hefði strandað á Skaftafellsfjörum." Í örnefnaskrá segir: "Við vesturenda fjörunnar eru Skaftafellsmelar, það eru hólar vaxnir melgresi. Alllangt austan við þá, eins og klukkutíma gang, er nafnið Skollamelur, hann er nú horfinn, var melkollur sem fór í hlaupi 1903. Nafn sitt á hann að hafa frá því þegar „Amsterdam“ strandaði, var svertingi sem sagt er að hafi synt með

streng í land en dáið af vosbúð í fjörunni eða á þessum mel," Skollamelur er ekki innan Þjóðgarðsins í Skaftafelli og var því ekki skráður sumarið 2012.
Heimildir: Skaftafell, 229 og Ö-Skaftafell, 1

SF-088:136 *Merkiskollur* heimild
"Örnefnið Merkiskollur var í Leirunum mikið ofar og vestar en Skollamelur [135]. Ekki er það eldra en frá starfi landmælingamannanna dönsku sumarið 1902. Merkiskollur er ekki innan Þjóðgarðsins í Skaftafelli og var því ekki skráður sumarið 2012.
Heimildir: Skaftafell, 230

SF-088:137 *Trjákollur* heimild
"Fremst í Skaftafellsmelum, rétt fram undir affallanum, var hár melur, sem hét Trjákollur. Þar höfðu Skaftfellingar bækistöð og skjól í fjöruferðum og fluttu þangað tré af fjöru og sóttu þangað síðar eftir því sem ferðir féllu. Sigurðarfitaráll skar austan af Trjákolli og komu þá þar tré og plankar í ljós, er hulist höfðu sandi." segir í Skaftafelli Þórðar Tómassonar. Trjákollur er ekki innan Þjóðgarðsins í Skaftafelli og var því ekki skráður sumarið 2012.
Heimildir: Skaftafell, 230

SF-088:138 gerði kálgarður 64°01.477N 16°59.642V
Kálgarður er utan í bröttum vesturbakka Grjótlækjar, aðeins fáeinum metrum austan við útihús 028. Snarbrött brekka og gróin sem liggur niður að Grjótlæk.

Garðurinn er líkt og tveir stallar utan í brekkunni, hvor um sig er um 9 x 3 m stór frá norðaustri til suðvesturs en snúa mót austri eða suðaustri. Ekki sjást eiginlegar hleðslur meðfram garðinum heldur hefur verið stungið úr hlíðinni. Rabbabari vex nyrst í þeim neðri og berjarunni, líklega sólber, í suðurendanum. Leifar af girðingastaurum hanga uppi við garðinn og Anna Ragnarsdóttir (f. 1961) man eftir honum í notkun og reyndist vel, enda var hlýtt og skjólsælt í brekkunni. Fornleifavernd ríkisins skráði garðinn 2004.



SF-088:138, á mynd til vinstri er horft til SSV en til vesturs á mynd til hægri

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 21

SF-088:139 þúst óþekkt 64°01.498N 16°59.259V


Tæpum 240 m norðaustan við bæinn í Seli 038 og tæpum 100 m norðaustan við fjárhús 042 er grasi gróinn rani í lyngi vaxinni hlíðinni. Syðst í honum eru nokkrar dældir sem



SF-088:139, á mynd til vinstri er horft til norðausturs en til ASA á mynd til hægri

virðast mannaverk og mögulegt að þar hafi verið tóft. Hæðin er vaxin víði grasi og birki og er hún í nokkurri dæld á milli tveggja, gróinna mela. Svæðinu hallar aflíðandi til suðurs.

Sá hluti ranans sem ætla má að gætu verið mannaverk á er 20 x 14 m stór. Í hann sjást þrjár litlar dældir í röð austur-vestur nyrst (samtals um 9 x 2 m stórt svæði). Til viðbótar er aflöng dæld um 2, 5 m sunnar og er hún um 8 x 2 m stór. Fimmta dældin er



Þúst SF-088:139

svo um 2,5 m norðan við austurenda hennar og 3 m frá austustu af dældunum þremur sem eru í röð. Hún er 3-4 m á kant. Þústin virðist ekki náttúruleg þó erfitt sé að fullyrða nokkuð um hana. Mikið af birki og gróðri vex í dældunum og allt í kring og því er þústin illgreinanleg.

Hættumat: stórhætta, vegna trjágróðurs

Heimildir: Skaftafell, 232

SF-088:140 vegur leið 64°01.439N 16°59.271V

Inn á kort þjóðgarðsins í Skaftafelli (um fornleifar) er merktur vegur sem legið hefur í beygjum upp hlíðina austan við Selsbæinn, austan túna og a.m.k. upp að fjárhúsum 042.


SF-088:140, horft til austurs

Gatan sést vel á loftmynd en hún liggur um birkiskóg í halla til suðurs.

Vegurinn hefur legið í talsverðum halla til suðurs. Svæðið er nú komið á kaf í þéttan birkiskóg og því ekki mjög auðgreinanlegt á jörðu niðri. Þó er hægt að fylgja veginum á kafla, t.d. allra efst (nyrst). Þar er vegurinn ruddur og um 1,5 m á breidd að meðaltali. Hryggur er meðfram honum að sunnan. Hægt er að greina veginn á um 380 m kafla ofan við núverandi veg að Seli og hæðum og að fjárhúsum 042 þar sem hann fjarar út. Leiðin liggur í sikk-sakk í

fjórum sveigjum upp brekkuna. Vel má vera að vegurinn hafi áður legið lengra upp brekkuna og sömuleiðis að hann hafi haldið áfram neðan núverandi vegar þó að ummerki um það hafi ekki sést á vettvangi.
Hættumat: stórhætta, vegna trjágróðurs
Heimildir: Skaftafell, 232, kort þjóðgarðsins í Skaftafelli um fornleifar


SF-088:141 *Myllukofabrekka* örnefni mylla
Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Austan við eystri lækinn [austari kvísl Grjótlækjar] er Myllukofabrekka vestan í Vestara-Klifi." Nú er ekki vitað hvar Myllukofabrekka var - en þó væntanlega einhverstaðar ofan eða norðan við bæinn í Hæðum. Líklegt er að hún sé komin á kaf í skóg.
Heimildir: Skaftafell, 232

SF-088:142 tóft beitarhús 63°59.468N 16°53.554V
Þrjár tóftir eru um 80 m austan við íbúðarhúsið í Freysnesi og um 100 m norðan við þjóðveg. Þær eru um rúma 5 km norðaustan við Skaftafell 002. Tóftirnar eru byggðar á stall í brekku á móti suðri. Brekkan er lyngivaxin.


SF-088:142, á mynd til vinstri er horft til suðurs en til SSA á mynd til hægri

Á þessum stað eru þrjár tóftir á svæði sem er 30 x 18 og snýr nálega norður-suður. Tóft A er nyrst á svæðinu og hún er stærst. Tóft A er 8,5-9 x 14 m stór og hún skiptist í 2 hólf og óljósari dæld að austan. Vestasta hólfið I er stærst. Það er 5,5 x 2-2,5 m að innanmáli og op er á suðurvegg þess miðjum. Talsverðar grjóthleðslur sjást í hólfinu og veggir þess eru mest 1,1 m háir. Austan við A er miðjuhólfið B. Það er 4 x 2 m stórt og op hefur líklega verið á það austan við miðjan suðurvegg en þar e talsverð grjótdreif og því erfitt að segja. Talsverðar grjóthleðslur sjást í hólfinu. Vestan við hólfin

tvö er dæld sem gæti hafa verið niðurgrafið hólf. Hún er um 2 x 4 m að innanmáli og engin ytri brún veggja er greinileg. Mögulegt að þessi hluti tóftar sé leifar eldra byggingarstigs. Víðir vex inni í því. Tvær minni tóftir eru skammt frá A, báðar mun signari að greinilegri hólfin tvö í A og gætu þær einnig verið eldra byggingarstig. Tóft B er um 15 m sunnan við tóft A, neðar og suðaustar í sömu brekku, undir brattri brekkunni. Talsverður gulvíðir vex á þessum slóðum, sérstaklega í norðurhluta tóftar. Tóftin er byggð utan í brekkuna. Hún er 5 x 5 m stór og veggir hennar eru lyngivaxnir. Að innanmáli er hún um 2 x 2 m. Lægð er í vegg í suðausturhorni. Hæð veggja er um 0,6 m þar sem mest er. Tóft C er um 4 m ofar og norðaustar í brekkunni. Hún er óljósari og í halla , þ.e. ytra byrði er óskýrara en innra byrði er gróflega 4 x 2 m og snýr austur-vestur. Veggir eru óljósari en í tóft A. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftirnar gegndu en ekki er ólíklegt að þær hafi verið beitarhús.



Hættumat: hætta vegna átroðnings

Heimildir: Skaftafell, 234, Ö-Skaftafell, 6

SF-088:143 garðlag leið 64°01.058N 16°58.570V

Á loftmynd virðist sem bein lína liggi um Gömlutún, skammt neðan eða sunnan við tóft 089. Garðlagið er í skógi vaxinni hlíð.



SF-088:143, á mynd til vinstri er horft til austurs en til vesturs á mynd til hægri. Eins og sjá má af myndunum er orðið mjög erfitt að greina garðinn í skóginum

Grunur lék á að hér kynni að vera gamalt garðlag en erfitt er að athafna sig á þessum slóðum vegna skógarþykknis. Skammt sunnan við útihústóftina er þó rúmlega 1 m breiður stallur í hlíðinni sem minnir meira á veg en garð. Hann birtist aftur um 5 m vestar og er þá eins og neðri brún á garði, um 0,3 m há brún, umvafin víði og hrútaberjalyngi. Hún hverfur svo inn í kjarr eftir fáeina metra. Af loftmynd að dæma hefur stallurinn verið rúmlega 100 m langur. Jafnlíklegt er að stallurinn hafi verið gata eða vegur eins og garðlag.

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs


SF-088:144 *Lambhagi* gerði stekkur 64°01.056N 16°58.930V

Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Nær neðst í gilinu [Bæjargili/Vesturgili], vestanmegin, er nú gömul grjóthleðsla, endurnýjuð af Oddi Magnússyni í Böltanum á þessari öld. Þessi staður heitir Lambhagi. Þar voru stekklömb höfð í aðhaldi um fráfærur." Lambhaginn er fremur auðfundinn, enda fjölsóttur áfangastaður ferðamanna. Hann er fast ofan við mynni Eystragils að vestanverðu. Þangað liggur göngustígur og skilti vísa á Lambhaga. Þetta er um 150 m vestur af Gömlutúnum og um 330 m neðan og suðaustan við bæjarhús í Bölta 003. Skógarlundur með nokkrum trjám sem eru allt að 15-20 m há, greni og aspir en birki að auki. Bekkir er eru á að minnsta kosti tveimur stöðum við lækinn, sem rennur austan við réttina, og í lundinum miðjum.



SF-088:144, á mynd til vinstri er horft til norðvesturs, á mynd til hægri er horft til norðurs

Lambhaginn er í hvammi vestan við gilið og markast af hárri brekku að norðanverðu. Hann hefur verið girtur af með grjótgarði og er mannvirkið að því er virðist einföld rétt. Að austanverðu markast hún af ánni og sumstaðar af bröttum bakka þeim megin. Því hefur verið hlaðið í boga sem markar aðhaldið að norðan, vestan og sunnanverðu að hluta. Op er á garðinum suðvestarlega og þar liggur göngustígur inn í gerðið. Garðurinn liggur til suðausturs frá opinu að læknum um 12-14 m en endar þar frammi á bröttum árbakka. Frá hinum enda opsins liggur hann til norðurs og svo í sveig upp til norðausturs uppi í hárri og brattri brekku. Þar hverfur hleðslan undir stíg og tröppur sem liggja upp hlíðina á um 11-12 m löngum kafla. Hleðslan birtist aftur að nýju á nokkurra metra kafla til viðbótar en sá hluti er óljós. Alls hefur garðurinn verið um 60-70 m langur og afmarkað svæði sem er um 40 x 25 m stórt og snýr norðaustur-



suðvestur. Það skal þó tekið fram að nyrðri hluti þess er snarbrött brekka og því er nýtilegt undirlendi minna en þessi stærð gefur til kynna. Hlaðið hefur verið úr ávölu og fremur stóru grjóti og er hleðslan víðast hvar gróin að utan en ógróin að innan, allt að 1 m á hæð. Þegar þetta er ritað hefur blað með upplýsingum um staðinn verið heftað á eitt af stóru trjánum nálægt bekk. Á því kemur meðal annars fram að grjóthleðslan sé talin ein af elstu sýnilegu fornleifunum í Skaftafelli. Þetta verður að teljast óstaðfest, ekki síst vegna þess sem Þórður Tómasson segir um endurhleðslur Odds Magnússonar, en hann bjó í Bölta fram yfir 1950. Á blaðinu kemur sömuleiðis fram að fráfærur í Skaftafelli hafi lagst af skömmu eftir 1900. Lambhaginn sjálfur og umhverfi hans hafa auðvitað gerbreyst vegna skógræktar. Á upplýsingamiðanum er sagt frá tilurð hennar, en um 1960 stóð til að hefja stórfellda skógrækt í Skaftafelli. Ábúendur tóku þó endanum ekki í mál að breyta landinu í útlendan skóg. Trén í Lambhaga eru minjar um þessar hugmyndir sem aldrei náðu fram að ganga og í textanum er m.a. vakin athygli á muninum á lággróðri í plantaða skóginum, og náttúrulega birkiskóginum umhverfis. Fornleifavernd ríkisins skráði staðinn árið 2004.

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

Heimildir: Skaftafell, 239 og Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 19

SF-088:145 *Þjófafoss* þjóðsaga 64°01.127N 16°58.831V

Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Nokkrir fossar eru í Bæjargili. Neðstur var Lambhagafoss. Hann hvarf við hækkun sandsins. Neðstur er nú Þjófafoss,...[...] Um Þjófafoss er sú sögn að við hann sé hellir, sem hafi samgang við helli við Skarðafoss. Eftir þeim ranghala áttu þeir að hafa sloppið þjófarnir sem voru að stela úr gamla Skaftafellsbænum og sluppu undan leitarmönnum líkt og jörðin hefði gleypt þá." Þjófafoss er í Bæjargili og er hár og fallegur foss. Á upptöku af Ragnari Stefánssyni sem varðveitt er á ISMUS kemur fram að hylurinn við Þjófafoss hafi verið skoðaður gaumgæfilega eftir að slys varð þar á síðari hluta 20. aldar og þá komið í ljós að engin smuga er í klettana þar. Ragnar segir að hann hafi líka heyrt því fleygt að örnefnið tengdist þeim tíma þegar þingstaður var í Skaftafelli og að nafnið hafi verið tilkomið vegna þess að þjófum hafi verið drekkt þarna.

Hár foss í Bæjargili, sem er umkringt birkiskógi.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Skaftafell, 239, http://www.ismus.is/i/audio/id-1027235

SF-088:146 *Hundafoss* heimild um vað 64°01.203N 16°58.822V

Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Nokkrir fossar eru í Bæjargili. Neðstur var Lambhagafoss. Hann hvarf við hækkun sandsins. Neðstur er nú Þjófafoss [145], þá Hundafoss...[...]. Við Hundafoss hagar svo til að þar eru klettanibbur fremst á brúninni. Stikluðu hundar oft á þeim, er þeir fóru yfir lækinn, og enda menn líka, því þetta var beinasta leiðin." Klettanibbur eru við Bæjargilið þar sem Hundafoss fellur niður. Þar er áin fremur mjó en stutt er fram af þverhníptri brúninni. Vatnið rennur um nibburnar og



SF-088:146, á mynd til vinstri er horft til vesturs en til suðurs á mynd til hægri

þó vaðið sé stutt virðist það hættulegt. Bæjargilið er vaxið birki og öðrum gróðri. Í því eru nokkrir frægir fossar og mikill umferð ferðamanna er á þessum slóðum. Þar sem nibburnar eru, við brún fossins er áin aðeins 2-3 m á breidd.

Ekki sést gata að eða frá ánni en líklegt er að vaðið hafi verið farið á leið í Oddstorfu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Skaftafell, 239-240

SF-088:147 *Hempustíflur* heimild um 64°01.234N 16°58.811V

Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Rétt fyrir neðan Magnúsarfoss, tæplega mitt á milli fossanna, eru stíflur í læknum frá ómunatíð, kallaðar Hempustíflur. Ekki veit ég af hverju það nafn er dregið." Hempustíflur eru líklega um 30 m neðan (sunnan) við rafstöðina í Bæjargilinu og um 200 m austan við bæ í Bölta 003. Þær eru á milli Magnúsarfoss og Hundafoss. Bæjargilið er vaxið birki og öðrum gróðri. Í því eru nokkrir frægir fossar og mikill umferð ferðamanna er á þessum slóðum. Þar sem nibburnar eru, við brún fossins er áin aðeins 2-3 m á breidd.



SF-088:147, áætluð staðsetning. Á mynd til vinstri er horft til vesturs en á mynd til hægri til norðvesturs

Þar sem Hempustíflur eru gengur klettarani 3-4 m út í ána að austan og annar á móti að vestan, um 2 m neðar (sunnar). Á þessu svæði eru að auki nokkrir stórir steinar úti í ánni sem stinga nefum upp úr henni. Samtals rennur því áin á um 1,5 m breiðu á milli. Engin mannaverk sjást á þessum stað.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Skaftafell, 243

SF-088:148 heimild um vað

"Svo er Heygötufoss og Heygata [093] var vegur í gamla daga. Svo eru tveir fossar neðst, nafnlausir," segir í örnefnaskrá. Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Smáfossar eru í honum [Eystrilæk]. Neðst eru tveir fossar nafnlausir. Ofan við þá er Heygötufoss við Heygötu, gamla heybandsveginn, sem lá þar yfir lækinn." "Svo er Heygötufoss og Heygata var vegur í gamla daga. Svo eru tveir fossar neðst, nafnlausir," segir í örnefnaskrá. Heygötufoss er um 330 m ASA við bæ í Bölta 003. Ofan við hann eru fremur þverhníptir bakkar niður að ánni. Stuttu ofar er nú göngubrú á henni og samkvæmt Bjarna Jakobssyni fyrrum ábúanda í Skaftafelli var Heygötuvaðið líklega á svipuðum slóðum og hún er nú en hvorki sjást ummerki um vaðið eða götuna (093). Árbakkarnir eru grónir kjarri og runnagróðri. Engin ummerki sjást til götunnar eða vaðsins lengur.

Heimildir: Skaftafell, 244

SF-088:149 heimild um rétt 64°03.470N 17°02.507V

Í bók Þórðar Tómassonar, Skaftafelli segir: "Heitir gilið Eystragil og dalurinn Austurdalur. Gilið er einnig nefnt Réttargil, því fjárrétt var byggð við það, vestanmegin

niður við sandinn [052], Fjallsféð var réttað í henni á vorin. Mér var sagt að fram undir síðustu aldamót eða jafnvel öllu lengur hafi verið réttað í helli neðst í þeim gilkjafti. Nú mótar aðeins fyrir honum, svo mjög hefur landið hækkað þarna á skömmum tíma af framburði." Fast sunnan við þar sem Eystragili sleppir að austanverðu sést hellir hálfgrafinn í sandinn. Hellirinn er um 30 m norðan við réttina 052 en um 4,6 km norðvestan við Selsbæ 038, fast austan við Réttargil og ofan við Heitulæki.

Hellirinn eða hellisskútinn er um 3 m hár en engar mannvistarleifar eru í honum eða við hann. Hann nær 1-2 metra inn í gljúfrið og er mjög víður. Hann er nú að stórum hluta á kafi í árframburði (möl) en ekki er víst að þetta sé sá hellir sem var réttað í. Ekki sjást aðrir skýrir hellar á svæðinu. Áin rennur nú mjög nálægt honum og eru malarbakkar á þessum slóðum.

Hættumat: hætta

Heimildir: Skaftafell, 252

SF-088:150 heimild um leið

"Neðan undir skriðurnar eru gjótur sem heita Innriskriða og Gláma en um þær lágu örðugar leiðir sem farnar voru til að ná kindum frá jökuljaðrinum og upp á heiðina," segir í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1993. Leiðirnar voru ekki skráðar sumarið 2012.

Heimildir:ÁFI 1993, 63


SF-088:151 tóft beitarhús 64°03.773N 17°01.146V

Tóft er norðarlega í Bæjarstaðaskógi, um 5,5 km norðvestur af bæ 002 í beinni loftlínu. Tóftin minnir að mörgu leyti á dæmigerð fjár- eða beitarhús en Jack Ives sem skoðaði hana í einni af heimsóknum sínum í Skaftafell taldi að þetta væri sú tóft sem Ragnar í Skaftafelli fann á seinni hluta 20. aldar og taldi forna. Jack birti ljósmynd af henni og kynnir hana sem slíka í bók sinni um Skaftafell. Hið rétta er að sú tóft sem hér er skráð og hann myndaði er að líkindum beitarhúsatóft frá lokum 19. aldar. Hin eldri tóft er skráð undir númerinu 061. Tóftin sem hér er skráð er um 5,5 km í beina loftlínu til norðvesturs frá bæ 002 og um 70 m neðan eða austan við tóft 061.



SF-088:151. A myndunum sést vel hvernig gróður er að sprengja vegghleðslur og færa tóftina á kaf

Tóftin er á stalli í þéttum birkiskógi. Birki vex allt í kring og á og í veggjum tóftarinnar og er hún illgreinileg af þeim sökum. Tóftin samanstendur af stóru hólfi A, litlu afhýsi sunnan þess B og stuttu garðlagi til suðurs C. Allt svæði er 16-17 x 11 m og snýr NNA-SSV. Hólf A er nyrst. Það er 6,5 x 3 m að innanmáli en mjókkar eftir því sem innar dregur og er innst um 2 m. Hólfið er langmest áberandi á svæðinu. Það er grafið inn í brekkuna þannig að ytri brún veggja er óskýr en gróflega má áætla ytri stærð hólfsins 9 x 6 m. Hólfið snýr gróflega austur-vestur og op er á miðjum austurvegg og er það 1,2 m á breidd. Timbur er í tóftinni á tveimur stöðum. Vegghleðslur standa best í 1,5 m hæð.



Tóft SF-088:151

Aðeins er hrunið úr hleðslunum á stöku stað hefur hrunið úr hleðslum, t.d. við op tóftarinnar. Við suðurhorn stærra hólfsins, A er byggt lítið hólf eða tóft inni í brekkuna, B. Hún er í raun byggð undir suður (eða suðausturhorn) tóftar. Austurhluti hólfsins lítur út eins og dæmigert, grjóthlaðið hólf en vesturhlutinn minnir helst á "helli" og er líkt og það undirstingi stærra hólfið. Þar er dýpt litla hólfsins 1,6 m og hluti í raun eins og undir þaki, stungið inn í brekkuna. Þar er ein þakhella upp á rönd. Óljós grjóthleðsla liggur til suðurs frá minna hólfinu. Hleðslan er grjóthlaðin og 7-8 m löng og liggur í brekkunni.

Hættumat: stórhætta, vegna trjágróðurs

Heimildir: Skaftafell í Öræfum, 114-115, Skaftafell (Jack Ives), 60-61




SF-088:152, á mynd til vinstri er horft til norðvesturs en til hægri til norðurs

SF-088:152 tóft beitarhús

64°03.036N 17°03.617V

Falleg tóft er í skóginum í suðausturhlíð Jökulfells um 5,4 km í beina loftlínu til VNV frá gamla bænum í Skaftafelli 002. Tóftin er í mjög þéttum birkiskógi sem hallar til suðausturs. Lækjarspræna rennur 8-10 m norðan við tóftina.

Tóftin er einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 8 x 5 m stór og op er á miðjum suðausturvegg. Að innanmáli er



Tóft SF-088:152

tóftin 5 x 2,5 m. Norðvesturstafn er hlaðinn upp í "ás" þ.e. hann er um 1 m á hæð til beggja enda en í miðjunni nær veggurinn 1,7 m hæð. Tóftin er talsvert niðurgrafin, sérstaklega inn í brekkuna (til norðvesturs). Þar er hæð ytri brún veggja og niður á jafnsléttu um 0,2 m en innri brún og niður í botn er 1,8 m. Grjóthleðslur sjást víða í tóftinni, mest 8 umför og víða upp í 1,2 m hæð. Mænisásinn hefur hrunið niður í tóftina og auk hans sjást 2-3 stórir trédrumbar í tóftinni. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin þjónaði en helst er að giska á að hún hafi verið beitarhús/sauðahús. Birki vex bæði fast utan við tóftina og í veggjum hennar og er hún í stórhættu af þeim sökum.
Hættumat: stórhætta, vegna trjágróðurs
Heimildir:Öræfi I, teikning 26

SF-088:153 hús 64°01.255N 16°58.814V
Rafstöðvarhús sem byggt var árið 1925 stendur enn í Bæjargili. Það er um 585 m suðaustan við bæinn í Seli 038 en um 200 m austan við Bölta 003. Húsið er 1-2 m vestan við ána og stígur fyrir ferðamenn liggur að því. Húsið er á milli Magnúsarfoss og Hundafoss, tæpum 40 m sunnan við þann fyrrnefnda. Á texta inn í rafstöðvarhúsinu segir: "Rafstöðin í Bæjargili var byggð árið 1925 af Skaftfellskum hagleikssmiðjum. Þeir öfluðu sér upplýsinga um hvernig ætti að smíða túrbínur og vatnsaflvirkjanir og notuðu til þess byggingarefni sem skolað hafði á land úr skipsbrotum. Það sem þeir gátu ekki smíðað sjálfir pöntuðu þeir að utan. Rafstöðin framleiddi rafmagn fyrir bæði Bölta og Sel og var í notkun til ársins 1973. Hún er dæmigerð fyrir þær fjöldamörgu rafstöðvar sem byggðar voru í sveitum Íslands á fyrri hluta 20. aldar en með tilkomu þeirra snarbötnuðu lífsgæði landsmanna. Rafstöðin var endurbyggð árið 2001 af heimamönnum í Skaftafelli. Hún þykir gott dæmi um virkjun í góðri sátt við umhverfið."
Rafstöðvarhúsið og mannvirki því tengd eru á undirlendi í Bæjargili sem er fremur bratt og birkivaxið á þessum slóðum.



SF-088:053, á mynd öllum myndum er horft til norðurs nema á mynd efst til hægri þar sem horft er til NNV á mynd efst til vinstri

Húsið samanstendur af tveimur burstum. Það er um 7 x 6 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hurð er vestast á austurgafli og franskir gluggar á báðum stöfnum. Húsið er úr timbri, grjóti og bárujárni með grasivöxnu þaki. Húsið var gert upp nýlega og er túrbína inni í því. Vatn er leitt inn í það að aftan, úr brekkunni þar. Húsið er byggt inn í brekkuna. Rafvír liggur frá því og yfir gilið um 5 m ofan við (norðan við) húsin. Húsið telst ekki til fornleifa í laganna skilningi en er fagur vitnisburður um áhugaverða þróun í Íslandsögunni og er því skráð. Mannvirki sem tilheyra rafveitunni eru einnig ofan við Magnúsarfoss og neðan við göngubrú yfir Bæjargilið. Þar er steinsteypt stífla og hlaðin renna í brekkurótum sem hlaðin er úr stóru grjóti að hluta til en að hluta til steypt. Að stærstu leyti er mannvirkið neðanjarðar, þ.e. steinsteypt plata er yfir því og yfir það er gróið. Þessi mannvirki eru á um 30 m kafla. Líklega voru mannvirkin gerð í tengslum við endurbyggingu rafstöðvarinnar og ekki er ljóst í hversu miklu mæli þau eru sambærileg eldri mannvirkjum.


Hættumat: engin hætta

SF-088:154 gerði kálgarður 64°03.442N 17°02.925V

Gerði, sýnilega gamall kálgarður, er í Bæjarstaðaskógi, við Heitulæki sem eru sunnan til í Vestragili. Brött brekka mót austri. Garðurinn er á tungu milli lækja. Annar þeirra rennur fast sunnan við tóftina og er volgur. Annars er þetta autt svæði í skógi en þó vaxa fáein tré í tóftinni.



SF-088:154, á mynd til vinstri er horft til norðausturs en á mynd til hægri til norðurs



Garðurinn er alls um 16 x 6,5 m stór frá austri til vesturs eða því sem næst, og liggur niður brekkuna. Hann er nokkurn veginn ferkantaður og hlaðið gróflega víðast hvar í kring með lágri grjóthleðslu, 1-2 umför af grjóti. Þó er engin hleðsla að sunnanverðu nema á smáspotta. Smáhleðsla er í læknum fast sunnan við garðinn en ekki ljóst hvort hún hefur þjónað sérstöku hlutverki. Blautt er neðst í garðinum, í norðausturhorninu á smábletti, nánast mýrarblettur. Ekki er vitað hvenær garðurinn var í notkun en sennilegt það hafi verið seint á 19. öld eða í upphafi þeirrar tuttugustu.

Hættumat: engin hætta

SF-088:155 tóft hlaða 64°01.234N 16°59.009V

Tóft er 30-40 m norðaustan við bæinn á Bölta 003. Tóftin er á iðagrænni hólbungu. Þetta er súrheystóft samkvæmt Heiðari Jakobssyni en þó aldrei í notkun í hans minni. Þetta er dæld sem er um 5 m í þvermál, óregluleg en þó nálægt því að vera hringlaga. Hlaðið hefur verið meðfram henni nema að sunnanverðu. Hleðslan er algróin, 0,3-0,5 m há og fremur lítil um sig. Að henni meðtalinni er mannvirkið 6-7 m í þvermál. Ofan eða norðan við tóftina markar fyrir ferkantaðri dæld sem gæti hugsanlega verið gamall kálgarður - mjög óljós ummerki. Fornleifavernd ríkisins skráði tóftina árið 2004.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 12

SF-088:156 gryfja brunnur 64°01.452N 16°59.568V

Hola, hugsanlega gamall brunnur, er rúma 50 m beint ofan eða NA við núverandi í íbúðarhús á Hæðum, að líkindum nálægt vesturenda gamla bæjarstæðisins. Mjög grösug brekka. Hér sést ekki annað en hola sem er á kafi í grasi en regluleg og grenileg, um 1 x 1 m í þvermál. Alls ekki er víst að hér hafi verið brunnur en í það minnsta verður að teljast líklegt að holan sé manngerð.



SF-088:156, horft til suðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

SF-088:157 heimild um rétt 64°01.045N 16°58.909V

Í bók Þórðar Tómassonar Skaftafell segir: "Neðsti hluti gilsins [Bæjargils/Vesturgils] hefur mjög breytt um svip frá því sem var um miðja 19. öld. Hafa Skeiðarárhlaupin verið þar að verki. Það var sögn Jóns Einarssonar í Hæðum að þarna hefði verið í gilkjaftinum

geysistór hellir, sem Skaftfellingar ráku inn í sauðfé í smölun. Hafði hellirinn verið það stór að hann tók allt safnið. Einhverjar hleðslur voru fyrir framan til að kreppa að fénu. Jón mundi vel eftir þessu frá uppvaxtarárum sínum í Svínafelli um og fyrir 1860. Þetta var allt komið í sandinn um aldamótin 1900 og síðan hefur landið mikið hækkað þarna." Við mynni gilsins er nú malareyri að austan. Þetta er skammt austan við Lambhaga 144. Malareyri. Klettabelti eru við gilkjaftinn að austan og vestan.



SF-088:157, á mynd til vinstri er horft til norðausturs en til austurs á mynd til hægri

Austan megin er hellir, grunnur en 8-10 m hár og ámóta breiður. Óvíst er að hann hafi nokkuð með hinn, stóra hellinn að gera, enda virðist hann alveg horfinn fyrir löngu. Annars er ekkert að sjá á staðnum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Skaftafell, 238

SF-088:158 heimild um kálgarð

Inn á túnakort Bölta frá því um 1920 er merktur kálgarður um 120 m VNV af rétt og fjárhúsum 007. Ætla má að hann hafi verið fast sunnan við núverandi veg að Seli, ef ekki undir honum. Þar er nú skógarþykkni. Staðurinn var einvörðungu skoðaður á loftmynd en ekki sjást þar greinileg merki hans. Ef til vill má finna hleðslur á vettvangi ef vel er leitað.

Hættumat: hætta, vegna trjágróðurs

Heimildir:Túnakort frá því um 1920

SF-088:159 *Kvíguból* örnefni ból

"Af sumum er þetta svæði nefnt Kiðjatungur og mun það vera eldra nafn. (Kiðjaleiti,

Kiðjaklettur). Neðan til í þeim, vestan til, er gildrag með hellisskúta, nefnt Kvíguból," segir í örnefnaskrá. Í Skaftafelli Þórðar Tómassonar segir: "...miðsvæðis sunnan í fellinu eru Vestasta-, Mið- og Austasta-Hamragil og Hamragilsaxlir milli þeirra. Sumir hafa nefnt þetta landsvæði Kiðjatungur og enn aðrir Kiðjaleiti, sem mun ágiskun manna, sem finna vildu stað Kiðjaleit Þorgerðar landnámskonu, er greinir frá í Landnámu. Byggir þetta á því að neðan til í Hamragilsöxlum vestan til er gildrag með hellisskúta, sem nefndur er Kvíaból" Ekki er ljóst hvort heimahlaðan var stakstæð en hér verður þó að telja líklegast að hún hafi einfaldlega verið hluti af bæjarröðinni, sjá 021. Örnefni sem innihalda "ból" vísa stundum á mannvirki og eru því tekin með á fornleifaskrá. Í Skaftafellssýslum virðist hins vegar raunin vera að slík örnefni séu oft gefin svæðum þar sem skepnur halda til en vísi síður en svo alltaf til mannvirkja. Ekki reyndist unnt að staðsetja Kvíguból.

Heimildir:Ö-Skaftafell, 2 og Skaftafell 251

SF-088:160 heimild um kvíar

Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Kýr voru látnar liggja úti á sumrin nema ef eitthvað var að veðri og þá yfirleitt mjólkað á stöðli [frá Hæðum]." Ekki er vitað hvar stöðullinn var.

Heimildir: Skaftafell, 116

SF-088:161 heimild um hlöðu

Í bókinni Skaftafell eftir Þórð Tómasson segir: "Heimahlaðan [í Hæðum 021] var langbandareist." Ekki er nú vitað nákvæmlega hvar Heimahlaðan var.

Í Skaftafelli stendur einnig: "Heimahlaðan var langbandareist. Stoðirnar skiptu henni í þrjá hluta eftir endilöngu. Miðhlutinn nefndist áll en geilar til hliða. Venja Stefáns í Skaftafelli var að setja kúaheyið í álinn og eystri geilina. Allaf var kastað fyrst í álinn. Þar var taðan borin upp svo sem til vannst. Hestahey fékkst af vallendi og mýrardrögum utan túns. Var jafnan reynt að sæta því til að þurrka það vel. Það var sett í vestri geilina. Heyjað var innan um viðinn niður frá bænum og borið upp þaðan."

Heimildir: Skaftafell, 114


SF-088:162 tóft fjárhús
64°01.160N
16°58.757V



SF-088:009 tóft í felum í þéttum skógi, horft til norðurs

Tóft, líklega af fjárhúsum er um 150 m sunnan við fjárhústóft 008, ríflega 700 m suðaustan við Selsbæ 038 en um 260 austan við Böltabæ 003..

Tóftin er í grasi grónu túni í aflíðandi halla til suðurs. Runnagróður er á stöku stað í túninu. Austan við túnskikan tekur við halli að Austurgili en vestan við hann er Bæjargil og túnið er því á einskonar tungu á milli giljanna. Oddatúnin eru komin í miklar órækt og trjágróður er byrjaður að herja á túnið þó að það sé að mestu laust við trjágróður ennþá. Túnin eru í halla. Tóftin er á grasi gróinni hæð þar sem talsverð sina og njóli er en allt umhverfis er birki og runnagróður.



Fjárhústóft SF-088:009. Teikning byggð á frumgögnum frá Minjastofnun Íslands

Tóftin er um 12 x 6-7 m stór, er einföld og snúa nálega norður-suður.

Gengið hefur verið inn í tóftina að

sunnan og þar er hún svo óskýr að ekki er ljóst hvort þil hefur alveg verið fyrir suðurvegg eða hvort op hefur verið á honum miðjum. Veggir tóftar eru hlaðnir úr grjóti en eitthvað hrundir. Þeir eru á kafi í mosa og þrengir trjágróður að auki verulega að tóftinni og kemur í veg fyrir að hægt sé að komast inn í hana. Sökum þessa var erfitt að skoða, lýsa eða stika tóftina með nokkurri nákvæmni. Frá tóftinni gengur bogadregið garðlag til norðvesturs og norðurs í um 20 m að grjótgarði 067. Afar erfitt var að rekja bogadregna garðinn þar sem þéttur skógur er nú á honum og allt í kring. Fornleifavernd ríkisins skráði og mældi upp tóftina árið 2004. Í óútgefinni skýrslu þeirra segir: "Hleðslur er enn mjög heillegar en eitthvað farnar að hrynja inn á við. Timbur og bárujárn er enn í tóftinni. Um 10 m ofan tóftarinnar meðfram göngustígnum liggur garðlag A-V á milli gilbrúna [sjá 067]. Garðlagið er myndað af einfaldri grjótröð stórra steina. Frá þessum grjótgarði liggur annar grjót- og torfhlaðinn garður í boga til austurs sem mætir tóftinni í norðvesturhorni."

Hættumat: stórhætta, vegna trjágróðurs

Heimildir: Fornleifavernd ríkisins skýrsludrög um Skaftafell, 15

V. Ágrip af byggðasögu[1]

Skaftafellsjarðarinnar er fyrst getið í Brennu-Njáls sögu en þar áformar Flosi Þórðarson að fá Höskuldi Hvítanesgoða bústað í Skaptafelli. Fátt er af því að ráða annað en að bújörð hafi verið þekkt þar á ritunartíma sögunnar, að líkindum á 13. öld. Jarðarinnar er getið í ýmsum fornum skjölum, fyrst í máldaga Hofskirkju í Öræfum árið 1343 en þá átti kirkjan hálft Skaftafell. Að líkindum hefur jörðin farið illa út úr Öræfajökulsgosi tæpum 20 árum síðar, en þá lögðust margar jarðir í Öræfum í eyði, a.m.k. um skeið. Skaftafells er þó getið aftur í skjölum fljótlega eftir gosið og hefur sennilega byggst upp fljótt aftur. Jörðin var talin 12 hdr. að dýrleika, ágæt sauðfjárjörð en lakari til heyskapar. Sjálfsagt hafa landgæði verið ýmsum breytingum undirorpin og ekki bara takmarkast af eldgosum. Sem dæmi má nefna að heimildir greina frá ágangi Skeiðarár sem flæddi oft um land jarðarinnar og varð þess m.a. valdandi að flytja þurfti bæjarstæðið oftar en einu sinni. Sömuleiðis var upprekstrarland sem jörðin átti í Freysneslandi talið óbrúkandi á 18. öld þar sem það var komið undir jökul. Heimildir greina frá tveimur öðrum bæjum innan þeirrar landareignar sem nú telst til Skaftafells. Vestan Skaftafells var Jökulfell (053), líklega undir hlíðum samnefnds fjalls þar sem nú er Bæjarstaðaskógur en talið er að Skeiðará hafi eytt landi jarðarinnar. Freysnes (101) hét önnur bújörð sem fór að líkindum í eyði á miðöldum, jafnvel í Öræfajökulsgosinu 1362. Talið hefur verið að bærinn hafi staðið á söndunum suðaustan við Skaftafell og hefur verið giskað á að nafnið gæti tengst þinghaldi í Skaftafellslandi, en Skaftafellsþings er getið í Brennu Njáls sögu þótt engin vitneskja sé nú um hvar þingstaðurinn var nákvæmlega.

Saga bæjarstæða í Skaftafelli er margbrotin. Í upphafi er talið að Skaftafellsbærinn hafi staðið einhverstaðar niðri á söndunum sunnan við Gömlutún en það bæjarstæði er óþekkt í dag (sjá 001). Ekki er vitað nákvæmlega hvenær bærinn var færður upp í brekkurætur eða nær Gömlutúnum en þangað var hann þó kominn árið 1814 þegar Ebenezer Henderson fór um svæðið (sjá 002). Þá var enn hátt frá söndum að bæ en Skeiðará bætti sífellt í og ógnaði bæjarstæðinu. Nú sjást þar aðeins óverulegar leifar af bakveggjum, sennilega úr bæjarhúsum. Eggert Ólafsson

[1] Byggt á heimildum sem eru tilteknar nánar á viðeigandi stöðum í kaflanum *Fornleifaskrá*.

og Bjarni Pálsson segja frá ævafornum bæjaleifum í Skaftafelli um miðbik 18. aldar en leyfa sér samt að draga í efa þá almennu trú að bæjarhúsin séu ævaforn eða jafnvel frá 11. öld. Þeim þykir bæði stærð bæjarins óvenjuleg sem og sú staðreynd hluti innviða er úr rauðgreni. Hæpið er að draga af því mjög miklar ályktanir en þó er hugsanlegt að Skaftafellsbærinn hafi þá enn verið niðri á flatlendinu og því verið fluttur í Gömlutún á bilinu milli 1750 og 1800 eða þar um bil. Í upphafi 19. aldar bjó í Skaftafelli Bjarni Jónsson og mun bær hans hafa staðið neðst í Gömlutúnum (sjá 002). Árið 1818 gerði Brynjólfur Þorsteinsson, tengdasonur Bjarna, tilraun til að byggja upp bæ í Hæðum en varð að fresta því vegna heilsuleysis og fluttist brott. Rúmlega tveimur áratugum síðar, um 1830, flutti hann aftur í Skaftafell og byggði þá lítinn bæ ofarlega í Gömlutúnum sem stóð aðeins um þriggja áratuga skeið (til 1864) en var þá flutt upp í Hæðir. Rétt eftir 1830, þegar Bjarni Jónsson lést, var jörðinni, sem fram að því hafði verið einbýli, skipt upp í þrjá parta. Þá byggði Jón, sonur Bjarna, bæinn í Seli (038), en talið er að þar hafi áður verið haft í seli frá Skaftafellsbænum. Bölti (003) byggðist nokkru síðar eða laust fyrir 1850 og má vera að búið hafi verið neðst í Gömlutúnum (002) fram að því. Ekki er vitað til þess að á Bölta hafi staðið bær eða önnur mannvirki fyrir þann tíma.

Af þessu stutta yfirliti má sjá að það búsetulandslag sem nú sjást hvað mest merki um í Skaftafelli er tiltölulega ungt, að mestu leyti til komið eftir miðja 19. öld. Fram að þeim tíma hefur svæðið uppi í hæðunum verið nytjaland frá Skaftafellsbænum, sem hefur væntanlega haft mest umsvif í Gömlutúnum og nágrenni, í það minnsta eftir að kom fram á 18. öld. Þjóðgarður í Skaftafelli var stofnaður árið 1967 og eftir það dróst hefðbundinn búskapur saman og lagðist endanlega af árið 1988. Ástæða þess að búskapur lagðist af var ekki einungis nýtt hlutverk staðarins heldur hentuðu túnin illa fyrir vélvæddan nútímabúskap, voru brött og undirlendi almennt takmarkað.

VI. Helstu niðurstöður

Með þessari skýrslu fæst í fyrsta sinn yfirlit yfir allar þekktar fornleifar í Skaftafelli. Í þessum kafla verður farið yfir helstu niðurstöður skráningarinnar. Það skal tekið fram að nokkrir staðir sem eru langt utan þjóðgarðsmarka voru ekki heimsóttir á vettvangi þótt heimildir um þá séu tíundaðar í skýrslunni.



Gamli tíminn í Skaftafelli. Kýr á beit árið 1938. Í bakgrunni sést bærinn í Hæðum lengst til vinstri. Ljósmyndari Helgi Arason. Birt með leyfi Þjóðminjasafns Íslands.

Í upphafi var áætlað að verkefninu lyki með útgáfu á smáriti fyrir ferðamenn um fornleifar á svæðinu en aðeins fengust hlutar af umbeðnum styrkjum í verkið. Ákveðið var að leggja aðaláherslu á að ljúka skráningu í þjóðgarðinum og skila ítarlegri skýrslu um minjar þar. Með skýrslu þessari er hins vegar lagður grunnur að frekari kynningu sem síðan má útfæra nánar í samstarfi við þjóðgarðs- og minjayfirvöld. Óhætt er að fullyrða að ýmis tækifæri geti verið fólgin í því að kynna minjastaði fyrir ferðamönnum í Skaftafelli. Með því má bæði miðla

þekkingu um sögu og búskap á svæðinu og í Öræfum í heild en ekki má síður nota minjastaði til að vekja athygli á samspili manns og náttúru, t.a.m. hvernig var að



Hér sést afrakstur skógarhöggs í tóft 014 í Gömlutúnum. Neðri myndin er tekin við fornleifaskráningu haustið 2012 (horft í suður) en sú efri snemma vors 2014 (horft í norður).

búa í nábýli við vatnsfall á borð við Skeiðará og hvernig skógræktartilraunir og beit/friðun hafa haft áhrif á gróðurfar og ásýnd lands.

Ein helsta niðurstaðan skráningarinnar þessi: Ef stefnt er að verndun og kynningu minja í Skaftafelli er nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að huga að varðveislu búsetulandslags í heild og þar með að hefta útbreiðslu skóga í gömul,

ræktuð tún og aðrar búsetuminjar. Nú þegar (vor 2014) hefur verið gripið til þess ráðs að fjarlæga tré úr rústum í Gömlutúnum, sem er frábær viðleitni í þessa átt.
Alls hefur verið safnað heimildum um 162 minjastaði í landi jarðarinnar en á vettvangi voru skráðir alls um 130 staðir. Yfirlit yfir helstu hlutverk minjastaða má sjá hér að neðan en þess má geta að ekki koma fram hlutverk allra einstakra bygginga, t.d. þeirra sem eru sambyggð bæjarhúsum:

Hlutverk fornleifar	**Fjöldi**
beitarhús	5
brunnur	3
bæjarstæði/ bæjarhólar/ bústaðir/býli	9
fjárhús	13
fjárskýli	4
hesthús	3
kolagröf	2
kálgarður	16
kvíar	4
leiðir	19
mylla	2
rafstöð	2
refagildra	2
rétt	6
stekkur	3
túngarður	5
útihús	14
vörslugarður	2

Byggingaleifar (tóftir, garðlög, þústir o.fl.) sjást á alls rúmlega 80 stöðum en víða eru minjar horfnar eða fundust ekki af ýmsum ástæðum - oftast var þó ört vaxandi birkiskógi eða miklum lággróðri um að kenna.

Dreifing og gerð

Langhæst hlutfall minjastaða var að finna í gömlu heimatúnunum. Mikill fjöldi minja var skráður umhverfis bæjarstæðin þrjú: Hæðir, Sel og Bölta og ekki síður í hinu gamla Skaftafellstúni suðaustan við bæina þrjá sem enn standa, Gömlutúnum eins og þau nefnast. Gömlutún eru ein mikilvægasta minjaheildin sem enn er varðveitt í Skaftafelli, en þar stóð gamli Skaftafellsbærinn fram undir miðja 19. öld þegar jörðinni var skipt upp í þrennt og nýir bæir byggðust uppi í hæðunum norðvestar. Bæjarstæðin sjálf: Hæðir, Bölti og Sel eru mikilvægir minjastaðir en umhverfis þau í túnum og túnjöðrum er fjöldi minja; fyrst og fremst leifar útihúsa (fjárhúsa, hesthúsa, rafstöð) en einnig leifar af kálgörðum, réttum, kvíum og garðhleðslum af ýmsu tagi. Nokkur hús voru endurbyggð á árunum 1970-1982 í samstarfi við Þjóðminjasafn. Ber þar helst að nefna bæjarhúsin í Seli og útihús þar á bæjarhlaðinu kring en einnig var dyttað að fjárhúsum frá Bölta (007) og sömuleiðis smiðju sem stendur austast í bæjarröðinni á Bölta. Síðar, í þjóðgarðsvarðartíð Ragnars Franks Kristjánssonar, voru uppi hugmyndir um að endurreisa stór hesthús norðan við Bölta (004) en því verki var aldrei lokið. Að lokum var rafstöð í Bæjargili (153) endurreist af heimamönnum árið 2001.

Endurbygging gamalla húsa getur verið skemmtileg leið til að varðveita og miðla menningararfinum. Slík leið er þó ein sú kostnaðarsamasta og tímafrekasta sem hægt er að fara í minjavörslu og rétt að horft sé til enda áður en hún er valin. Best væri ef þjóðgarðurinn markaði sér stefnu í samvinnu við minjayfirvöld og fagfólk um það hvaða húsum ætti að halda við til frambúðar og hvaða hlutverki þau ættu að gegna í heildarmynd staðarins, ekki síst ef til stæði að þróa frekar sýningaraðstöðu í Seli.

Þegar komið er út fyrir tún verða minjastaðir mun strjálli. Flestir þeirra tengjast beitarnytjum og má þar helst nefna fjárborgir í skóginum vestan við Hæðir (127 og 128) og sömuleiðis Tanghúsin (095) sem eru beitarhús frá Bölta á hæðarbrún langt austur frá bæ. Allir þessir staðir teljast í hættu vegna ört vaxandi skógar. Að auki má nefna að þónokkrir athyglisverðir minjastaðir eru í Bæjarstaðaskógi og Morsárdal. Einkum eru þetta minjar um beitarnytjar og sauðfjárhald, s.s. beitarhús og fjárréttir (sjá 132, 151, 052, 050, 152) en einnig voru skráðar rústir með óþekkt hlutverk (061 og 131). Sömuleiðis er hið forna bæjarstæði Jökulfells (053) á

þessum slóðum þótt nákvæm staðsetning sé óþekkt. Á þessu svæði eru ótvíræðir möguleikar til kynningar minja, enda margir sem leggja leið sína í Bæjarstaðaskóg.

Ógnir

Náttúrulegur birkiskógur hefur vaxið gríðarlega í Skaftafelli á undanförnum áratugum, bæði vegna algerrar friðunar fyrir beit en einnig vegna hlýnandi veðurfars. Þennan gríðarlega vöxt má greina með því að skoða gamlar ljósmyndir en sömuleiðis má benda á að munur sést á rótfestu trjáa í tóftum nú og þegar starfsmenn Fornleifaverndar ríkisins fóru á staðinn árið 2004. Þessi uppgangur skógarins ógnar minjum á ýmsum stöðum og hefur sums staðar fært þær á kaf (ekki síst gamlar leiðir) eða umturnað landslagi svo að erfitt er að átta sig á örnefnum og landsháttum og þar með að finna minjastaðina. Stærsta einstaka minjasvæðið sem er í mikilli hættu vegna birkiskógarins eru Gömlutún ofan við tjaldsvæðið, en þar eru bæði gömul bæjarstæði og útihúsatóftir sýnilegar og sennilegt að fleiri minjar leynist undir sverði. Þetta eru elstu heildstæðu búsetuminjar sem vitað er um í Skaftafelli en fyrirsjáanlegt þótti haustið 2012 að þær myndu hverfa í skóg á nokkrum áratugum ef ekkert yrði að gert. Í maí árið 2014 komu höfundar þessarar skýrslu við í Gömlutúnum á ferð sinni um Suðurland og höfðu þá starfsmenn þjóðgarðsins tekið til við að fjarlæga birkitré úr tóftum og sömuleiðis var búið að útbúa fræðsluskilti sem biðu uppsetningar (sjá myndir af tóft bls. 165). Fróðlegt verður að fylgjast með þessum tilraunum til að hefta útbreiðslu skógarins og viðhalda gömlu menningarlandslagi.

Fleiri minjar eru í hættu vegna skógar, t.d. nokkrir minjastaðir í útjaðri á túnum bæjanna þriggja sem sjást t.d. á kortum 4 og 5. Skógurinn vestan við Hæðir er orðinn svo að segja ófær vegna mikils vaxtar og stígar sem hægt var að ganga fyrir nokkrum árum síðan eru horfnir á löngum köflum. Á þessu svæði voru a.m.k. þrjár fjárborgir (127, 128 og 108) þar sem fé var haft á vetrum og fundust rústir tveggja þeirra, Böltaborgar og Einarsborgar en þess er ekki langt að bíða að skógurinn gleypi þær endanlega - auk þess er hluti af Böltaborg að hrynja fram af geysiháu moldarbarði. Tanghús (095), beitarhús sem tilheyrðu Bölta eru í hættu vegna trjágróðurs þótt ekki sé svæði vaxið jafn þéttum skógi og í námunda við áður nefndar fjárborgir. Að síðustu skal hér minnst á nokkrar rústir sem áður var getið (sjá bls. 168) í Bæjarstaðaskógi, en þar er skógurinn af nokkuð öðrum toga -

ekki jafn þéttur en á hinn bóginn eru trén há með gildum stofnum og rætur þeirra eru víða teknar að sprengja sundur grjóthleðslur og -veggi.

Ekki er víst að hægt sé að bjarga öllum þeim minjum sem ör vöxtur skógar ógnar. Hins vegar er ljóst að mikilvægt er að grípa til mótvægisaðgerða til að unnt sé að varðveita mikilvægar rústir víða á svæðinu. Mótvægisaðgerðir hljóta að felast í því að halda skóginum í skefjum, ýmist með handafli eins og nú hefur verið reynt í Gömlutúnum og/eða skepnubeit.

Tillögur

Nú þegar eru minjar mikilvægur þáttur í ásýnd Skaftafells: Selið hefur mikið aðdráttarafl og fleiri hús sem hafa verið endurgerð, s.s. rafstöðin í Bæjargili. Áningarstaður er í Lambhaga (144) neðst í brekkunum, í gamalli fjárrétt þar sem síðar fóru fram skógræktartilraunir. Troðningar eftir gesti og gangandi eru til vitnis um að þeir eru forvitnir um húsa- og mannvirkjaleifar og leggja leið sína oft að slíkum stöðum sem eru í sjónfæri við stíga og velta vafalaust vöngum yfir því hvað hafi farið þar fram. Í Skaftafelli eru ótal tækifæri til að miðla þekkingu um sögu og búskap og uppfylla þannig ákvæði laga um þjóðgarðinn þar sem segir orðrétt:

> Markmiðið með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs er að vernda landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar svæðisins og gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru þess og sögu. Auðvelda skal almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er án þess að náttúra hans spillist og veita fræðslu um náttúru, sögu og mannlíf svæðisins.[2]

Vandinn er sá að að náttúruvernd með algerri friðun og verndun búsetulandslags og menningarminja fara ekki alltaf fullkomlega saman, enda verður búsetulandslag til undir áhrifum mannsins. Að fornleifaskráningu í Skaftafelli lokinni er ljóst að það ætti að vera algert forgangsatriði að þróa leiðir til að ná stjórn á útbreiðslu og

[2] Lög um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007.

vexti birkiskógarins á afmörkuðum svæðum og halda völdum leiðum um skóginn opnum.

Hér verða gerðar nokkrar tillögur að kynningu minja í Skaftafelli. Slíkar hugmyndir þarf að þróa áfram í samræmi við óskir heimafólks, þjóðgarðs- og minjayfirvalda um framtíð þjóðgarðsins. Þess má geta að kynning minjastaða getur þjónað fleiri hlutverkum en fræðslu og verndun, einnig gætu með því móti orðið til nýir áfangastaðir sem væru til þess fallnir að draga úr álagi annarstaðar.

1) Nú þegar hefur verið útfært stígakerfi um Gömlutún með viðkomu á helstu rústastöðum þar sem sagt er stuttlega frá búskap og þróun byggðarinnar í Skaftafelli í sambýli við Skeiðará. Spennandi væri að framkvæma lágmarksrannsóknir til að grafast nánar fyrir um upphaf byggðar á þessum stað og upphleðslu árframburðar á söndunum framanvið.
2) Ryðja mætti leiðir um skóginn vestan við Hæðir, jafnvel að rústum Einarsborgar og Böltaborgar (127 og 128). Skógurinn á þessum slóðum er gríðarlega fallegur en nánast ófær vegna trjávaxtar. Þar mætti einnig segja frá skógarnytjum, en gert var til kola á þessu svæði fram á 20. öld.
3) Gera mætti stíg að rústum Tanghúsa (095) austur í hæðarbrúninni og gera þar áfangastað "milli stíga" sem nú þegar eru til staðar. Með því mætti fræða fólk og dreifa umferð meira í þessum hluta þjóðgarðs.
4) Í túnum umhverfis Sel og Bölta eru óteljandi möguleikar á miðlun, enda mest af rústum og mannvistarleifum þar. Hugmyndir hér þyrfti að útfæra í samhengi við miðpunkta svæðisins og mögulegar hugmyndir um notkun á bæjarhúsum í Seli eða í Bölta. Meðal þess sem skiptir máli í þessu samhengi er aðkoma fólks að þessum gömlu búsetusvæðum, enda ekki gert ráð fyrir bílaumferð eða bílastæðum uppi í brekkunum. Á þessu svæði er mest hætta á átroðningi vegna ferðamanna og nauðsynlegt að stýra umferð þeirra um svæðið með þar tilgerðum stígum og vegvísum.
5) Miklir möguleikar eru á minjakynningu í Bæjarstaðaskógi, s.s. mætti stika gönguleiðir milli beitarhúsa og gönguleið að Skeiðarárjökli, þar sem farið var yfir á jökli áður en áin var brúuð. Þá eru nokkrar dularfullar rústir með óþekkt hlutverk á svæðinu, sem jafnvel hafa verið settar í samband við útilegumenn,

og síðast en ekki síst leynist hið týnda bæjarstæði Jökulfells einhverstaðar undir hlíðum samnefnds fjalls.

Við kynningu minja mætti fara ýmsar leiðir, hefðbundnar sem óhefðbundnar. Það mætti hugsa sér smárit eða minjakort, lág skilti sem trufla ekki sjónlínu, jafnvel með kóðum sem er hægt að skanna inn með snjallsíma til að nálgast ítarefni um staðina. Hér má til dæmis nefna gömul túnakort, ljósmyndir og jafnvel hljóðskrár á vefnum www.ismus.is þar sem m.a. má nálgast upptökur af frásögnum Ragnars Stefánssonar af löngu horfnu lífi, skessum og huldufólki í Skaftafelli svo eitthvað sé nefnt.

Heimildaskrá

ÁFÍ 1937: Magnús Björnsson (1937). „Lönd og leiðir í Austur Skaftafellssýslu“. *Árbók Ferðafélags Íslands: Austur-Skaftafellssýsla*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

ÁHÍF 1971: Þór Magnússon. (1971). „Skýrsla um Þjóðminjasafn 1970“. *Árbók hins íslenska fornleifafélags 1971: 137-150*.

ÁHÍF 1975: Þórður Tómasson. (1975). „Föng til búmarkafræði“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1979:91-102.*

ÁHÍF 1979: Gísli Gestsson. (1979). „Eldhús í Hæðum í Skaftafelli“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1975:95-101.*

ÁHÍF 1979: Þórður Tómasson. (1979). „Viðauki Búmarkaþáttar“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1979:181-183.*

ÁHÍF 1980: Þór Magnússon. (1980). „Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1979“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1980: 130-144.*

ÁHÍF 1982: Þór Magnússon. (1982). „Skýrsla um Þjóðminjasafnið 1982“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1982:200-213.*

ÁGÓ: Ágúst Ó. Georgsson (ritstjóri) (1990). *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*.

Reykjavík: Fornleifanefnd og Þjóðminjasafn Íslands.

BAS III: Magnús Björnsson (1976). *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu III*.
Reykjavík: Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar.

Bsk: *Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenzka bókmenntafélagi* I-II. 1858-1878.

Kaupmannahöfn.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* I-XVI, (1853-1976). Kaupmannahöfn og Reykjavík.

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823* (1983). Reykjavík: Sveinbjörn Rafnsson gaf út.

FSP: *Ferðabók Sveins Pálssonar : dagbækur og ritgerðir 1791-1797* (1945). Jón Eyþórsson (ritstjóri). Reykjavík: Snælandsútgáfan.

Hjörleifur Guttormsson og Oddur Sigurðsson (1997*). Leyndardómar Vatnajökuls: víðerni, fjöll og byggðir: stórbrotin náttúra, eldgos og jökulhlaup*. Reykjavík: Fjöll og firnindi.

Ives, Jack D (2007). *Skaftafell í Öræfum: Íslands þúsund ár.* Reykjavík : Ormstunga

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* 1-13. Kaupmannahöfn (1913-43). Reykjavík (1990).

JJ: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*. (1847). Kaupmannahöfn.

ÍF I-XIV: *Íslenzk fornrit I-XIV.* (1936-1986). Reykjavík.

KK: Kristian Kålund. (1984-86). *Íslenzkir sögustaðir I-IV*. Reykjavík : Örn og Örlygur.

Lög um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007

SSS: Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. (1997). Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson sáu um útgáfuna. Reykjavík: Sögufélag.

Sturlunga saga I-II. (1946). Reykjavík.

Þorsteinn Guðmundsson. (2005). „Skessan í Skaftafelli.“ *Glettingur 15(2-3)*: *75-79.*

Þórður Tómasson. (1980). *Skaftafell: þættir úr sögu ættarseturs og atvinnuhátta*. Reykjavík: Þjóðsaga.

Öræfi (I): opmåling og registrering i det sydøstlige Island. (1974). Aarhus : Arkitektskolen i Aarhus.

*Öræfi II : opmåling og registrering i det sydøstlige Island***.** (1978). Aarhus: Arkitektskolen i Aarhus.

Óprentaðar heimildir:

Björn Gísli Arnarson et. al (1999). *Menningarminjar í Öræfum Austur-Skaftafellssýslu: svæðisskráning*. Byggðasafn Austur-Skaftafellssýslu.

Bæjateikning danskra landmælingamanna 1906. Landmælingar Íslands.

Túnakort frá um 1920. Þjóðskjalasafn Íslands.

Tölvupóstur frá Bjarna Jakobssyni 18.03. 2013

Ö-Skaftafell. Ókunnur skrásetjari. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum,

örnefnasafn.

Kort af þjóðgarðinum í Skaftafelli sem unnið var vegna deiliskipulags. Varðveitt á skrifstofu Þjóðgarðsvarðar í Skaftafelli.

Óútgefin skýrsludrög um fornleifar í Skaftafelli, afhent sumarið 2012. Fornleifavernd ríkisins. Skrásetjarar Agnes Stefánsdóttir og Guðný Zöega. Varðveitt á Minjastofnun Íslands.

Ljósmyndir úr Ljósmyndasafni Þjóðminjasafns Íslands:

HA-514 eftir Helga Arason. Tekin árið 1936 af Ragnari og Jóni Stefánssonum með gamla bæinn í Hæðum í bakgrunni.

HA-705 eftir Helga Arason. Tekin árið 1938. Kýr á beit með bæinn í Hæðum í bakgrunni.

Skg-2114 eftir Gísla Gestsson. Tekin árið 1971 af endurbótum í Selinu.

Skg-2197 eftir Þór Magnússon. Teikn árið 1972 af Oddatúni.

Skg-4096 eftir Guðmund Ólafsson. Tekin árið 1978 af rafstöð vestan við Hæðir.

Vefheimildir

http://www.ismus.is/i/audio/id-1027235

http://www.thjodminjasafn.is/minjar-og-rannsóknir/husasafn/husin-kort/nr/342

Munnlegar heimildir/heimildamenn

Anna María Ragnarsdóttir í Freysnesi, fyrrum búsett í Hæðum

Bjarni Jakobsson á Höfn, uppalinn í Bölta

Guðmundur Ögmundsson, aðstoðarþjóðgarðsvörður í Skaftafelli

Heiðar Jakobsson Reykjavík, uppalinn í Bölta

Laufey Lárusdóttir í Freysnesi, fyrrum ábúandi í Hæðum.

Mjöll Snæsdóttir fornleifafræðingur, Reykjavík.

Ragnar Frank Kristjánsson Borgarnesi, fyrrverandi þjóðgarðsvörður í Skaftafelli

Regína Hreinsdóttir, Hæðum, þjóðgarðsvörður í Skaftafelli


Þorsteinn Jakobsson Ólafsvík, uppalinn í Bölta.

VIÐAUKI:MINJAKORT


Fornleifar merktar inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. nema annað sé tekið fram.

Kort a-d eru byggð á gömlum túnakortum frá því um 1920

Yfirlitskort



Kort 1: Fornleifar í Morsárdal og nágrenni



Kort 2: Fornleifar í Vesturheiði og nágrenni

N

088108
088128
088085b
088127
088085
088086
088062
088064
088060A
088060C
088060B
088049
088090
088063
088065
088035
088030
088036
088037
088033
088029
088133
088139
088042
088046
088060D
088140
088122

Skýringar

- Fornleifar
- Garðar/gerði
- Leiðir
- Stígakerfi þjóðgarðs

0 150 300

metrar

Kort 3: Fornleifar í Austurheiði og nágrenni

N

088123

088094

088095

088104

Skýringar

Leiðir

Fornleifar

Stígakerfi þjóðgarðs

Garðar/gerði

0 300 600

metrar

Kort 4: Fornleifar í og við Hæðir og Sel

N

088028
088138
088027
088034
088134
088032
088041
088072
088024
088066
088156
088021
088023
088031
088120
088068
088025
088073A
088040
088073
088039
088038
088070
088075
088045
088071
088043
088125
088026
088016
088044
088078
088018
088105
088105b
088015
088007
088017
088006
088088A
088076
088019
088088B

Skýringar

- Fornleifar
- Garðar/gerði
- Leiðir
- Stígakerfi þjóðgarðs

0 50 100

metrar

Kort 5: Fornleifar í og við Bölta og Oddatún

N

088083
088015
088007
088017
088006
088126
088121
088153
088008
088147
088155
088004
088005
088077
088011
088009
088003
088092
088012
088020
088146
088010
088130
088082
088067
088093
088079
088013
088084
088162
088080
088145

Skýringar

- Fornleifar
- Garðar/gerði
- Leiðir
- Stígakerfi þjóðgarðs

0 50 100

metrar

Kort 6: Fornleifar í Gamlatúni og nágrenni

N


088081
088118
088022
088014
088115
088143
088089
088144
088099
088157
088100
088097
088096
088109
088110
088106
088113
088002


0 45 90
metrar

Skýringar

- Fornleifar
- Garðar/gerði
- Leiðir
- Stígakerfi þjóðgarðs


Aukakort - minjar utan þjóðgarðsmarka







Efri mynd: Túnakort fyrir Sel og Hæðir frá því um 1920. Mannvirki á því eru merkt með fornleifnúmerum, sjá skýrslu. Neðri mynd: Útlínur kortsins lagðar ofan á loftmynd úr vefsjá þjóðgarðsins. Athugið að skekkja er í gamla kortinu og því lenda útlínur húsa oftar á röngum stöðum eftir því sem fjær dregur bæjum.





Efri mynd: Túnakort fyrir Bölta frá því um 1920. Mannvirki á því eru merkt með fornleifanúmerum, sjá skýrslu. Neðri mynd: Útlínur kortsins lagðar ofan á loftmynd úr vefsjá þjóðgarðsins. Athugið að skekkja er í gamla kortinu og því lenda útlínur húsa oftar á röngum stöðum eftir því sem fjær dregur bæjum.